


**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR**

*Kynnist Vatnajökuls-þjóðgarði í sumarfríinu*

• á ferðinni

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**EYÞÓR INGI**

*Verður hinn full-komni karlmaður*

Leikur Rocky í Rocky Horror Picture Show

**FÓLK 42**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. júlí 2009 — 154. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Borgarleikhúsið fær liðstyrk



Jörundur Ragnarsson bætist í sístækkandi leikhóp.

**FÓLK 42**

### Michelsen í hundrað ár



Framleiða á ný Michelsenúrin sem J. Frank Michelsen seldi í upphafi tuttugustu aldar.

**TÍMAMÓT 28**

### Löglegt? Siðlegt!

„Íslensk stjórnvöld gáfu í þrí- eða fjórgang misvísandi og óljósar yfirlýsingar til hollenskra og breskra yfirvalda", skrifar Höskuldur Þórhallsson.

**UMRÆÐAN 26**

### Pepsi-deild karla



Framarinn Sam Tillen er leikmaður 9. umferðar hjá Fréttablaðinu.

**ÍÞRÓTTIR 38**

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT HÆGUR** Í dag verða sunnan 5-8 m/s vestan til, annars hægviðri eða hafgola. Bjart með köflum norðaustan og austan til annars skýjað og sums staðar lítilsháttar væta. Hiti 12-22 stig.

**VEÐUR 4**








**LÍFIÐ ER STUTT EN LISTIN LÖNG** Gestir og gangandi voru ýmist í skýjunum eða sjöunda himni með götulistamanninn Wally, sem sýndi listir sínar á Lækjartogi í mildu veðri gærdagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Þjóðin sögð ráða við ábyrgðina á Icesave

**Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er þess fullviss að frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave verði samþykkt á Alþingi. Forystumenn stjórnarandstöðunnar segja birtingu trúnaðargagna í gær ekki breyta andstöðu sinni í málinu.**

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á blaðamannafundi í gær að það hvarfli ekki að henni að frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave-samningsins verði fellt á Alþingi.

Á blaðamannafundi forsætisráðherra með Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra og Gylfa Magnússyni viðskiptaráðherra í gær var kynnt að trúnaði væri aflétt af 68 skjölum sem tengjast Icesave-málinu og að þingmenn fái aðgang að 24 öðrum skjölum.

Jóhanna sagði ríkisstjórninni hafa verið nauðugur einn kostur að semja um Icesave. Steingrímur sagðist hafa miklar áhyggjur af stöðunni ef Alþingi felldi samninginn. „Það er ekki einu sinni víst að menn myndu byrja á byrjunarreit," sagði hann.

Viðskiptaráðherra sagði fráleitt að halda því fram að þjóðin réði ekki við skuldbindingar sínar vegna Icesave-ábyrgðarinnar.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar sögðust í gær ekki hafa skipt um skoðun á málinu þrátt fyrir birtingu trúnaðargagnanna.

> Það er ekki einu sinni víst að menn myndu byrja á byrjunarreit.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**
> UM NÝJA SAMNINGAGERÐ, VERÐI FRUMVARPIÐ FELLT.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, kvað frumvarpið tilraun ríkisstjórnarinnar til að réttlæta samning sem hún hafi komist að niðurstöðu um og um leið tilraun til að varpa frá sér ábyrgð. Á því hefði verið haldið eins og venjulegum lánssamningi en ekki milliríkjadeilu.

Birgitta Jónsdóttir, formaður þingflokks Borgarahreyfingarinnar, sagðist hafa styrkst í andstöðu sinni við samninginn. Farsælast fyrir þjóðina væri að semja að nýju.

„Það er algjörlega ótækt og stórhættulegt að ríkið taki á sig þessar skuldbindingar," sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins.

Frumvarpið var kynnt í þingflokkum stjórnarflokkanna um helgina og tók þar nokkrum breytingum áður en það fór fyrir ríkisstjórn á mánudag. Nefna má auknar skýringar á endurskoðunarákvæðum, betrumbót á skuldaþoli og skýringar á eftirlitshlutverki Fjármálaeftirlits og Seðlabanka í aðdraganda hruns. Frumvarpið verður rætt á þingi á morgun. Einhver andstaða er enn fyrir hendi innan vinstri grænna, en heimildir blaðsins herma að æ fleiri þingmenn sjái samninginn sem einu færu leiðina.

**- gar, kóp, kg /** **sjá síður 2 og 4**

Andlát poppstjörnu:

## Lík Jacksons sýnt gestum

**BANDARÍKIN Jarðneskar leifar poppsöngvarans Michaels Jacksons verða til sýnis á morgun fyrir gesti Neverland-búgarðsins, þar sem Jackson bjó í átján ár.**

**Í frétt CNN kemur fram að lík Jacksons, sem lést síðastliðinn fimmtudag af völdum hjartaáfalls, verði flutt til búgarðsins í dag. Jackson bjó á búgarðinum frá árinu 1987 til 2005.**

**Einnig kemur fram að erfðaskrá Jacksons, sem hann á að hafa ritað árið 2002, sé komin í leitirnar. Innihald hennar hefur ekki verið gert opinbert. - kg**







## SPURNING DAGSINS



*Gissur, er hálaunafólkið ekki með nógu ríka réttlætiskennd?*

„Ég veit ekki til þess að það sé neitt samband milli launa og réttlætiskenndar, en það segir í gömlum málshætti að margur verði af aurum api.“

Greint var frá því Fréttablaðinu í gær að tugir manna fengju greidda hálfa milljón á mánuði í laun fyrir hálft starf og þægju jafnframt atvinnuleysisbætur vegna skerts starfshlutfalls. Gissur Pétursson er forstjóri Vinnumálastofnunar.

Sprengjuárás setti mark sitt á hátíðarhöld vegna brotthvarfs bandaríska hersins:

# 250 látnir á tíu dögum í Írak

**ÍRAK, AP** Bílsprengja varð að minnsta kosti 27 manns að bana í borginni Kirkuk í Írak í gær. Mikil hátíðarhöld höfðu verið og Írakar héldu upp á nýjan fullveldisdag sinn, sem hafði verið lýst yfir að yrði 30. júní, vegna brotthvarfs Bandaríkjahers frá borgum landsins sem lauk á mánudag. Aðeins nokkrum klukkustundum fyrr höfðu fjórir bandarískir hermenn verið drepnir í átökum í Bagdad.

Sprengjan sprakk á fjölmennum markaði í borginni. Yfirvöld segja að minnsta kosti 40 særða. Sprengingin var sú síðasta af fjölmörgum í landinu síðustu daga. Alls hafa 250 manns látið lífið í sprengingum síðan 20. júní. Talið var líklegt að hryðjuverkamenn myndu nýta sér brotthvarf Bandaríkjahers. Forsætisráðherrann Nouri al-Maliki fullvissaði þó Íraka um að yfirvöld væru vel í stakk búin að taka við öryggis- og löggæslu í borgum landsins.

Enn eru um 130 þúsund bandarískir hermenn í Írak, en ekki hefur verið greint frá því hversu margir þeirra verða eftir í borgum landsins til þess að veita þjálfun og ráðgjöf.

Stefnt er að því að bandarískar herdeildir verði að fullu farnar frá landinu í lok ársins. **- þeb**



**BANDARÍSKUR HERMAÐUR** Herinn fór frá borgum Íraks á mánudag. Enn eru þó 130 þúsund bandarískir hermenn í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Væntingavísitala Capacent:

# Yngsti hópurinn svartsýnni

**KÖNNUN** Aukin svartsýni Íslendinga á aldrinum 16 til 24 ára vegur þyngst í lækkun Væntingavísitölu Capacent Gallup, sem birt var í gær. Vísitalan mælist tólf prósentum lægri en í fyrri mánuði og stendur nú í 26,4 stigum.

Væntingar neytenda drógust saman í júní annan mánuðinn í röð. Yngsti aldurshópurinn í könnun Capacent Gallup hefur hingað til verið hvað bjartsýnastur, en væntingar fólks á þeim aldri dagast saman um 27 stig frá því í fyrri mánuði.

Vísitalan mælir væntingar neytanda til efnahags- og atvinnulífsins. **- kg**



**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Níu sækjast eftir að setjast í stól leikhússtjóra Þjóðleikhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umsóknarfrestur runninn út:

# Níu vilja í þjóðleikhússtjórann

**MENNING** Umsóknarfrestur er nú runninn út um stöðu leikhússtjóra Þjóðleikhússins. Tíu sóttu um stöðuna, en einn dró umsókn sína til baka. Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri sækist eftir endurskipun.

Aðrir sem sóttu um eru: Ari Matthíasson leikari, Hilmar Jónsson leikstjóri, Hlín Agnarsdóttir leikstjóri og rithöfundur, Kolbrún Halldórsdóttir leikstjóri, Magnús Ragnarsson framleiðandi, Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra á Fréttablaðinu, Sigurður Kaiser framkvæmdastjóri og leikhúshönnuður og Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri. Skipað er í embættið til fimm ára. **- kóp**

Viðskipti og efnahagsmál:

# Hlé á útgáfu Markaðarins

Hlé verður gert á útgáfu Markaðarins, vikurits Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, yfir sumarmánuðina.

Markaðurinn hóf göngu sína í júníbyrjun 2005 og hefur komið út óslitið síðan. Útgáfuhlé nú er gert í hagræðingarskyni vegna breyttra efnahagsaðstæðna og minna svigrúms en áður til að bregðast við sumarleyfum.

Eftir sem áður sinnir Fréttablaðið fréttum og annarri umfjöllun af vettvangi viðskipta og efnahagslífs. **- óká**

# Ætla að urða um 800 tonn af færiböndum

**Impregilo lætur urða færibönd sem notuð voru við Kárahnjúka á Austurlandi á næstunni. Umhverfisstofnun stöðvaði urðunina tímabundið, en hefur nú gefið grænt ljós. Íslensk lög og reglur reynast enn vanmegnug segir formaður NÍ.**

**UMHVERFISMÁL** Ítalska verktakafyrirtækið Impregilo ætlar að láta urða færibönd sem notuð voru til að koma grjóti og möl upp úr aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar.

Færibandinu, sem var um hálfur metri á breidd, hefur verið rúllað upp í um 200 rúllur, sem hver um sig er um fjögur tonn. Samanlagt verða því um 800 tonn af gúmmíi, um fimmtíu vörubílshlöss, urðuð á urðunarstað Fljótsdalshéraðs á Tjarnarlandi á næstunni.

Umhverfisstofnun fékk ábendingu 12. júní um að til stæði að urða gúmmíið. Stofnunin lét stöðva urðunina tímabundið meðan kannað var hvort heimilt væri að urða svo mikið magn af gúmmíi, segir Kristinn Már Ársælsson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar.

Kristinn segir að við skoðun sérfræðinga stofnunarinnar hafi komið í ljós að löglegt væri að urða færiböndin, og hinn 16. júní hafi grænt ljós því verið gefið. Ólöglegt er að urða venjuleg bíldekk, en það er til að ýta undir endurvinnslu.

„Það er auðvitað ekki heppilegt hversu mikið er urðað af rusli almennt, en það er ekkert í reglum um urðunarstaði sem mælir gegn því að þetta sé urðað,“ segir Kristinn.

„Mér finnst þetta ekki vera sú aðferð sem við eigum að viðhafa,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands (NÍ). Eðlilegast væri að sækja þyrfti um leyfi til að urða þennan úrgang. Dekkjaverkstæðum sé ætlað að endurvinna bíldekk, og sama ætti líklega að gilda um þennan úrgang.



**URÐ OG GRJÓT** Færiböndin sem notuð voru til að færa möl og grjót upp úr aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar verða nú urðuð. MYND/LANDSVIRKJUN

Árni segir þetta enn eina birtingarmynd þess að íslensk lög og reglur séu vanmegnug þegar komi að málum tengdum verktakafyrirtækinu Impregilo.

Skoða þurfi löggjöfina í nágrannalöndunum og stoppa í götin hér á landi.

„Það reyndist einfaldlega ekki efnahagslega hagkvæmt,“ segir Richard Graham, fulltrúi Impregilo á Íslandi, spurður hvers vegna böndin voru ekki nýtt í öðrum verkefnum Impregilo eða seld.

Hann segir böndin hafa verið mikið notuð og þar af leiðandi verið farin að veikjast. Þá sé kostnaður við að senda þau úr landi mikill.

„Við reyndum okkar besta til að koma böndunum í endurvinnslu, þetta er svo mikið magn að manni finnst ekki rétt að urða þau, en það reyndist ekki mögulegt,“ segir Graham. Böndin séu stálbundin og því illmögulegt og afar dýrt að endurvinna þau.

brjann@frettabladid.is



**SKAMMAÐI ÞINGHEIM** Ólína líkti þingmönnum við börn í skólastofu sem ekki gætu haft hljóð á meðan aðrir töluðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrrum skólameistari á þingi:

# Tyfti þingmenn fyrir háreysti

**ALÞINGI Ólínu Þorvarðardóttur var nóg boðið á þingi í gær og kvartaði yfir frammíköllum og látum í þing-sal. Hún var ekki ein um það, áður hafði Álfheiður Ingadóttir einnig kvartað yfir því að fá ekki frið til að svara spurningum í pontu.**

**Ólína, sem er fyrrum skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, sagði þingsal minna á skólastofu og hvatti hún forseta til að taka á agamálum á meðal þingmanna sem hrópuðu og kölluðu á meðan aðrir töluðu. Undir ræðu hennar mátti heyra nokkur frammíköll og taldi Ólína þau sanna mál sitt enn frekar. - kóp**

Þorsteinn Gunnarsson hættir:

# Lyklavöld afhent nýjum rektor

**MENNTAMÁL** Þorsteinn Gunnarsson, fyrrverandi rektor Háskólans á Akureyri, framkvæmdi síðasta embættisverk sitt í gær. Það var að hengja upp minningarskjöld um Þorbjörgu Finnbogadóttur.

Þorbjörg ánafnaði háskólanum andvirði íbúðar sinnar í fyrra og var fjármununum varið í að byggja upp aðstöðu til fjarkennslu.

Að því verki loknu afhenti Þorsteinn hinum nýja rektor, Stefáni B. Sigurðssyni, lyklavöldin. Þorsteinn hefur verið rektor við Háskólann á Akureyri frá árinu 1994. **- vsp**






Þingmenn stjórnarandstöðu ósáttir við frumvarp um Icesave-skuldirnar:

# Farsælast að samið yrði aftur

**EFNAHAGSMÁL** „Ef eitthvað er hef ég enn styrkst í þeirri trú að allt of mörg vafaatriði séu í þessu máli. Aðalatriðið er að þetta er óráðsía, og það hjálpar ekki lánshæfismati landsins að lofa því að borga eitthvað sem við getum ekki staðið við,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Borgarahreyfingarinnar, um frumvarp um ábyrgð ríkissjóðs vegna Icesave-skuldanna sem lagt var fyrir Alþingi í gær.

Birgitta segir ljóst að hún geti ekki stutt samninginn. „Farsælast fyrir þjóðina væri ef samið væri að nýju, og samninganefndin yrði ráðin á faglegum forsendum en ekki pólitískum.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, telur frumvarpið tilraun ríkisstjórnarinnar til að réttlæta samning sem hún hefur komist að niðurstöðu um, og tilraun til að varpa frá sér ábyrgð á málinu. „Á þessu máli hefur verið haldið eins og um venjulegan lánssamning væri að ræða, en ekki lausn á milliríkjadeilu,“ segir Bjarni.

„Það er algjörlega ótækt og stórhættulegt að ríkið taki á sig þessar skuldbindingar,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. „Allt sem sagt hefur verið um málið hefur ekki reynst rétt. Nú er ekki verið að tala um milli þrjátíu og hundrað milljarða sem falla á íslenska ríkið heldur á bilinu 309 til 521 milljarðs. Þar skiptir meginmáli að þetta er í erlendri mynt og umfram getu okkar til að afla gjaldeyris. **- kg**



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Kringlan
Opið 10–18 í dag
Útsala!
Úllen, dúllen, doff!
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

**GENGIÐ 30.06.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,71 | 127,31 |
| Sterlingspund | 210,44 | 211,46 |
| Evra | 178,91 | 179,91 |
| Dönsk króna | 24,021 | 24,161 |
| Norsk króna | 19,797 | 19,913 |
| Sænsk króna | 16,519 | 16,615 |
| Japanskt jen | 1,3215 | 1,3293 |
| SDR | 196,67 | 197,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**218,1939**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðskiptaráðherra:

## Icesave okkur alls ekki ofviða

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir vissulega ekki fagnaðarefni að vera kominn í þá stöðu sem þjóðin er í vegna Icesave. Það sé hins vegar fráleitt að láta eins og þjóðin ráði ekki við þetta.

Hann bendir á að hámarksskuldbinding vegna Icesave sé um 4 milljarðar evra og við það bætist vextir. Á móti komi eignir Landsbankans gamla. Varfærið mat á þeim sé að þær dugi fyrir um 3 milljörðum evra af 4, líklega þó meira. Út af standi 1 milljarður og 1 milljarður að auki í vexti, samtals 2 milljarðar evra. Sé ekki gert ráð fyrir neinum vexti í útflutningi á samningstímanum verði verðmæti útflutnings þó 80 milljarðar króna á sama tíma. Sé vöxturinn helmingur þess sem hann var síðustu 15 ár megi reikna með vel á annað hundrað milljörðum í útflutningstekjur. Icesave eitt og sér verði því ekki meira en 2,5 til tæplega 2 prósent af útflutningstekjum á samningstímanum. **- kóp**

Fyrrum ríkisskattstjóri:

## Dregur úr líkum á málsókn

Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir að samningarnir dragi úr líkum á því að einstaklingar í Hollandi og Bretlandi hefji mál til að hnekkja forgangskröfum. Þjóðirnar séu með stærstu kröfuhöfum og því sé það þeirra hagur að forgangskröfur haldi sér.



**INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON**

Þá segir Indriði að fyrir helgi hafi sá kvittur komið upp að hollenska ríkisstjórnin mundi styðja slíka málssókn. Fjármálaráðherrann hafi hins vegar borið það til baka og lýst því yfir að hollenska ríkið mundi ekki styðja slíka málssókn. **- kóp**

## ICESAVE-GÖGNIN OPINBERUÐ



**ICESAVE-FUNDUR RÁÐHERRA** Forsætisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra kynntu opinberun trúnaðargagna í Icesave-málinu á blaðamannafundi í Alþingishúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ekki til neitt plan B

**Forsætisráðherra segir það ekki hvarfla að sér að Alþingi samþykki ekki ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Engin áætlun sé um hvað eigi þá til bragðs að taka. Fjármálaráðherra segir ekki hægt að fá hagstæðari samning.**

„Ég tel mig ekkert þurfa neitt Plan-B," sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í gær aðspurð á blaðamannafundi hvaða áform ríkisstjórnin hefði, samþykki Alþingi ekki Icesave-samninginn.

Forsætisráðherra sagði það ekki hvarfla að sér að málið yrði fellt á Alþingi. „Ég hef fulla trú á því að málið verði samþykkt. Og ef það kemur einhver slík spurning upp þá svörum við henni þegar þar að kemur," sagði Jóhanna.

Aflétt var trúnaði af 68 skjölum, sem tengjast Icesave-málinu, í gær. Að auki fengu alþingismenn einir aðgang að 24 öðrum trúnaðarskjölum sem forsætisráðherra sagði ekki unnt að sýna almenningi vegna kröfu viðsemjenda Íslendinga.

### Nauðugur einn kostur

„Það að aflétta trúnaði af öllum þessu gögnum er til marks um það að ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á það að öll gögn sem kostur er verði opinber í þessu máli til þess að almenningur, þingmenn, fréttamenn og aðrir geti kynnt sér út í þaula allt sem viðkemur þessu stóra máli," sagði Jóhanna Sigurðardóttir. „Það er sannfæring mín að þegar farið hefur verið yfir þessi gögn þá mun það sýna að ríkistjórnin var nauðugur einn kostur að gera þá samninga sem hafa verið gerðir og það var ekki að mínu mati og ríkisstjórnarinnar hægt að víkjast undan því."

Þá sagðist Jóhanna ekki telja að með Icesave-samningnum sé verið að velta byrðum á framtíðina þótt vissulega sé um að ræða mjög þungan bagga fyrir þjóðina. „Útreikningar sýna að skuldabyrði Íslendinga verður mest núna á næstu árum áður en að kemur til þess að við þurfum að greiða af þessu Icesave-láni," sagði hún.

### Aftur fyrir byrjunarreit

Steingrímur J. Sigfússon fjármálráðherra sagðist sannfærður um að ekki væri hægt að ná betri samningi ef Alþingi fellir samninginn. „Ég hef miklar áhyggjur af þeim aðstæðum sem uppi yrðu ef menn höfnuðu þessari niðurstöðu og reyndu að byrja upp á nýtt. Það er ekki einu sinni víst að menn myndu byrja á byrjunarreit. Ætli andrúmsloftið yrði nú ekki ansi þungt í okkar garð eftir langar og strangar viðræður ef við hlypum frá niðurstöðunni," sagði fjármálaráðherra.

Aðspurður sagði Steingrímur mikla áhættu fólgna í því að hafa svo langt lán á breytilegum vöxtum. Svo sé um mörg önnur lán Íslendinga og áhættan hefði því magnast upp. Langtímavextir hafi verið í sögulegu lágmarki þegar gengið hafi verið frá Icesave-samningum. „Allar spár gera ráð fyrir því - og þær eru að styrkjast núna þessa dagana og vikurnar - að vextir fari nú hækkandi vegna þess að mikill halli er á ríkissjóðum vítt um heim og gríðarleg fjármögnunarþörf í hagkerfunum vegna þessa hallareksturs," sagði ráðherra.

### Dómstólar ekki í boði

Steingrímur sagði ljóst að ekki hafi verið unnt að vísa Icesave-deilunni fyrir dóm nema með samþykki Hollendinga og Breta. „Það var ekki í boði," sagði fjármálaráðherra sem kvað samningaleiðina þannig hafa verið þá einu færu. Ná yrði pólitískri niðurstöðu „Þetta var allt meira og minna í gadda slegið í október og nóvembermánuði."

**gar@frettabladid**
**kolbeinn@frettabladid.is**

## TÍMAÁS *

**1999 - DESEMBER** Ísland innleiðir tilskipanir Evrópusambandsins um innlánstryggingar. Tryggingarsjóður innistæðueigenda og fjárfesta stofnaður í kjölfarið. Ábyrgist innistæður upp að 1,7 milljónum króna.

**2002** Landsbankinn og Búnaðarbankinn seldir í hendur einkaaðila.

**2005 - MARS** Landsbankinn stofnar útibú í Bretlandi. Þar sem um útibú er að ræða ábyrgist íslenski tryggingarsjóðurinn innlánin.

**2006 - OKTÓBER** Landsbankinn opnar Icesave-reikninga í Bretlandi.

**2007** Landsbankinn stofnar útibú í Hollandi. Þar sem um útibú er að ræða ábyrgist íslenski tryggingarsjóðurinn innlánin.

**2008 - MAÍ** Landsbankinn opnar Icesave-reikninga í Hollandi.

**2008 - 20. ÁGÚST** Íslenska viðskiptaráðuneytið sendir breska fjármálaráðuneytinu bréf. Þar er fullyrt að íslenska ríkisstjórnin muni aðstoða Tryggingarsjóð við að fjármagna skuldbindingar sínar.

**2008 - 5. OKTÓBER** Afstaða Íslendinga ítrekuð í bréfi frá viðskiptaráðuneytinu.

**2008 - 6. OKTÓBER** Landsbankinn fellur. Heildarinnistæður á Icesave-reikningum í Bretlandi og Hollandi eru 1.244 milljarðar króna á núverandi verðlagi. Alþingi setur neyðarlögin.

**2008 - 7. OKTÓBER** Davíð Oddsson segir í Kastljósi að Ísland muni ekki borga skuldir óreiðumanna erlendis.

**2008 - 8. OKTÓBER** Geir H. Haarde forsætisráðherra gefur út yfirlýsingu: „Ríkisstjórnin ítrekar að ríkissjóður mun styðja Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta við öflun nægilegs fjár."
Bretar kyrrsetja allar eignir Landsbankans þar í landi.
Samningar hefjast í Reykjavík í sömu viku og bankarnir falla.

**2008 - 11. OKTÓBER** Samningar nást við Hollendinga um að tryggja lágmarksfjárhæð. Hollendingar heita láni með 6,7 prósent vöxtum.

**2008 - 27. OKTÓBER** FME gefur út yfirlýsingu um að Landsbanki geti ekki staðið við Icesave. Tryggingarsjóður verður greiðsluskyldur.

**2008 -14. NÓVEMBER** Samningar nást um umsamin viðmið í áframhaldandi samningum.

**2008 - 5. DESEMBER** Alþingi felur ríkisstjórn að leiða samningana til lykta.

**2009 - FEBRÚAR** Ný samninganefnd fundar. Hollendingar vísa í samkomulag um 6,7 prósent frá í október.

**2009 - 5. JÚNÍ** Samningar undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis.

**samkvæmt greinargerð frumvarpsins*




**Útsalan er hafin**
í Kringlunni
og Smáralind

POLARN O. PYRET
Kringlunni • Sími 568 1822 og Smáralind • sími 564 1822
www.polarnopyret.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**BEST NORÐAUSTAN OG AUSTAN TIL**
Enda þótt sumar spár séu ekki skellibjartar fyrir Norðaustur- og Austurland er að sjá að þar verði veðrið einna bjartast, hlýjast og hægviðrasamast. Hætt er þó við hafgolu og þokulofti við sjávarsíðuna en til landsins og fjarri sjó ætti að verða hið fegursta veður. Einhver væta kann að verða vestan og norð-vestan til en hún er lítil, síst þó á Vestfjörðum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Amsterdam | 25° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 27° |
| Eindhoven | 28° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 29° |
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 29° |
| New York | 27° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 28° |
| París | 30° |
| Róm | 30° |
| Stokkhólmur | 28° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Útsala

## Allar útsöluvörur

## 250-3000 kr

| Upphaflegt verð | Útsöluverð |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 250 kr. |
| ~~799-999~~ kr. | 500 kr. |
| ~~1.299-1.699~~ kr. | 1000 kr. |
| ~~1.999-2.499~~ kr. | 1.500 kr. |
| ~~2.999-3.999~~ kr. | 2.000 kr. |
| ~~4.499-6.999~~ kr. | 3.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað,skó og heimilisvöru, ekki raftæki, leikföng og húsgögn

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Myndir þú vilja vinna í frystihúsi í Færeyjum?*

| | |
|---|---|
| Já | 46,4% |
| Nei | 53,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú gaman af ræðukeppnum?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

vísir

Yfirlögfræðingur Kaupþings fékk 450 milljóna króna kúlulán frá bankanum:

# Hættir vegna fjölmiðlaumfjöllunar

**VIÐSKIPTI** Helgi Sigurðsson, yfirlögfræðingur Kaupþings, sagði upp störfum í bankanum í gær í kjölfar þess að DV birti upplýsingar úr lánabók Kaupþings. Þar kom fram að Helgi hafði fengið 450 milljóna króna kúlulán frá bankanum. Í umfjöllun DV er einnig sagt frá 893 milljóna láni til Kristjáns Arasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra viðskiptasviðs bankans og eiginmanns Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, varaformanns Sjálfstæðisflokksins.

Kaupþing hefur ákveðið að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmann af lánum þeirra. Það hefur þó ekki enn verið gert. Þó hefur verið vísað í Helga sem heimild fyrir því að sá gjörningur sé óafturkræfur.

„Í ljósi síendurtekinnar og villandi umræðu um aðkomu mína að ákvörðun um lán til starfsmanna gamla Kaupþings banka, tel ég ljóst að ekki geti skapast sá friður um störf mín fyrir bankann sem nauðsynlegur er,“ segir Helgi í yfirlýsingu. Þá tekur hann fram að hann hafi ekki komið að ákvörðun Nýja Kaupþings um hvernig farið sé með umrædd lán. „Helgi Sigurðsson hefur ekki tekið þátt í störfum núverandi stjórnar þegar starfsmannalán hafa verið rædd og sat ekki fundi þar sem ákvarðanir um þau voru teknar,“ segir í yfirlýsingu frá Kaupþingi, sem þakkar Helga vel unnin störf. **- sh**

### HVAÐ ER KÚLULÁN?

Kúlulán eru eingreiðslulán sem greidd eru í lok lánstíma. Hægt er að semja um greiðslu vaxta, hvort heldur er mánaðarlega, einu sinni á ári eða sem viðbót við höfuðstól á gjalddaga. Algengt er að lántakandi hafi endurfjármagnað kúlulán sín þegar gjalddagi rennur upp. Þau lán sem fjallað hefur verið um í kjölfar bankahrunsins hér eru með veð í þeim eignum sem keyptar eru fyrir lánin.

Skilanefnd Landsbankans:

# Lárus lætur af störfum

**VIÐSKIPTI Lárus Finnbogason hefur látið af störfum í Skilanefnd Landsbanka Íslands hf. að eigin ósk. Lárus hefur gegnt formennsku í nefndinni um tæplega níu mánaða skeið. Þetta kom fram í fréttatilkynningu frá Skilanefnd Landsbankans.**

**Lárus segir ástæður afsagnar sinnar eingöngu persónulegs eðlis. „Frá fyrsta degi hefur mikið álag fylgt starfinu, sem hefur gert það að verkum að ég hef ekki getað sinnt sem skyldi margvíslegum verkefnum hjá Deloitte, þar sem ég er meðeigandi. Ég mun nú hverfa þangað til starfa,“ segir Lárus.** **- bþa**






# Kvótabrask í skjóli umdeilanlegra laga

**Skýrsla laganema við Háskólann á Bifröst varpar ljósi á aðferðir útgerðarmanna við að nýta sér fiskveiðistjórnunarkerfið á umdeilanlegan hátt. Varaformaður sjávarútvegsnefndar spyr hvernig ráðherra hyggist bregðast við skýrslunni.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Kvótabrask útgerðarmanna vegna stórvægilegra galla á fiskveiðistjórnunarkerfinu veldur vannýtingu á tilteknum nytjastofnum og milljarðatapi þjóðarbúsins. Byggðirnar í landinu líða fyrir hráefnisskort og eftirlitsaðilar hafa brugðist hlutverki sínu.

Þetta er meðal niðurstaðna þeirra Finnboga Vikar og Þórðar Más Jónssonar, laganema við Háskólann á Bifröst, sem unnið hafa skýrslu um vissa þætti fiskveiðistjórnunarkerfisins. Í skýrslunni taka þeir Finnbogi og Þórður dæmi sem virðast sýna það svart á hvítu hvernig útgerðarmenn nýta verðlitlar tegundir til að geta leigt út aðrar verðmætari með tilheyrandi ávinningi. Úthafsrækja hafi til dæmis í flestum tilfellum verið leigð til að auka framsalsheimildir, eins og skýrsluhöfundar benda á að komi fram í skýrslu stjórnar LÍÚ 2007/2008. Er tegundum eins og rækju safnað með færslum á einstök skip til að leigja dýrari tegundir sem skipinu er úthlutað. Þannig er til dæmis mögulegt að leigja þorsk eða ýsu vel umfram það hlutfall sem leyfilegt var í upphafi fiskveiðiársins samkvæmt lögum. Þeir sem hafa áhuga á því að veiða úthafsrækjuna hafa enga möguleika til þess, þar sem veiðiheimildirnar eru bundnar hjá þeim sem kjósa að nýta þær ekki. Þjóðarbúið verður þannig af gríðarlegum verðmætum, að mati Finnboga og Þórðar.

Fiskistofa er harðlega gagnrýnd fyrir að leyfa ýmsar færslur á kvóta á milli skipa, og tekið er sem dæmi að slíkar færslur séu leyfðar þó að sýnt sé að viðkomandi skip hafi hvorki getu né tíma til að stunda veiðarnar. Fiskistofa hefur vísað gagnrýninni frá sér og vísar á löggjafann um svör við því hvort einstök atriði í framkvæmd laganna séu réttlætanleg.

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingar og varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, segir að allar þær upplýsingar sem hún hafi fengið við skriflegri fyrirspurn um aflaheimildir og tilfærslur á þeim staðfesti að verið sé að nota kvótakerfið á skjön við lögin. „Það er verið að nota þetta sem leiguliðakerfi með því að nýta glufur í lögunum. Í þessu er lokun kerfisins fólgin og óréttlæti þess að hluta til.“ Ólína beinir þeirri spurningu til ráðherra hvernig ráðuneyti hans ætli að bregðast við þeim upplýsingum sem nú séu komnar fram, sem hún segir marktækar og alvarlegar.

Ekki náðist í Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra við vinnslu fréttarinnar. **svavar@frettabladid.is**



**BRIMNES** Skip Brims hf. er tekið sem dæmi í skýrslunni um fiskveiðistjórnunarkerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FINNBOGI VIKAR**



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR**



**ÞÓRÐUR MÁR JÓNSSON**






Eignarhlutir í HS Orku og HS Veitu skipta um hendur:

# Reykjanesbær kaupir land og jarðhitaréttindi í Svartsengi

**EFNAHAGSMÁL** „Reykjanesbær er að kaupa land og jarðhitaréttindi til að tryggja að auðlindirnar séu í eigu almennings,“ segir Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Stjórn HS Orku samþykkti í dag að selja land og jarðhitaréttindi í Svartsengi til Reykjanesbæjar.

Einnig hefur verið samþykkt að Reykjanesbær kaupi allan hlut Geysis Green Energy í HS Veitu og á eftir kaupin 66,7 prósenta hlut í fyrirtækinu. Geysir Green kaupir hlut Reykjanesbæjar í HS Orku og á eftir kaupin 66 prósenta hlut. Auk þess kaupir Reykjanesbær landsvæði við Svartsengi á 940 miljónir af HS Orku.

Hitaveitu Suðurnesja var skipt upp í HS Orku og HS Veitu í vetur. HS Orka sér um vinnslu á rafmagni og heitu og köldu vatni. HS Veita sér hins vegar um sölu og dreifingu þess. Dreifingarsvæði HS Veitu er meðal annars Reykjanes, Garðabær, Árborg, Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður.

Árni segir að með þessum samningi sé Reykjanesbær að draga sig út úr öllum samkeppnisrekstri auk þess sem hann tryggi að jarðhitaréttindi séu í eigu íbúa.

Grindarvíkurbær hafði áður lýst yfir áhuga á kaupum á landsvæðinu við Svartsengi. Árni segir að hann sé viljugur til samningaviðræðna við bæinn um aðkomu þeirra að svæðinu. **-bþa**



**BÆKISTÖÐVAR HS ORKU** Reykjanesbær kaupir landssvæði við Svartsengi á 940 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


ÚTSALAN
ER HAFIN Í SMÁRALIND
30-70%
AFSLÁTTUR
OPIÐ Í DAG 11-19
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

## VEISTU SVARIÐ?



1 Yfir hvaða sund í Noregi lágu jarðgöngin þar sem fimm týndu lífinu á sunnudagskvöld?

2 Hvaða fyrrverandi handboltakappi ætlar að opna verslun með notaðan húsbúnað í Smáralind?

3 Hvernig lyktaði leik KR og Breiðabliks í Pepsi-deild karla á mánudag?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Hópur úr Menntaskólanum við Hamrahlíð hefur verið sendur í berklapróf:

# Nemandi veiktist af berklum

**HEILBRIGÐISMÁL** Nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð veiktist nýverið af berklum. Hópur fólks, einkum nemendur í skólanum, hefur verið sendur í berklapróf í kjölfarið. Endanlegar niðurstöður liggja þó ekki fyrir fyrr en í haust.

„Ég get staðfest að fyrir um það bil þremur vikum greindist berklaveiki hjá erlendum nema í Menntaskólanum við Hamrahlíð,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. „Hann er nú búinn í meðferð, kominn heim og líður vel.“

Haraldur segir að í slíkum tilvikum séu þeir sem verið hafa í nokkuð nánum samskiptum við viðkomandi prófaðir. „Prófin eru gerð hjá sóttvarnadeild heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins,“ bætir Haraldur við. „Nú hefur hópur nemenda verið prófaður. Ekkert óeðlilegt hefur komið út úr þessum prófum, enda skammt um liðið síðan þau voru gerð. Síðan verður sami hópur prófaður aftur í september.“



**MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ** Nemandi við skólann veiktist af berklum fyrir um það bil þremur vikum.

Sóttvarnalæknir segir að hér greinist fimm til tíu berklatilfelli á ári. Þau séu bundin við aldrað fólk, sem smitast hafi fyrir löngu, þegar berklar voru útbreiddir, ekki orðið veikt, en bakterían síðan tekið sig upp. Hins vegar sé um að ræða yngra fólk sem sé að koma til landsins. - jss

Björgunarsveit kölluð út:

# Leituðu konu sem hafði villst

**BJÖRGUN Björgunarsveitarmenn leituðu í fyrradag þýskrar konu sem var á ferð nærri Hveravöllum. Konan hafði verið á ferð með manni sínum og ætlaði að ganga frá Þjófadölum niður á Hveravelli en villtist af leið.**

**Maðurinn lét björgunarsveitarmenn vita þegar konan skilaði sér ekki á leiðarenda á tilsettum tíma. Björgunarsveitin Skagfirðingasveit, sem verið hefur við hálendisgæslu, brást hratt við og fann konuna á innan við klukkustund frá því að beðið var um aðstoð. Ekkert amaði þá að konunni og fékk hún því far á Hveravelli.** - sh

Nýjung tengd tóbakssölu:

# Selja sprautur á bensínstöðvum

**NEYTENDUR** Nokkrar bensínstöðvar Skeljungs hafa undanfarið gert tilraun með sölu á sprautum, sem hugsaðar eru fyrir þá sem taka neftóbak í vörina.

„Það er búið að spyrja mikið um þetta,“ segir Guðmundur Gíslason, framkvæmdastjóri neytendasviðs. Hann segir þetta aðeins tilraun og eftir sé að meta hvort nægur áhugi sé á sprautunum, en þeir sem noti tóbak í vör þurfi sprauturnar alveg eins og reykingafólk þurfi eldfæri. Guðmundur tekur fram að sprautunálar séu vitanlega ekki seldar á bensínstöðvunum. - bj

## LEIÐRÉTTING

Mishermt var í Fréttablaðinu í gær að gjaldkeri Íþróttabandalags Reykjaness hefði dregið sér fé úr sjóðum bandalagsins. Hið rétta er að um Íþróttabandalag Suðurnesja var að ræða.

Skuldum vafið óskabarn þjóðarinnar leitar nauðasamninga. Lánardrottnar ráða för þegar endurskipulagningu lýkur:

# Fyrri stjórnendur keyrðu Eimskip í kaf

**VIÐSKIPTI** „Það er dapurlegt að flytja svona fréttir,“ segir Sindri Sindrason, stjórnarformaður Eimskipafélagsins á aðalfundi félagsins í gær.

Félagið tapaði 214, 5 milljónum evra, jafnvirði 38,5 milljarða króna, á öðrum ársfjórðungi. Þetta er rúmlega tvöfalt meira tap en á sama tíma í fyrra. Flestir póstar lækka á milli ára en rekstrarhagnaður (EBITDA), sem nam 34,7 milljónum evra, jókst um 12,6 prósent.

Núverandi stjórnendur Eimskips hafa staðið í rúmt ár upp að hnjám við endurskipulagningu rekstursins. Í samkomulagi, sem skrifað var undir seint í fyrrinótt, felst að kjarnarekstur verður settur inn í nýtt félag, Eimskip Ísland.

Bandaríska fjárfestingafélagið The Yucaipa Companies, tekur 32 prósent í félaginu í skiptum fyrir yfirtöku á 120 milljóna evra skuld Versacold auk fimmtán milljóna evra. Yucaipa eignast við þetta 49 prósent í Versacold en Eimskip heldur 51 prósenti. Skilanefnd gamla Landsbankans mun eignast fjörutíu prósenta hlut í félaginu og nýi bankinn fimm prósent. Fimmtíu aðrir lánardrottnar, þar á meðal íslenskir lífeyrissjóðir, eignast 23 prósent.

Á næstunni ætla stjórnendur Eimskips að óska eftir nauðasamningum og verður farið fram á að félagið verði tekið af markaði.

Sindri og Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, lögðu báðir áherslu á það á aðalfundi félagsins í gær að rekstrarvandi Eimskips sé arfleifð fyrri stjórnenda, bæði Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi forstjóra, auk Björgólfsfeðga og Magnúsar Þorsteinssonar, fyrrum viðskiptafélaga þeirra, sem voru stærstu hluthafar.

Sindri fór á hreinskilinn hátt yfir sögu Eimskips eftir að nýir eigendur komu að því í gegnum uppskiptingu Straums og Burðaráss. Upphafið að fallinu megi rekja til samruna Eimskips og fragtflugfélagsins Avion Group undir einn hatt og við skráningu þess á markað síðla árs 2005. Félagið hafi ekki getað staðið undir þeirri skuldabyrði sem á það var lagt í kjölfarið. „Fyrri stjórnendur sýndu óöguð vinnubrögð,“ segir Sindri. jonab@frettabladid.is

## KRÖFUHAFAR EIGA EIMSKIPAFÉLAGIÐ

Nokkrir eldri hluthafar Eimskips mættu til aðalfundar félagsins í gær. Einn þeirra sagðist í samtali við Fréttablaðið hafa tapað öllu sínum hlutafé í félögum tengdum Björgólfsfeðgum og vandaði þeim ekki kveðjurnar.

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, segir erfitt að segja fólki frá því að það hafi tapað öllu sínu. Eigið fé fyrirtækisins hafi verið neikvætt og stærstu hluthafar ekki haft burði til að leggja félaginu til aukið fjármagn. Því hafi eina leiðin verið að færa hlutafjáreign niður í ekki neitt og láta félagið í hendur lánardrottna. Með gjörningnum sem stefnt sé að að innsigla á haustdögum muni þjóðin eignast mestan hluta Eimskipafélagsins í gegnum stærstu innlendu kröfuhafana, Landsbankann og lífeyrissjóðina.




ÚTSALA
ZARA
ÚTSALAN HEFST Í DAG
Smáralind sími: 522-8344 · Kringlan sími: 522-8320
www.zara.com



**VONBRIGÐI** Tenniskonan Ana Ivanovic frá Serbíu var allt annað en sátt við að þurfa að hætta leik sínum við Venus Williams á Wimbledon-mótinu á mánudag. Hún varð frá að hverfa vegna meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Manuel Zelaya hyggst ná aftur völdum með hjálp annarra ríkja Rómönsku Ameríku:

# Mun snúa aftur til Hondúras

**HONDÚRAS, AP** Forseti Hondúras, Manuel Zelaya, ætlar að snúa aftur úr útlegð á morgun og endurheimta völd í landinu. Her landsins framdi valdarán á sunnudag eftir að hæstiréttur hafði fyrirskipað það. Zelaya var þá sendur í útlegð, en hefur síðan fundað með leiðtogum annarra ríkja í Rómönsku Ameríku og Sameinuðu þjóðunum. Hann hefur hlotið mikinn stuðning þjóðarleiðtoga, allt frá Barack Obama Bandaríkjaforseta til Hugo Chavez, forseta Venesúela. Aðalritari Sambands Ameríkjuríkja, Jose Miguel Insulza, ætlar að fylgja Zelaya aftur til Hondúras.



**VALDARÁNI MÓTMÆLT** Stuðningsmenn Zelaya forseta söfnuðust saman nálægt húsi forsetans á mánudag. Zelaya hvatti stuðningsmenn sína til þess að mótmæla friðsamlega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Herinn í Hondúras segist aðeins hafa fylgt stjórnarskrá til að fjarlægja forseta sem hefði reynt að skemma hana. Þingforsetinn og starfandi forsetinn Roberto Micheletti ætlar sér að sitja í embætti fram í janúar, þegar kjörtímabilinu lýkur, og halda kosningar í nóvember. Hann hefur hafist handa við að skipa ráðherra.

Micheletti fyrirskipaði útgöngubann í landinu á sunnudagskvöld. Mótmælendur virtu það að vettugi og þúsundir mótmæltu í höfuðborginni Tegucigalpa. Á mánudag notuðu lögreglumenn táragas og skutu plastkúlum að mótmælendum. Að sögn Zelaya særðust um 150 og voru fimmtíu handteknir. Meðal annars voru sjö erlendir blaðamenn handteknir en þeim var sleppt stuttu síðar. - þeb

Vandamál í Bretlandi:

# Varað við svínaflensupartíum

**BRETLAND Læknar í Bretlandi hafa varað almenning í landinu við því að halda svokölluð svínaflensupartí.**

**Nokkuð er um að fólk vilji smitast af svínaflensu nú, meðan faraldurinn sé tiltölulega viðráðanlegur. Margir standa í þeirri trú að þá verði þeir ónæmir fyrir verri afbrigðum flensunnar sem kunni að breiðast út seinna meir.**

**Bretar hafa því haldið svínaflensupartí þar sem smituðum einstaklingum er boðið. Læknar segja mikla hættu felast í þessu því alltaf sé hætta á alvarlegum veikindum og jafnvel dauða. - þeb**






## Fjöldi fyrirtækja sem þingmenn eiga í

Sundurliðað eftir stjórnmálaflokkum




## Þátttaka þingmanna í atvinnulífinu

Sundurliðað eftir stjórnmálaflokkum

| Tegund tengsla | | | | | | | | | | | Aðrir flokkar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Endurskoðandi | 2 | 2 | 1 | 0 | 1 | 2 | | 0 | | 0 | 0 |
| Formaður stjórnar | 1 | 0 | 1 | 6 | 0 | 0 | | 4 | | 0 | 1 |
| Framkvæmdastjóri | 2 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | | 2 | | 1 | 1 |
| Meðstjórnandi | 14 | 4 | 3 | 4 | 1 | 3 | | 4 | | 0 | 6 |
| Prókúra | 8 | 3 | 2 | 5 | 0 | 0 | | 5 | | 2 | 2 |
| Stjórnarmaður | 4 | 2 | 1 | 1 | 0 | 1 | | 1 | | 1 | 0 |
| Varamaður | 9 | 5 | 3 | 3 | 3 | 3 | | 5 | | 2 | 3 |

Tölur í kössum miðast við 31. mars 2009 en aðrar tölur við 11. júní 2009. Aðrir flokkar en Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og VG voru teknir saman í einn hóp í fyrri skýrslunni til þess að ekki væri hægt að greina persónur að baki tölunum.

## Þingmenn sem eiga í fyrirtækjum

Sundurliðað eftir stjórnmálaflokkum




Heimild: Creditinfo Ísland

# Helmingur þingheims tengdur hlutafélögum

**Samkvæmt hlutafélagaskrá eru 32 sitjandi alþingismenn tengdir fyrirtækjum sem stjórnendur eða endurskoðendur. Creditinfo segir að samkvæmt ársreikningaskrá sé vitað um tuttugu fyrirtæki sem þingmenn eigi að öllu leyti eða að hluta.**

**STJÓRNMÁL** Alls eru 32 alþingismenn skráðir í hlutafélagaskrá, sem stjórnarmenn, prókúruhafar, framkvæmdastjórar, endurskoðendur eða meðstjórnendur samkvæmt nýrri greiningu Creditinfo Ísland fyrir Fréttablaðið.

„Þingmenn eru með þátttöku sinni tengdir 52 fyrirtækjum skráðum í Hlutafélagaskrá. Fyrir rúmlega ári síðan tengdust þingmenn 70 fyrirtækjum með þeim hætti,“ segir í skýrslu sem Guðni Tómasson, Guðni P. Sigurgeirsson og Starri Freyr Jónsson, starfsmenn Creditinfo, gerðu um þátttöku þingmanna í atvinnulífinu. Algengast segja skýrsluhöfundar að þingmenn tengist fyrirtækjum með stjórnarsetu.

„Þátttaka þingmanna allra flokka í atvinnulífinu hefur aukist nema hjá Sjálfstæðisflokknum. Þar hefur hún minnkað mikið eftir kosningar. Áður gegndu þeir fjörutíu hlutverkum en nú einungis sautján. Þátttaka þingmanna Framsóknarflokksins eykst mikið eftir kosningar. Nú gegna þeir flestum hlutverkum allra flokka (21) þrátt fyrir að vera fjórði stærsti flokkurinn,“ segir Creditinfo.

Áfram segir í skýrslunni að fyrir síðustu alþingiskosningar hafi einn þingmaður Samfylkingarinnar gegnt stjórnarformennsku. Nú gegni þingmenn flokksins stjórnarformennsku í sex félögum. „Sjö af fjórtán þingmönnum VG tengjast fyrirtækjum eftir kosningar í stað þriggja áður. Þrír af fjórum þingmönnum Borgarahreyfingarinnar gegna samtals sex hlutverkum.“

Auk þess sem byggt er á hlutafélagaskrá með fyrrgreindum hætti yfirfór Creditinfo innsend gögn hjá ársreikningaskrá til að kanna eignatengsl þingmanna við fyrirtæki. Eins og fram kom í blaðinu í gær er þar stuðst við ársreikninga fyrir árið 2007. Slík skjöl eru ekki tæmandi heimild, bæði vegna þess að mörg fyrirtæki eiga enn eftir að skila inn ársreikningum fyrir þetta ár þótt tíu mánuðir séu síðan frestur til þess rann út og eins vegna þess að sum fyrirtæki láta einfaldlega ekki getið um eignarhaldið í reikningum sínum.

Vegna þess hvernig skráningu er háttað er ekki hægt að bera saman stöðu manna fyrir og eftir bankahrunið, segir Creditinfo. Breytingarnar sem nýja skýrslan sýnir miðað við fyrri skýrslu Creditinfo frá því fyrir síðustu alþingiskosningar byggja því einfaldlega á breyttri skipan Alþingis.

„Breytingar hafa orðið hjá Framsóknarflokknum. Fyrir kosningar var enginn þingmaður skráður með eignarhlut en nú eru þrír af níu þingmönnum skráðir með eignarhluti. Hlutfall þingmanna VG með eignarhlut er svipaður eftir kosningar og helmingur þingmanna Borgarahreyfingarinnar á eignarhlut eða tveir af fjórum þingmönnum,“ segir í helstu niðurstöðu Creditinfo um eignarhluti þingmanna í fyrirtækjum.

gar@frettabladid.is






Maður um sextugt með vopnabúr og skotfæri í fórum sínum:

# Hótaði syni að skjóta mann

**DÓMSMÁL** Karlmaður um sextugt hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir hótanir, vopnalagabrot og brot gegn valdstjórninni.

Maðurinn sendi öðrum manni bréf á síðasta ári með eftirfarandi texta: „Gotti, ef þér er annt um líf og heilsu kondu þér þá burt úr helluþorpi! Frændur og vinir Rúnars.“

Nokkru síðar hótaði maðurinn rúmlega þrítugum syni sínum að skjóta þann sem hann hafði sent hótunarbréfið með fjárbyssu sem hann var með í bílnum.



**BYSSUR** Maðurinn geymdi vopnasafn á glámbekk.

Þá var maðurinn ákærður fyrir vopnalagabrot. Hann geymdi fjárbyssuna og skotfæri í ólæstum hirslum, í hanskahólfi bíls síns eða buxnavasa sínum. Byssuna bar hann á sér á almannafæri.

Þá geymdi hann öflugan riffil, einhleypu og tvíhleypu, ásamt skotfærum og skothylkjabelti á glámbekk í kofa við Hellu.

Loks var hann ákærður fyrir að hafa ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu á Hellu. Það endaði með því að lögregla varð að beita úðavopni á manninn.

Maðurinn játaði brot sín greiðlega fyrir dómi. Honum hafði ekki verið gerð refsing áður.

ROLEX TITANIC-DNA MOVADO Auguste Reymond GEORG JENSEN ROSENDAHL



# *Úrsmiðir í 100 ár*

Árið 1909 stofnaði J. Frank Michelsen úrsmíðameistari fyrirtækið F. Michelsen úr & gullsmíði á Sauðárkróki. Einn sona hans, Franch Michelsen úrsmíðameistari, lærði úrsmíði hjá föður sínum og fór til Kaupmannahafnar í frekara úrsmíðanám árið 1937. Að námi loknu starfaði hann hjá Carl Jonsén, konunglegum hirðúrsmið í Kaupmannahöfn, þar sem hann m.a. gerði við úr Alexandrinu Danadrottningar og bauðst að verða útnefndur konunglegur hirðúrsmiður. Franch sneri heim til Íslands árið 1940, opnaði aðra Michelsen úrsmíðavinnustofu og verslun í Reykjavík og skapaði sér fljótt nafn sem vandvirkur og traustur úrsmiður. Á næstu fjórum áratugum kenndi Franch tólf Íslendingum úrsmíðafagið, þar á meðal syni sínum, Frank Úlfari Michelsen úrsmíðameistara, sem er núverandi eigandi fyrirtækisins. Frank Ú. fór árið 1978 til náms til WOSTEP, heimsþekkts úrsmíðaskóla í Sviss, fyrstur Íslendinga. Frank Ú. hefur haldið áfram á þeirri braut sem faðir hans vann markvisst að, að vera traustur og fagmannlegur úrsmiður. Sonur Franks Ú., Róbert F. Michelsen, lærði úrsmíði fyrst hjá föður sínum og hóf síðan nám í WOSTEP í Sviss þar sem hann útskrifaðist á 100 ára afmæli Michelsen úrsmiðanna og hefur lært öll réttu handbrögðin í þessari fíngerðu og nákvæmu iðn. Það er því ljóst að saga Michelsen úrsmiðanna er langt í frá lokið og svo lengi sem Michelsen úrsmiðirnir eru til staðar, munu Íslendingar hafa tök á að fylgjast með tímanum.

**Á þessum 100 árum hafa Michelsen úrsmiðirnir selt og þjónustað mörg af þekktustu úramerkjum heims, með Rolex þar fremst í flokki. Þeim hefur verið treyst fyrir þjónustu á afar vönduðum úrum hvaðanæva að úr heiminum og orðspor þeirra hefur farið víða.**



J. Frank Michelsen



Franch Michelsen



Frank Ú. Michelsen



Róbert F. Michelsen

1909 2009

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR Í 100 ÁR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is



**HRESS OG KÁT** Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, heilsaði ljósmyndurum og blaðamönnum glaðlega fyrir utan hús sitt í London á mánudag. Hún var að koma heim eftir tveggja vikna spítaladvöl vegna handleggsbrots. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Biðlistar eftir flestum aðgerðum hafa styst til muna á tveimur árum:

# Biðlistar ekki styttri í tvö ár

**HEILBRIGÐISMÁL** Staða á biðlistum í júní 2009 er almennt góð og hafa biðlistar styst fyrir nær allar aðgerðir. Enn er þó bið eftir tilteknum aðgerðum, svo sem gerviliðaaðgerðum og aðgerðum á augasteini, en færri einstaklingar bíða eftir slíkum aðgerðum nú en á sama tíma í fyrra.

Landlæknisembættið hefur birt tölur á vefsetri sínu um bið eftir völdum aðgerðum á sjúkrahúsum og læknastofum svo og fjölda aðgerða á tímabilinu janúar til loka maí 2009. Einnig liggja fyrir sambærilegar upplýsingar fyrir sama tímabil árið 2008.

Viðvarandi bið hefur verið eftir kransæðavíkkun og kransæðamyndatökum á Landspítala en fækkað hefur verulega á þeim biðlista og eru nú aðeins fjórir einstaklingar sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir slíkri rannsókn. Kransæðavíkkunum og kransæðamyndatökum þar hefur fjölgað um tæp átta prósent milli ára.

Aðgerðum á augasteini fækkar á milli ára á Landspítala og St. Jósefsspítala en þeim aðgerðum hefur fjölgað á Akureyri. Gerfiliðaaðgerðum á mjöðm og hné hefur fjölgað á öllum sjúkrahúsum frá því í fyrra og hefur biðtími eftir þeim aðgerðum styst nokkuð. Biðlisti eftir brjóstaminnkunaraðgerðum hefur hins vegar lengst. - shá

### BIÐLISTI EFTIR HJARTAÞRÆÐINGUM

Breytingar á fjölda á biðlista eftir hjartaþræðingum

| | |
|---|---|
| júní 2007 | 119 |
| október 2007 | 113 |
| febrúar 2008 | 123 |
| júní 2008 | 64 |
| október 2008 | 86 |
| febrúar 2009 | 43 |
| júní 2009 | 4 |

Ísraelar á Vesturbakkanum:

# Reisa 50 hús á landtökusvæði

**VESTURBAKKINN, AP** Tilkynnt var á mánudag um byggingu fimmtíu nýrra húsa á landtökusvæðum Ísraela á Vesturbakkanum.

Mikill þrýstingur hefur verið á Ísraela að hætta uppbyggingu. Bandaríkin, Rússland, Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar funduðu fyrir helgi og hvöttu Ísraela til að hætta allri uppbyggingu og framkvæmdum á svæðinu.

Tilkynningin kom aðeins nokkrum klukkustundum áður en varnarmálaráðherra Ísraels, Ehud Barak, flaug til Bandaríkjanna til fundar við George Mitchell erindreka Bandaríkjastjórnar. - þeb


THULE SWEDEN Hjólafestingar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is


# Oft kvartað undan flugvél sem hrapaði

**Flugvél frá Yemenia Airlines hrapaði við Kómoreyjar í gær. 153 voru um borð í vélinni og hafa fimm lík fundist. Frakkar skoðuðu vélina 2007 og gerðu alvarlegar athugasemdir við ástand hennar. Henni var bannað að fljúga í Frakklandi.**

**KÓMOREYJAR, AP** Flugvél frá flugfélaginu Yemenia Airlines í Jemen hrapaði í sjó um fimmtán kílómetrum frá landi við Kómoreyjar í gær. 153 voru um borð í vélinni og hefur eitt barn fundist á lífi. Í fyrstu var sagt að um fimm ára gamlan dreng væri að ræða en síðari fréttir hermdu að það hefði verið fjórtán ára gömul stúlka. Fréttastofa AFP staðfesti í gærkvöld að um unglingsstúlku hefði verið að ræða. Fimm lík höfðu fundist í gærkvöldi.

Vélin fór frá Sanaa, höfuðborg Jemen, í gær og var á leið til lendingar á Kómoreyjum þegar slysið varð. Flestir farþeganna höfðu þó komið með annarri vél félagsins sem flaug frá París og hafði viðkomu í Marseille á leið til Jemen. Í Jemen var skipt um vél.

Kómoreyjar eru í Indlandshafi, á milli suðausturstrandar Afríku og Madagaskar. 66 farþegar höfðu franskt ríkisfang, en flestir voru frá Kómoreyjum. Í Marseille býr mikill fjöldi Kómoreyinga, og voru margir farþeganna á leið í sumarfrí á eyjunum. Vélin var af gerðinni Airbus 310-300. Tæpur mánuður er síðan önnur Airbus-flugvél, sem hóf flug sitt í París, hrapaði í Atlantshafi.

Síðast þegar vélin lenti í París, árið 2007, gerðu eftirlitsmenn alvarlegar athugasemdir við ástand hennar og var henni í framhaldinu bannað að lenda og fljúga í Frakklandi. Hún var hins vegar ekki á svörtum lista ESB. Á flugvöllunum í París og Marseille komu ættingjar farþeganna saman. Margir lýstu yfir óánægju sinni með ástand vélarinnar og sögðust margoft hafa kvartað yfir því að vélin væri notuð. Jemenska ríkið á 51 prósent í flugfélaginu Yemenia og sádi-arabíska ríkið á 49 prósent.

Í tilkynningu frá Airbus, framleiðanda vélarinnar, kemur fram að vélin sem fórst hafi verið nítján ára og átt að baki 52 þúsund klukkustundir í lofti. Rannsókn er nú hafin á tildrögum slyssins og leitað er að braki og svörtum kössum sem gætu upplýst um hvað fór úrskeiðis. Frakkar hafa jafnframt sent skip á vettvang og ætla að hjálpa til við rannsókn málsins.

thorunn@frettabladid.is



**MIKIL SORG** Ættingjar á flugvellinum í Marseille í Frakklandi, eftir að listi með nöfnum farþega sem voru í flugvélinni var birtur. Tugir þúsunda Kómoreyinga búa í Marseille. NORDICPHOTOS/AFP

### ANNAÐ SLYSIÐ Á MÁNUÐI

Aðeins er mánuður síðan önnur Airbus-þota hrapaði með 228 manns innanborðs. Þann 1. júní var vél Air France á leið frá Rio de Janeiro í Brasilíu til Parísar þegar hún hrapaði á þekktu óveðurssvæði. Enn hafa svartir kassar vélarinnar ekki fundist og því hefur ekki verið hægt að varpa almennilegu ljósi á það hvað gerðist. 51 lík hefur fundist í Atlantshafinu, þar á meðal af flugstjóranum. Í gær var tilkynnt að hætt yrði að leita að líkum, en leit að svörtum kössum heldur áfram.


TILLÖGUR AÐ FRIÐLÝSINGUM Í GARÐABÆ

Umhverfisstofnun og Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsa hér með kynningu á eftirfarandi tillögum að friðlýsingu svæða innan marka Garðabæjar. Samanlögð stærð svæðanna á sjó og landi er um 535 ha. Svæði þau sem friðlýsingarnar ná til eru í eigu Garðabæjar. Umhverfisstofnun annast undirbúning og gerir tillögu til ráðherra.

1. SKERJAFJÖRÐUR

Lagt til að sá hluti Skerjafjarðar sem er innan bæjarmarka Garðabæjar, með fjörum ásamt grunnsævi alls, um 4,27 $km^2$ (427 ha) svæði verði friðlýstur sem búsvæði,

2. GÁLGAHRAUN

Lagt til að nyrsti hluti Búrfellshrauns, Gálgahraun, alls um 1,08 $km^2$ (108 ha),

Tillögurnar eru settar fram með friðlýsingarreglum og uppdráttum sem sýnir afmörkun svæðanna. Tillögurnar liggja frammi hjá Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24 og á bæjarskrifstofum Garðabæjar, frá 1. júlí til og með 6. ágúst 2009. Þær eru ennfremur aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar og Garðabæjar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum og/eða ábendingum rennur út föstudaginn 10. júlí 2009. Skila skal athugasemdum til Umhverfisstofnunar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar.

Nánari upplýsingar á umhverfisstofnun.is og gardabaer.is

UMHVERFISSTOFNUN GARÐABÆR


Menntamálaráðherra segir koma til greina að taka samræmd próf í reikninginn:

# Allir grunnskólanemendur komnir með skólavist

**MENNTAMÁL** „Allir sem eru að koma úr grunnskóla eru komnir með pláss,“ segir Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra. Mikil aðsókn var í framhaldsskóla í ár og var mörgum hafnað. Katrín segir marga þó ekki sátta við þann skóla sem þeir komust í.

Næst á dagskrá er að skoða aldurshópinn 16 til 18 ára, að sögn Katrínar. Þar eru tæplega tvöhundruð manns sem hafa verið í öðrum skólum eða eru að innrita sig nú fyrst. Enn er það í vinnslu. Hópurinn 18 til 20 ára kemur svo til skoðunar og eftir það eldri en 20 ára.

„Þetta er ákveðin forgangsröðun sem við erum að fylgja. Það er líklegt að einhverjir úr elsta hópnum muni ekki fá inngöngu,“ segir Katrín en önnur úrræði verða skoðuð fyrir þá sem ekki fá pláss.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Hún segir að verið sé að skoða allt innritunarferlið. Til greina komi að skoða það að tekið verði tillit til einkunna samræmdra prófa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðspurð hvort gagnrýni á skort á samræmdum prófum þetta árið og hækkandi skólaeinkunnir sé réttmæt segir Katrín að verið sé að skoða allt innritunarferlið.

„Við erum að taka saman upplýsingar um hvort það hafi orðið hækkun á einkunnum. Í framhaldi af því munum við skoða hvort skilgreina megi skólaeinkunnir betur, hvað felast eigi í þeim.“

Samræmd próf verða haldin næsta haust en eingöngu verður um tölfræðileg könnunarpróf að ræða, eins konar stöðumat. „Verið er að skoða hvort tekið verði tillit til samræmdra prófa samhliða skólaeinkunn við umsóknarferlið,“ segir Katrín. - vsp


vísir.is

„...ég sá það á vísi“

# HEILDSÖLU LAGERSALA

**VIÐ ERUM AÐ RÝMA TIL Á LAGERNUM FYRIR NÝJUM VÖRUM OG SELJUM ÞVÍ ELDRI LAGER OG SÝNISHORN Á ÓTRÚLEGU VERÐI!**

## 40-70% afsláttur

## - aðeins í 3 daga!

**FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR**



Mikið úrval af golffatnaði, útivistarfatnaði, softshell og super stretch peysum, barna fatnaði og mörgu fl.

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3. laga jakkar | 37.990,- | **12.990,-** |
| 3. laga buxur | 37.990,- | **18.990,-** |
| Golfjakkar | 19.990,- | **9.990,-** |
| Golfbuxur | 10.990,- | **5.990,-** |
| Útivistarjakkar | 21.990,- | **7.990,-** |
| Super Stretch peysur | 11.990,- | **5.990,-** |
| Soft Shell peysur | 16.990,- | **4.990,-** |
| Extreme göngubuxur | 17.990,- | **9.990,-** |
| Barnaregnjakkar | 9.990,- | **4.990,-** |
| Barnaúlpur | 17.990,- | **6.990,-** |

| Opnunartími: | | |
|---|---|---|
| Miðvikudagur | 1. júlí | kl. 12-20 |
| Fimmtudagur | 2. júlí | kl. 12-20 |
| Föstudagur | 3. júlí | kl. 10-18 |

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND



Í tilefni af því að 40 ár eru liðin frá því að byrjað var að framleiða ál í Straumsvík efnum við til fjölskylduhátíðar í álverinu í dag klukkan 15-19. Fjölbreytt fræðslu- og skemmtidagskrá verður í boði fyrir alla fjölskylduna.
Fjölskylduhátíð í Straumsvík
í dag kl. 15–19!
Skemmtun
• Ræningjarnir þrír úr Kardemommubænum – kl. 15:30 og 17:00
• Sveppi og Villi skemmta – kl. 16:00 og 17:30
• Kvennakór Hafnarfjarðar – kl. 16:30 og 18:00
• Kassabílabraut og hoppukastalar
• Ökuleikni starfsmanna
• Sirkusskólinn – líflegir trúðar skemmta börnunum
Fræðsla
• Heimsókn í kerskála
• Ljósmyndir úr sögu álversins
• Rútuferð um athafnasvæðið með leiðsögn
• Tækjasýning
• Fræðsluspjöld um starfsemina
• Afmælisterta
• Kaffi og vínarbrauð
• Pylsur og gos
• ISAL-nammi og ISAL-púsluspil handa börnunum
• Glæsilegt happdrætti og barnareiðhjól í aðalvinning!
Athugið: Fríar rútuferðir verða til og frá álverinu frá bílastæðinu við „græna húsið“ á Ásvöllum (fyrir framan íþróttahús Hauka og Europris). Við hvetjum fólk til að nýta sér rúturnar.
Verið velkomin til Straumsvíkur!
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA


Rio Tinto Alcan
ISAL–STRAUMSVÍK

## „ORÐRÉTT“

### Skrum

**„Það eru óheilindi sem kenna má við skrum þegar reynt er að gera Icesave að flokkspólitískri deilu.“**

HALLDÓR REYNISSON PRESTUR UM ICESAVE-SAMNINGANA.
**Fréttablaðið, 30. júní.**

### Kofinn að fyllast

**„Á tíma tóku að renna á okkur tvær grímur með þetta en svo var afráðið að láta slag standa. Og mér sýnist að kofinn sé að fyllast.“**

EIRÍKUR HAUKSSON UM TÓNLEIKA Í TILEFNI AF FIMMTUGSAFMÆLI SÍNU.
**Morgunblaðið, 30. júní.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** DAVÍÐ SCHEVING THORSTEINSSON ATHAFNAMAÐUR

## *Ætlar að vera í kofa í sumarfríinu*

„Maður brosir gegnum tárin vegna hrunsins. Það varð hrun þjóðarinnar og mitt eigið. Miklu betra er að brosa og hlæja,“ segir Davíð Scheving Thorsteinsson, hinn 79 ára gamli athafnamaður, spurður hvað sé að frétta af honum. Hann tapaði ævisparnaðinum í haust eftir að Kaupþing fór á hausinn en kveinkar sér ekki.

Nú sem stendur er hann í sumarfríi og hyggst eyða því í „45 fermetra kofa sem við erum skrifuð fyrir“ á Snæfellsnesi. Þar ætlar hann að vera eins lengi og hann getur „en það er alltaf eitthvað sem kallar þegar maður á nítján afkomendur. Þá er ýmislegt stúss,“ segir Davíð.

Davíð fékk á dögunum frelsisverðlaun Sambands ungra sjálfstæðismanna fyrir að hafa í gegnum árin farið ótroðnar slóðir í viðskiptum og boðið hinu opinbera birginn á tímum hafta.



„Ég veit ekki af hverju þau veittu mér þessa viðurkenningu. Ég efast um að þau hafi vitað hvað þau voru að gera og ég sagði þeim það,“ sagði Davíð. Þó má telja líklegt að ástæðan sé til dæmis sú að Davíð sýndi borgaralega óhlýðni árið 1979 þegar hann flutti inn bjórkassa, en þá var einungis áhöfnum flugvéla heimill innflutningur. Við það sýndi hann yfirvöldum hvar Davíð keypti ölið.

„Það gæti líka verið fyrir baráttu mína fyrir nýjungum eins og allar þær vörutegundir sem maður gerði sem lifa enn, eins og Svali og Trópí,“ segir Davíð, sem rak drykkjarvörufyrirtækið Sól á sínum tíma.

Haldið var upp á sextíu ára útskriftarafmæli árgangs Davíðs frá MR á dögunum. Hann segir árganginn góðan, 44 hafi mætt en 101 voru í honum.

## ADAM RAINER
### BÆÐI DVERGUR OG RISI

■ Adam Rainer er eini maðurinn í heiminum svo vitað sé til sem bæði var dvergur og risi. Hann fæddist í Austurríki árið 1899 og þegar hann var 21 árs var hann aðeins 1,18 metrar á hæð. Af óþekktum ástæðum fór hann að stækka mikið og tíu árum seinna var hann orðinn 2.18 metrar, eða heilum metra hærri. Vandamál fylgdu þessum gríðarlega vexti svo hann var rúmliggjandi það sem eftir var ævinnar. Þegar hann dó árið 1950 var hann orðinn 2,34 metrar á hæð, jafnhár og hæsti Íslendingurinn, Jóhann Kristinn Pétursson, sem mynd er af hér til hliðar.



## SJÓNARHÓLL
### BIRTING LÖGVARINNA UPPLÝSINGA

## *Aflétta ber bankaleynd*

„Maður á vitanlega ekki að brjóta lög en þó eru til dæmi þess í mannkynssögunni að það sé réttlætanlegt út frá sjónarmiðum mannúðar og siðferðis“, segir Einar Magnús Magnússon, verkefnastjóri hjá Umferðarstofu, um birtingu upplýsinga úr lánabókum bankanna. „Það getur þó verið erfitt að draga mörkin. Þegar um athæfi er að ræða sem skaðar þjóðarheill og er löglegt en siðlaust þá tel ég að í einhverjum tilfellum sé réttlætanlegt að upplýsa um málið.“



**EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON**
Verkefnisstjóri

„Mér dettur í hug að það hefði komið mörgum til góða ef menn hefðu getað talað opinskátt um það sem var að gerast í Þýskalandi nasismans, þó ég sé á engan hátt að bera þetta tvennt saman. Þar var ótrúleg mismunun, mannfyrirlitning og ofbeldi bundið í lög.“

„Helst vildi ég sjá það að bankaleynd yrði aflétt og lagarammanum yrði breytt á þann hátt að frétta- og blaðamenn þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að þeir séu að brjóta lög með að upplýsa um eitthvað sem getur skipt þjóðarheill miklu máli.“



**FAGMENNSKAN Í FYRIRRÚMI** Þótt fáir séu grafnir á þessu gríni („green“) var grínið ekki víðsfjarri hjá golfurunum. Þeir skörtuðu sínu fínasta en hempurnar voru víðs fjarri í þetta skiptið. Fremst á myndinni sést sigurvegarinn Stefán Einar með stráhatt.
MYNDIR/ÍSLEIFUR

# Gröfin opnuð í þriðja sinn í Borgarnesi

**Árlegt golfmót presta og útfararstjóra, Gröfin Open, var haldið í þriðja sinn á Borgarnesvelli í gær. Glæsilegir vinningar og almenn skemmtun voru í boði.**

Engin jarðarfararstemning var á útfararstjórum og prestum þegar árlegt golfmót þeirra, Gröfin Open, var haldið í þriðja sinn síðdegis á mánudag á vegum Útfararstofu kirkjugarðanna. Mótið fór fram á Hamarsvelli í Borgarnesi og lék veðrið við golfarana. Mikil spenna var í mönnum fyrir keppnina af því að fráfarandi meistari, Önundur Björnsson, prestur á Breiðabólsstað, hafði boðað forföll. Sigurvegarinn í ár var Stefán Einar Stefánsson, guð- og viðskiptasiðfræðingur við Háskólann í Reykjavík. Í kvennaflokki sigraði Diljá Einarsdóttir. Verðlaunin voru gisting fyrir tvo í eina nótt á Hótel Glymi í Hvalfirði. Stefán hyggst nýta sér sigurverðlaunin sem fyrst.

„Þetta er ótrúlega glæsilegur vinningur. Eftir golfmótið fór hópurinn svo saman og snæddi dýrindis lax á Hótel Hamri,“ segir Stefán en hefð hefur skapast fyrir því að hópurinn snæði saman fiskrétt eftir keppni.

Stefán er með 15,6 í forgjöf og hefur stundað golf af nokkurri elju undanfarin ár. Mótið var haldið fyrst árið 2007 og átti Stefán Einar hugmyndina að mótinu ásamt Ísleifi Jónssyni útfararstjóra.

„Þetta er tækifæri fyrir það fólk sem kemur að útförum að koma saman á vettvangi gleðinnar og kynnast þannig. Ég held að það sé mjög dýrmætt að geta gert það og þetta er líka góð leið til að hlaða „batteríin,“ segir Stefán sem starfaði fyrir útfararþjónustu samhliða guðfræðinámi. Nokkur önnur verðlaun voru veitt. Stefán Einar átti lengsta upphafshögg karla, Hjördís Birgisdóttir átti lengsta upphafshögg kvenna og var Örn Bárður Jónsson, prestur í Neskirkju, valinn best klæddi golfarinn, „þrátt fyrir að ég hafi spilað með stráhatt,“ segir Stefán Einar í gríni. Þorsteinn Elísson útfararstjóri náði síðan erni á sjöttu holu á erfiðri par fjögur braut.

Meðfylgjandi til hliðar er skemmtivísa eftir Hjálmar Jónsson Dómkirkjuprest.

**vidirp@frettabladid.is**



## VÍSA EFTIR HJÁLMAR JÓNSSON

Hjálmar Jónsson, dómkirkjuprestur og hagyrðingur, samdi vísu eftir að golfmóti lauk sem hljóðar svo:

Við sjáum í hvert öðru systur og bróður
á samvinnu kunnum við lag.
Stefán er jákvæður jafnan og góður
en jarðaði okkur í dag.

Hristum af okkur allan drunga
úthald og nákvæmni ei þraut.
Og Þorsteinn er líkastur arnarunga
eftir höggið á sjöttu braut.


AUKAKRÓNUR



410 4000 | landsbankinn.is

AUKAKRÓNUR

# 105 kaffibollar á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur fengið þér ilmandi góðan latte kaffibolla tvisvar í viku hjá **Kaffitári** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **www.aukakronur.is**

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum.
Sjá nánar á www.aukakronur.is.



**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

NBI hf (Landsbankinn), kt. 471008-2080

ENNEMM / SÍA / NM38417

# Sumar og sól

-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



3 MANNA **5.890,-**

**MERKUR tjald**
Gott 3 manna tjald. Þéttur botn og sterkar stangir.
Stærð: 210 x 210 x 130 sm. Þéttleiki: 800 mm/cm². Þyngd: 3,75 kg.



2 MANNA TJALD **2.790,-**

**TATRA OPEN AIR tjald**
Gott 2 manna tjald úr vatnsvörðu, akrýlhúðuðu nylonefni. Þéttur botn og sterkar stangir. Stærð: 205 x 140 x 105 sm. Þyngd: 1,8 kg.
Mjög létt og nett tjald sem tekur lítið pláss!



TJALDDÝNA **499,-**

**Tjalddýna**
Létt og góð tjalddýna í sumarfríið.
Þykkt: 6 mm.
Stærð: 50 x 180 sm.



22 LÍTRA **1.990,-**

**Kælibox**
22 lítra kælibox. Stærð: B22 x L40 x H39 sm.



EINNOTA GRILL **269,-**

**Einnota grill**
Tilbúið til notkunar með grillkolum og grind. Stærð á grillgrind er 23 x 29 sm.



POTTASETT **2.390,-**

**Útilegupottasett**
Útilegupottasett úr sérstaklega léttu áli. Settið inniheldur 2 potta, 1 ketil, 1 pönnu og handfang til að færa heitt álið.
Góð ól heldur settinu saman.



ÚTILEGUSTÓLL **1.390,-**

**PISA útilegustóll**
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara.
Hægt að leggja alveg saman.





ÚTILEGUSTÓLL **1.690,-**

ÚTILEGUBORÐ **2.490,-**

**Fellistóll og ferðaborð**
Nettur og góður fellistóll úr hvítlakkaðri röragrind með bláu áklæði. Útileguborð með stillanlegri borðplötu.
Stærð: 60 x 80 sm. Borðið og stólarnir leggjast auðveldlega saman.



BAKPOKI **1.290,-**

**BOOTES bakpoki**
Góður 30 lítra bakpoki. Fæst í rauðum eða bláum lit.



BOSTON SVEFNPOKI **2.490,-**

**BOSTON svefnpoki**
Flottur svefnpoki. Stærð: 225 x 50/75 sm. Þyngd: 1000 gr. Má þvo í vél við 30°C.
Hámarkshiti: +28°C. Lágmarkshiti: +8°C. Poki fylgir.





VERÐ FRÁ: **199,-**

**Einnota í útileguna!**
24 stk. einnota hnífapör **199,-**
50 stk. einnota glös **199,-**
50 stk. einnota diskar, stærð: Ø22 sm. **690,-**
25 stk. einnota kaffimál **299,-**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 36 **Velta:** 346 milljónir

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 264 | +0,90% | 744 | +1,25% |

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| ÖSSUR | +3,59% |
| MAREL FOOD S. | +2,13% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| BAKKAVÖR | -1,68% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 161,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 449,00 +0,00% ... Bakkavör 1,17 -1,68% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,55 +0,00% ... Føroya Banki 122,00 +0,00% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 52,80 +2,13% ... Össur 115,50 +3,59%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Candover stendur af sér storminn

Breski fjárfestingasjóðurinn Candover hefur slitið viðræðum um yfirtöku á félaginu. Ástæðan er sú að fjárhagsstaða Candover er sögð góð og félagið geti staðið í skilum.

Candover lauk kaupum á hollensku iðnsamsteypunni Stork ásamt íslensku félögunum Eyri Invest og Marel Food Systems í maí í fyrra.

Bloomberg-fréttastofan bendir á að í kjölfar þess að Candover keypti eignir fyrir þrisvar sinnum meira en kom í kassann í fyrra hafi greinendur talið félagið geta lent í fjárhagsörðugleikum. Stjórnendur gripu hins vegar til aðgerða, seldu ráðgjafafyrirtækið Wood Mackenzie, fækkuðu starfsfólki og lokuðu skrifstofum í Asíu og Austur-Evrópu. Í apríl greindu stjórnendur Candover svo frá því að yfirtökutilboð hefðu borist í félagið. Þau reyndust undir væntingum og var viðræðum slitið, að sögn Bloomberg. - jab



**AF HLUTHAFAFUNDI STORK** Meðeigendur Eyris Invest að hollensku iðnsamsteypunni Stork í fyrra segjast geta staðið við skuldbindingar sínar. NORDICPHOTOS/AFP

# Vöruskipti jákvæð í maí

**Vöruskipti voru hagstæð um 7,4 milljarða í maímánuði. Fluttar út vörur fyrir 38,7 milljarða króna og inn fyrir 31,3 milljarða króna. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands sem birtar voru í gær.**

**Í maí 2008 voru vöruskiptin óhagstæð um 3,7 milljarða króna á sama gengi. Fyrstu fimm mánuðina 2009 voru fluttar út vörur fyrir 171,1 milljarð króna en inn fyrir 146,9 milljarða króna og var því afgangur af vöruskiptunum við útlönd að andvirði 24,2 milljarða króna. Á sama tíma í fyrra voru vöruskipti óhagstæð um 41,5 milljarða á sama gengi.** -bþa

# Bankaumsýslan að komast á koppinn

Stjórnarfrumvörp um stofnun eignaumsýslufélags á vegum hins opinbera, sem veiti bönkunum ráðgjöf vegna mikilvægra fyrirtækja sem eiga í rekstrarerfiðleikum, og frumvarp um svokallaða bankaumsýslu eru enn hjá nefndum Alþingis.

Mats Josefsson, sænskur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar um endurreisn bankanna, undraðist seinaganginn í síðustu viku og sagði það geta dregið niðursveifluna hér á langinn. Hann hafi ekki séð það svartara, en fáir virðist gera sér grein fyrir alvarleika málsins.

Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, segir fyrstu umræðu um bankaumsýslufélagið lokið á Alþingi og muni það verða sent til annarrar umræðu eftir meðferð viðskiptanefndar á föstudag.

Frumvarp um stofnun eignaumsýslufélagsins er á borði efnahags- og skattanefndar. Ekki náðist í Helga Hjörvar, formann nefndarinnar, þegar eftir því var leitað í gær.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði, í samtali við Fréttablaðið á föstudag, málin á síðustu metrunum og reiknaði með að annað þeirra yrði að lögum í þessari viku. - jab


**MÁLIN RÆDD** Álfheiður Ingadóttir, sem hér ræðir við Steingrím J. Sigfússon, segir mál bankaumsýslufélagsins tekin fyrir hjá viðskiptanefnd á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Føroya banki bíður tækifæranna

„Við erum varfærin en viljum vera tilbúin að nýta þau tækifæri sem bjóðast á markaðnum," segir Janus Pedersen, forstjóri Føroya Banka.

Føroya Banki hefur sótt um lán upp á 212 milljónir danskra króna, jafnvirði fimm milljarða íslenskra, úr sjóði danskra stjórnvalda fyrir fjármálafyrirtæki vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamörkuðum.

Pedersen segir litla banka á borð við Føroya Banka ekki njóta sömu fyrirgreiðslu og kjara á lánamörkuðum og stærri fjármálafyrirtæki og því hafi verið ákveðið að sækja um fé í danska sjóðinn. Tækifærin, sem hann telur verða til á næstu mánuðum, geti falist í kaupum á eignasöfnum, jafnvel öðrum banka. Þótt ekkert hafi verið ákveðið er líklegast að Føroya Banki kaupi banka í Danmörku fremur en á hinum Norðurlöndunum.

Eiginfjárhlutfall Føroya Banka var 21 prósent við lok fyrsta ársfjórðungs en fer í 24 prósent við lántökuna. - jab

# Ekki samhljómur um næstu skref Seðlabankans

**Skuggabankastjórn Markaðarins er ekki einróma í áliti sínu á næstu skrefum Seðlabankans. Einn mælir með umtalsverðri lækkun stýrivaxta, annar varfærinni lækkun en sá þriðji vill óbreytt vaxtastig.**


**SKUGGABANKASTJÓRNIN** Forstjóri Kauphallarinnar segir mikilvægt að Seðlabankinn sitji á sér þar til mikilvæg efnahagsmál séu afgreidd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Mín fyrstu viðbrögð eru þau að ráðleggja mönnum að bíða með vaxtabreytingu fram yfir afgreiðslu Alþingis á helstu málum," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland. Hann vísar til Icesave-málsins og umræðna um ríkisfjármál.

Þórður segir mikinn létti að samningar við aðila vinnumarkaðarins séu að baki. „Ég held það sé of mikil áhætta fólgin í að hreyfa við vaxtastigi við þessar viðkvæmu aðstæður," segir hann. Betri forsendur skapist í byrjun næsta mánaðar.

„Þessir dagar og vikur eru mjög viðkvæmar og snúa fremur að leikjafræðum en hagfræði, enda skynsamlegt að halda mönnum við efnið þar til þessi mál eru frá," segir Þórður. Hann óttast að þjóðin muni standa frammi fyrir óþekktu skeiði í efnahagsmálum verði Icesave-samningarnir felldir. „Það er ekki ráðlegt að lækka stýrivexti áður en þessi mál eru afgreidd," segir hann.

Ingólfur Bender forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, og Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, nefna báðir stöðugleikasáttmálann í álitum sínum. Þeir telja Seðlabankann hins vegar eiga að lækka stýrivexti.

„Ég tel eins til 1,5 prósentustiga lækkun hæfilega," segir Ingólfur. Hann bendir á að fram hafi komið langtímaáætlun í ríkisfjármálum sem bendi til þess að aðhaldi verði beitt.

Hann bætir við að þótt verðbólga hafi aukist tímabundið þá sé gert ráð fyrir að hún hjaðni mjög hratt á næstunni. Hann hefði viljað sjá kröftugri vaxtalækkun, en neikvæð gengisþróun frá síðasta vaxtadegi dragi úr líkum á því.

„Óvissuþáttum í efnahagsmálum fækkar nú einum af öðrum," segir Ólafur Ísleifsson. Hann bendir á að tryggður hafi verið vinnufriður út næsta ár með stöðugleikasáttmála á vinnumarkaði. Fyrir liggi áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009-13 í samræmi við efnahagsáætlun í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þá sýnist lausn á Icesave-málinu í sjónmáli og kunni að hilla undir niðurstöðu um fjárhagslega uppbyggingu bankanna. Þótt margt sé enn óljóst feli öll þessi skref í sér áfanga að endurreisn efnahagslífsins.

Ólafur segir gjaldeyris- og peningamálin standa eftir eins og Akkilesarhæl efnahagsstefnunnar. „Engin marktæk stefna liggur fyrir um afnám gjaldeyrishafta og aðgerðir til að tryggja eðlilega verðmyndun á krónunni. Gengi hennar ræðst af tiltölulega litlum viðskiptum á ófullkomnum markaði og alger tvísýna er um stefnu krónunnar í framhaldinu, þótt gengið sé nú lágt á hagfræðilega mælikvarða. Ekki kemur til greina að verja tunnum gulls til að verja gengi sem ekki á sér raunhæfar forsendur og standa stórskuldug eftir," segir hann og bendir á að marka verði stefnu í gjaldeyris- og peningamálum sem feli í sér samstarf við aðrar þjóðir og traustan bakhjarl við gjaldmiðilinn. Þá verði að freista þess að ná samkomulagi við Evrópusambandið um slíkt samstarf á grundvelli umsóknar um aðild Íslendinga að bandalaginu.

Ólafur bætir við að við ákvörðun stýrivaxta Seðlabankans verði að taka mið af því að hávaxtastefnan hefur ekki dugað til að styðja krónuna og að vextir hér séu langtum hærri en í nágrannalöndunum. Þar hafi þeir verið lækkaðir mikið og hratt til að bregðast við fjármálakreppunni. „Að þessu athuguðu og í ljósi þess að dregið hefur úr margháttaðri óvissu í efnahagsmálum ber að lækka vexti umtalsvert nú," segir Ólafur Ísleifsson.

jonab@markadurinn.is


AUKAKRÓNUR

410 4000 | landsbankinn.is



AUKAKRÓNUR

2 iPod Shuffle á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt þér tvo iPod Shuffle á ári í **Apple-búðinni** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **www.aukakronur.is**

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.

**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.
ENNEMM / SÍA / NM38414


N1
Verið velkomin
á N1 mótið
Það verður mikið um dýrðir á Akureyri um helgina. N1 og KA bjóða alla ungu knattspyrnumennina og áhangendur þeirra hjartanlega velkomna í höfuðstað Norðurlands. Umgjörð N1 móts KA er eins og best verður á kosið og við hlökkum til að taka á móti ykkur.
Góða skemmtun!
N1
VEGABRÉF
MUNDU AÐ FÁ STIMPLA Í VEGABRÉFIÐ ÞITT.
SUMARIÐ 2009
NORÐURLAND
SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS
Meira í leiðinni


Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Allt fyrir
6490
KASSAGÍTAR - 39''
• Standur, kr 2599
• Taska, kr 2599
GRILL KULL
399
GRILLKOL - 2 KG
4590
KÚLUGRILL - 44 CM
ENGANGSGRILL
399
EINNOTA GRILL
• Skiljið ekki grillið eftir í náttúrunni.
FRÁ 349
BORÐBÚNAÐUR - AKRÝL
3 kg
pr. pk
699
CLEVER ÞVOTTAEFNI
•Fyrir hvítan og litaðan þvott
•3 kg
15.990
DENVER GEISLASPILARI
•Spilar CD, CD-R/RW
•AM/FM útvarp
•4 hátalarar
2990
KÆLIBOX, 24 LTR
•32 ltr, kr 5790
•Kælielement, 250 gr, kr 225 / 1000 gr, kr 349
SONAX
HARD WAX
SONAX VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI
249
SALERNISPAPPÍR
• 8 rúllur
Miljø-spar
1990
VIÐAROLÍA
• 3 ltr
TREOLJE
38.990
VEISLUTJALD - 3 X 9 M
Toilet wipes
pr. pk
359
BLAUTKLÚTAR
• 60 í pk
7290
VEISLUTJALD - 3 X 3 M
•Hliðarveggur, kr 1590
•Hvítt eða bláröndótt

Opið frá kl. 9 til 19 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar



**69**
COCA COLA - 33 CL

**100**
PYLSA Í BRAUÐI

# sumarfríið



**599**
SUNQUICK ORANGE
• 840 ml



**199**
FRÓN SPAÐI
• Með höfrum og súkkulaðibitum
• 200 gr

**199**
FRÓN HJARTA
• Með súkkulaðibitum
• 200 gr



**199**
FRÓN FÍKJUBITAR
• 190 gr



**199**
FRÓN KÓSÍ
• 200 gr



**139**
SÚKKULAÐIKEX
• 200 gr



**69**
SPRITE
• 33 cl



**199**
ÍSLANDSKEX
• Með súkkulaði
• 200 gr



**159**
FREISTINGAR
• Með súkkulaði
• 150 gr

**159**
FREISTINGAR
• Með kókos og súkkulaði
• 150 gr



**69**
REX SÚKKULAÐI
• Rex kassi, 25 stk í kassa, kr 1725



pr. stk
**12.990**
12" REIÐHJÓL
• Roswell
• Stráka/stelpu, 2-4 ára



**279**
RÍS KUBBAR



**7399**
REIÐHJÓLAGRIND
• Galvaníserað stál



**199**
ORA HUMARSÚPA

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Matvælaöryggi eða framtíðaruppbygging?

## Að éta útsæðið

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSON SKRIFAR

Hrepparígur og útburður gróusagna um nágrannann hefur lengi viðgengist. Ef til vill er ekki óeðlilegt að meira beri á slíku þegar harðnar á dalnum og fólki verður umhugaðra um þá hluti sem nær standa.

Eftir kreppuna miklu á fyrri hluta síðustu aldar varð til dæmis til saga um Eskfirðinga sem áttu að hafa farið bágt með neyðaraðstoð þá sem ríkisvaldið útdeildi byggðarlögum í formi kartöfluútsæðis og girðingaefnis. Haft hefur verið í flimtingum áratugina eftir kreppu að Eskfirðingarnir hafi étið útsæðið, brennt girðingarstaurana og skeint sig á gaddavírnum. Sagan er ljót og hefur sjálfsagt verið goldið líku líkt með öðrum sögum um Reyðfirðinga og fleiri eystra.

Forystumenn ríkisstjórnarflokkanna eiga bágt þessa dagana og virðist sem sumum í hópnum sé fulllaus gefinn taumurinn. Kristján Möller samgönguráðherra datt í kjördæmagírinn þegar kom að skipulagningu vegaframkvæmda og tók Vaðlaheiðargöng fram yfir umbætur sem sárvantar á Suðurlandsvegi. Gæti þar verið komin birtingarmynd hrepparígsins. Heldur væri ákjósanlegra að menn bæru hag heildarinnar fyrir brjósti en eigin möguleika á endurkjöri þegar kemur að því að útdeila gæðunum.

Alvarlegri eru hins vegar tilburðir Jóns Bjarnasonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þótt vissulega sé fallegt að eiga sér hugsjónir og vinna þeim framgang. Jóni líkar ekki sú samfélagsmynd sem meirihluti þjóðarinnar (já, eða sá minnihluti sem mestu hefur ráðið) hefur búið hér til síðustu áratugi. Í þeim aðstæðum sem þjóðin er nú virðist ráðherranum samt efst í huga fæðu- og matvælaöryggi hennar.

Einhverjum kann að vera „magafylli“ til skemmri tíma af því að vernda hér landbúnaðarframleiðslu á kostnað samninga sem þjóðin hefur undirgengist, líkt og ráðherrann ætlaði fyrst að gera með því að láta vera að auglýsa innflutningskvóta á landbúnaðarvöru í samræmi við samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Í svargrein Jóns við nýlegum leiðara Morgunblaðsins sem birtist í gær kemur fram að honum svíði að vera gagnrýndur fyrir „að standa á löglegan hátt vörð um innlenda matvælaframleiðslu, fæðuöryggi þjóðarinnar, [og] treysta störf í sjávarútvegi og landbúnaði“. Landbúnaðarráðherra virðist hins vegar gleyma því að víðar þarf að treysta störf en í sjávarútvegi og landbúnaði.

Sem betur fer sverfur hungrið ekki svo að fólki að hér neyðumst við til að bjarga lífinu með því að éta útsæði. Áður en að því kemur að þjóðin gefist upp og láti af samstarfi við önnur lönd, gangi á bak gerðra samninga og víggirðist í einangrun eigin framleiðsluvarnings, þarf að vera fullreynt að við fáum með reisn staðið við skuldbindingar okkar. Uppgjöf þeirra, sem vilja afneita ábyrgð á því hvernig komið er í efnahagslífi þjóðarinnar og í krafti þeirrar afneitunar og vanmáttarkenndar vegna þess vanda sem við er að etja, er ekki landi og þjóð til framdráttar og ólíkleg til að renna þeim stoðum undir framtíðarvöxt sem þörf er á. Þær stoðir hljóta að felast í endurheimt trausts á alþjóðavettvangi og skýrrar sýnar um hvernig hér eigi að byggja upp á ný.

Ætli til of mikils sé mælst að formenn stjórnarflokkanna komi skikki á sitt fólk og hjálpi þeim að feta veg ábyrgra stjórnarhátta? Öðrum kosti hlýtur að ágerast krafan um að nýtt fólki verði kallað til verka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hin svonefnda útrás

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, lagði í gær fram á Alþingi frumvarp til laga um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Í athugasemdum við lagafrumvarpið er meðal annars skautað yfir einkavæðingu íslensku bankanna. Þar stendur meðal annars: **„Í hönd fór mikið útþensluskeið íslensks bankakerfis sem stundum var nefnt „útrásin“ og átti að tákna landvinninga íslenskra fjármálafyrirtækja í hinu alþjóðlega fjármálakerfi.“** [Feitletrun blms.] Þetta orðalag ber með sér að sá sem skrifar sá greinilega í gegnum hina svonefndu útrás allan tímann og þá landvinninga sem hún átti að tákna.



### Búið að kjósa um Icesave

Til snarpra orðaskipta kom á Alþingi í gær vegna Icesavemálsins og heimtuðu ýmsir úr stjórnarandstöðunni að samningarnir yrðu bornir undir þjóðaratkvæði. Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna, taldi hins vegar alls enga þörf á að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave, það hefði nefnilega þegar verið kosið um Icesave-samningana: Í alþingiskosningum fyrir tveimur mánuðum síðan.



### Hvað fannst VG þá?

Gott og vel. Gáum hvað VG hafði um Icesave að segja fyrir kosningar. Í kosningaáherslum flokksins, sem allir ábyrgir kjósendur höfðu eflaust með sér í kjörklefann áður en þeir gerðu upp hug sinn, er til dæmis ekki minnst einu orði á Icesave.

Hins vegar má þar finna kafla um aukið lýðræði, þar sem lagt er til að tryggt verði að „tiltekinn hluti þjóðarinnar (15-20%) geti með undirskrift sinni átt frumkvæði að þjóðaratkvæðagreiðslu um öll stórmál“. Flokkast Icesave ekki undir stórmál að mati Álfheiðar?

bergsteinn@frettabladid.is

## Umbúðalaust um stelpur



KRISTJÁN KETILL STEFÁNSSON

Í DAG | Kynjahlutföll í skólum

Í grein í Fréttablaðinu í liðinni viku lýsti Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi því yfir að jafnréttissinnar gerðu lítið úr slökum námsárangri drengja við lok grunnskóla. Þetta þykja mér sem femínista ómaklegar ásakanir.

Vandmálið er hjá Þorbjörgu skilgreint sem ójafn árangur kynjanna við lok grunnskólans og óþolandi óréttlæti þess að unglingsstúlkur hafi á einhvern hátt forskot á unglingsdrengi við val á framhaldsskólum. Tvær spurningar koma upp í hugann við þessa skilgreiningu á vandamálinu. 1. Er árangur á skólastarfi eingöngu mældur í einkunnum? 2. Erum við að gera samfélaginu greiða með því safna nemendum með háar einkunnir saman í sérstaka skóla?

Í aðalnámskrá grunnskóla sem tók gildi árið 2007 er rík áhersla lögð á líðan nemenda og að skólinn styrki sjálfsvirðingu nemenda og sjálfsmynd; einkunnir á prófum eru ekki eini mælikvarðinn á gæði skólastarfs.

Í vetur hafa farið fram samræmdar mánaðarlegar mælingar á líðan og virkni nemenda og skóla- og bekkjaranda hjá úrtaki 4.500 nemenda í 6.-10. bekk í 33 grunnskólum í gegnum sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn. Niðurstöður fyrir nemendur á unglingastigi sýna að líðan og sjálfsmynd kynjanna er ójöfn og mun verri hjá stúlkum eftir því sem nær dregur lokum grunnskólans. Stúlkur í 10. bekk eru marktækt kvíðnari, líður verr, hafa minna sjálfsálit og telja sig hafa minni stjórn á eigin lífi en drengir. Sem dæmi má nefna svör við tveimur spurningum á mælikvörðum um sjálfsálit og vanlíðan. Spurt var hversu sammála nemandinn væri staðhæfingunni „Stundum finnst mér ég einskis virði“. Þriðja hver stúlka en fimmti hver drengur var sammála eða mjög sammála þessari fullyrðingu. Að sama skapi var spurt um hve oft á síðustu 7 dögum viðkomandi hefði verið dapur/döpur. Í ljós kom að nálægt því önnur hver stúlka (42%) en tæplega fimmti hver drengur (19%) hafði stundum eða oft verið dapur/döpur á síðustu 7 dögunum fyrir svörun könnunarinnar.

Það er skýr og afgerandi kynjamunur á líðan nemenda í 10. bekk en í 32 af 33 spurningum í spurningakönnuninni um líðan kom í ljós tölfræðilega marktækur munur á milli kynjanna stúlkum í óhag. Staðhæfingar Þorbjargar um að drengjum líði verr í skólanum en stúlkum eru rangar og í andstöðu við fyrirliggjandi niðurstöður. Verri andleg líðan 10-17 ára stúlkna en drengja kemur fram í alþjóðlegu HBSC (Health Behaviour in School aged Children) rannsókninni sem Þóroddur Bjarnason og Stefán Hrafn Jónsson unnu að árið 2007 og í nýlegri rannsókn sem Inga D. Sigfúsdóttir birti ásamt fleirum árið 2008. Eins mikilvægt og það er að stuðla að jafnrétti kynjanna er jafnframt nauðsynlegt að halda til haga réttum staðreyndum.

*1. Er árangur á skólastarfi eingöngu mældur í einkunnum?*

Einkunnir mæla einungis brot af markmiðum grunnskólans. Slakur námsárangur ákveðins hluta drengja er alvarlegur og krefst viðbragða. Þessi viðbrögð mega þó ekki draga athygli frá þeirri staðreynd að líðan, sjálfsvirðing og sjálfsmynd hjá ákveðnum hluta stúlkna á unglingastiginu er mjög slæm. Ég tel að beina verði athyglinni í mun meiri mæli að vanlíðan stúlkna við lok grunnskólans. Margar ástæður kunna að liggja þar að baki, t.d. að verið sé að beita stúlkur óeðlilegum þrýstingi um að standa sig gagnvart kennurum, vinum, foreldrum og staðalímyndum úr fjölmiðlum. Þetta er alvarlegt mál sem nauðsynlegt er að taka á og rannsaka frekar.

*2. Erum við að gera samfélaginu greiða með því safna nemendum með háar einkunnir saman í sérstaka skóla?*

Ég held að samfélaginu sé enginn greiði gerður með því að flokka nemendur eftir einkunnum inn í framhaldsskólana. Þessi mismunun á sér aðallega stað í þeim skólum sem Þorbjörg nefnir, þ.e. MR og VÍ. Kynjamisrétti í vali endar reyndar þar. Samkvæmt nýjustu tölum sækja 95% allra nemenda úr 10. bekk um framhaldskólanám nú í haust. Lög um framhaldsskóla kveða skýrt á um það að allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hafa náð 16 ára aldri eigi rétt á að hefja framhaldsskólanám.

Ég er þeirrar skoðunar að skólastjórnendur framhaldsskólanna ættu fyrst og fremst að líta til búsetu við inntöku í skólana og þess að nemendahópurinn sé eðlilega samsettur miðað við það samfélag sem skólinn er í. Það stuðlar að ríkari tengslum samfélagsins við skólann og dregur auk þess úr bifreiðanotkun.

*Höfundur er aðjúnkt í kennslufræði við Menntavísindasvið HÍ.*

## Samgöngubætur í höfuðborginni

UMRÆÐAN

Jón Gunnarsson skrifar um samgöngur



JÓN GUNNARSSON

Þau fara fyrir lítið hin fögru fyrirheit vinstri stjórnarinnar. Stóryrtu fullyrðingarnar hefðu kannski betur verið ósagðar. Það færi sennilega best á því að verkstjóri ríkisstjórnarinnar hætti að berja höfðinu við steininn og viðurkenndi að verkefnið virðist vera þessari ríkisstjórn ofviða. Aðgerða- og samstöðuleysi ríkisstjórnarflokkanna er að verða þjóðinni dýrkeypt.

Það er einföld skýring á vandræðunum, kosningaloforð þessara flokka ganga ekki upp. Þegar hefur þeim tekist að skapa mikið óvissuástand í öllu atvinnulífi með aðgerðaleysi sínu. Það er eins og ríkisstjórnin skilji það ekki að uppbygging öflugs atvinnulífs og útflutningsgreina er það sem skapa mun hér grunn fyrir lífvænlegt samfélag. Það óvissuástand sem þjóðin býr nú við er ekki boðlegt.

Nú er komið að niðurskurðinum og þá skal tekið til hendinni og hætt við mannaflsfreku verkefnin í samgöngumálum. Einmitt þau verkefni sem við getum sett af stað og slegið á atvinnuleysið þar sem það er sárast, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu. Frekari niðurskurður á þessum vettvangi gerir útaf við mörg fyrirtæki og leiðir til enn frekara atvinnuleysis.

Fyrstu skref niðurskurðar í vegagerð vekja ugg. Búið er að fresta útboði vegna Arnarnesvegar í Kópavogi og heyrst hefur að nýjum nauðsynlegum vegi á Álftanes verði einnig frestað. Allt of lengi hafa íbúar höfuðborgarsvæðisins mátt búa við skarðan hlut þegar kemur að framlögum til samgöngubóta. Framlög ríkisins til stofnbrautaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu hafa að meðaltali numið um 25% af heildarfjárveitingu til vegagerðar á landinu öllu sl. 10 ár, þó um langt árabil hafi um 70% af tekjum ríkisins af umferð komið af höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarbúar gera þá kröfu að sitja við sama borð og aðrir landsmenn þegar kemur að framkvæmdum í samgöngumannvirkjum. Standi ríkisstjórnin við kolvitlaus áform sín um niðurskurð í þessum málaflokki er krafa okkar skýr. Samgönguráðherra hafði á sínum tíma stór orð um að hann væri samgönguráðherra alls landsins. Nú þarf hann að standa við orð sín.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**TVÆR HRAÐAMYNDAVÉLAR** verða innan skamms settar upp við þjóðveg 1 milli Hveragerðis og Selfoss. Mörg slys verða á þessum vegarkafla, enda eru þar mörg vegamót og þung umferð. Félag íslenskra bifreiðaeigenda telur þó að hraðamyndavélar einar og sér dugi ekki til heldur þurfi að breyta veginum sjálfum til að draga úr tíðni slysa. www.fib.is





FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447








Kristín vonast til að komast sem oftast í sveitina sína í sumar. Hún er áhugamanneskja um skógrækt og matjurtarækt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ætlar að krækja í silung

**Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, er aldeilis ekki komin í sumarfrí þótt útskrift stórs nemendahóps sé afstaðin. Okkur lék forvitni á að vita hvað hún hygðist fyrir þegar að því kæmi.**

„Ég ætla með fjölskyldunni í eina viku til Suður-Þýskalands og þaðan yfir til Alsasshéraðsins í Frakklandi sem er í uppáhaldi hjá mér. Þar er mikil matar- og vínmenning og afskaplega fallegt. Því er mikið tilhlökkunarefni að koma þangað.“ lýsir Kristín. Hún hefur líka hug á að krækja í silung norður í landi. „Við hjónin förum árlega í veiðiferð í Mývatnssveitina með vinum okkar og það er á dagskrá í sumar eins og endranær,“ segir hún glaðlega. „Þegar stundir gefast verð ég líka í sveitinni minni sem er Þverárhlíð í Borgarfirði. Þar á ég afdrep og vonast til að komast þangað sem oftast því ég er mikil áhugamanneskja um skógrækt og matjurtarækt.“

Einu áhugamáli í viðbót langar Kristínu að sinna í sumarfríinu. Það er að kynnast Vatnajökulsþjóðgarði enda gaf hún kost á sér sem formaður nýstofnaðra hollvinasamtaka hans sem nefnast Vinir Vatnajökuls. „Þetta eru áhugaverð samtök,“ segir hún. „Þau ætla að stuðla að aukinni þekkingu og rannsóknum á þjóðgarðinum sem þekur um 13% af Íslandi og er sá stærsti í Evrópu.“

Kristín segir heimamenn á svæðunum kringum jökulinn hafa átt hugmyndina að hinum nýju samtökum. „Þar er horft til stóru þjóðgarðanna í Bandaríkjunum sem eiga hollvinasamtök sem starfa samhliða þjóðgörðunum. Þessi verða eins. Þau munu starfa meðfram Vatnajökulsþjóðgarði og ætla að safna fé til rannsókna og þekkingaröflunar með frjálsum framlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum. Líka með því að leita út fyrir landsteinana í stóra sjóði sem hafa verið stofnaðir víðs vegar, með það að markmiði að stuðla að rannsóknum á náttúrunni. Við vonumst til að geta auglýst fyrstu styrkina í haust.“

Ekki býst Kristín við að klífa hæsta tind landsins á þessu sumri þó hann tilheyri verndarsvæði Vina Vatnajökuls. Kannski seinna. „Það er stefnan að komast í þjóðgarðinn í sumar. Sem formaður samtakanna finnst mér ég eiga erindi. Ég er ekki alveg búin að ákveða hvar ég ber fyrst niður en leiðin liggur austur.“

*gun@frettabladid.is*










**ELLINGSEN** hefur gert samkomulag við BRP um yfirtöku á söluumboðum fyrir Ski-doo vélsleða, See-do sæþotur, Rotax mótora og Can-am fjórhjól á Íslandi. Jafnframt hefur Ellingsen tekið yfir sölu á Camp-let tjaldvögnum.


















Það er af sem áður var að Volvobílar séu þunglamalegir útlits. Volvo XC60 er þvert á móti sportlegur og afar rennilegur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fasteign á hjólum

**Líklega kemur tvennt fyrst upp í huga flestra þegar minnst er á Volvo. Annars vegar auglýsingafrasinn: Fasteign á hjólum. Hins vegar: Öryggi. Sportjeppinn XC60 er nýjasti meðlimur Volvofjölskyldunnar.**

Sportjeppar er flokkur bíla sem notið hefur talsverðra vinsælda að undanförnu. Þeir eiga það sammerkt að vera fjórhjóladrifnir, hærra undir þá en venjulega bíla, í stærð jepplinga eða minni jeppa og yfirleitt í lúxusbílaflokki. Þetta eru iðulega afar skemmtilegir bílar að handleika en velta má fyrir sér hvort til dæmis fjórhjóladrifinu sé ekki ofaukið í þessa bíla vegna þess hvað þeir eru fínir og þar af leiðandi lítt fallnir til grófrar notkunar.

Volvo XC60 fellur í þennan flokk og hér er enginn svikinn af aksturseiginleikum, öryggi og skemmtilegum búnaði.

Bíllinn er þýður með afbrigðum. Vélarhljóð heyrist nánast ekki inn í bíl og tekið skal fram að reynsluakstursbíllinn var með díselvél. Lipur er hann líka. Þótt nokkuð stór sé þá er tilfinningin við að leggja bílnum eins og um mun minna farartæki sé að ræða.

Fyrirhafnarleysið við hröðun er eftirtektarvert, það er nánast eins og vélin þurfi ekki að erfiða jafnvel þótt bensíngjöfin sé stigin nokkuð fast.

Öryggið hefur alltaf verið aðalsmerki Volvo. Ekki þarf að spyrja að því að XC60 er afar öruggur bíll. Á dögunum hlaut hann til dæmis verðlaun sem besti öryggiskosturinn hjá spænsku öryggisstofnuninni Centro Zaragoza.

Borgaröryggið svokallaða (e. City Safety) er dæmi um eftirtektarverða nýjung á þessu sviði. Það er í raun sjálfvirk bremsa sem ætlað er að koma í veg fyrir aftanákeyrslu í borgarumferð eða þar sem bílar aka í röð á litlum hraða.

Á árum áður þóttu Volvobílar heldur þunglamalegir útlits og annað hvort höfðu menn smekk fyrir því útliti eða þá alls ekki. Nú er öldin önnur og útlit Volvo fylgir meira tískustraumum en áður þótt þeir hafi vissulega sterkari karaktereinkenni í útliti en flestar aðrar bílategundir. Þannig er Volvo CX60 afar laglegur bíll, þunglamalegheitin eru á bak og burt og hér er þvert á móti á ferðinni rennilegur og sportlegur bíll.

*steinunn@frettabladid.is*



Hliðarspeglar leggjast að bílnum þegar honum er læst með fjarstýringu og spretta svo fram þegar hann er opnaður á ný.



Miðjuborðið er notendavænt með örlitlum snúningi að bílstjóra.



Borgaröryggi nefnist eftirtektarverður búnaður í bílnum. Framan við spegilinn er skynjari sem nemur fjarlægð milli bílsins og þess næsta fyrir framan og hægir á ef farið er of nálægt og stöðvar alveg bílinn ef þess gerist þörf.




Sveigjan á afturljósinu gerir mikið fyrir baksvipinn á bílnum.

**VOLVO XC60**

| Vél | Eldsneyti | Eyðsla bl. akstur | Verð |
|---|---|---|---|
| 3,0 Turbo | Bensín | 11,7 l/100 km | 7.590.000 kr. |
| 2,4 D5 | Dísil | 7,5 l/100 km | 7.890.000 kr. |

**PLÚS**
Kraftmikill, þýður og lipur með afbrigðum.

**MÍNUS**
Borgarbíll með sítengdu aldrifi sem flesta daga ársins er ofaukið.

## Líkamsrækt

ÁRANGUSRÍK HEILSUBÓT Heildrænt Æfingakerfi www.yourultimatefatloss-system.com

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskála-nudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

## Snyrting




## Námskeið

**Unleash the Power Within**
**TONY ROBBINS LIVE**

**Róm 25-28.september**
**www.englar.is**

**567-6617 / 699-6617**

**SCHOOL OF ICELANDIC**

**ICELANDIC - ENSKA fyrir BÖRN**
Level I: 4 weeks Md to Fr; 13-14:30 ~~&18-19:30 start: 6/7. Level II: 4w Md-Fr10-11:30 st. 6/7. Level III 4w Md to Fr~~20-21:30 st 6/7. Level IV:10w: Sat/Sun;10-11:30; st:4/7. ENSKA: 2 vikur: ~~5-8 ára: Md-Fös 10:00-11:00 og 9-12 ára;11:15-12-15: dags; 6/7, 20/7, 3/8, 17/8,~~Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Skemmtilegt námskeið fyrir börn og fullorðna. Nánari uppl. s: 895 1551 www.brokey.is

## Kennsla

www.skoli.eu íslenska þýska spænska Icelandic German Spanish kennt í Laugarnesskóla í júlí og ágúst s. 8217163 5538259

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## Heimilistæki

Óska eftir uppþvottavél og eldavél sem fyrst, ódýrt eða gefins! Hafið samband í síma 698 5285.

## Fyrir ferðamenn



ERTU Á LEIÐ Á HNJÚKINN? Leigjum út brodda, belti, karabínur og axir. 5000 kr helgarleiga. Einnig hægt að leigja staka hluti. Bragi s 896 7979, Magnús s. 892 1679

## Fyrir veiðimenn

Maðkar Laxa og Silungs til sölu Tökum einnig pantanir. Uppl. í síma 695-2572 / 562-0242

## Ýmislegt

Óska eftir notuðu Íslensku góðu hústjaldi. T.d frá Tjaldborg eða Seglagerðinni. uppl. í s. 849 5087.

## Húsnæði í boði



1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

**Hafnarfj-Reykjavík-Keflavík**
**Einstaklings, 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir til leigu. Nánari upplýsingar á www.heimahagar.is**

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

4 herb. íbúð til leigu m. bílskýli. Einivellir 7. Frá 1. júlí. S. 899 9760.

Herb.til leigu(við hlemm)skammtíma, langtímaleiga. Verð frá 40 þús. á mán 896 3536.

Rúmgóð 2 herb. íbúð í Kóp. Laus strax! Leiga 85 þ. á mán. fyrirfram. Allt innifalið. S. 693 4904.

Til leigu 35 fm stúdíóíbúð á góðum stað í Kópavogi. Verð 70 þús. p/mán. Uppl. í s. 860 1998.

Góð 2ja herb. íbúð til leigu í Hólahverfi, Reykjavík. Sanngjörn leiga. Laus strax. Uppl. í s. 824 7504.

## Húsnæði óskast

**Hverfi 105 eða 108**
Hæð, raðhús, einbýli, óskast til leigu í 2 ár sem fyrst. Uppl. í s. 820-7065.

**101-105 langtímaleiga**
Fullorðinn maður með hund og kött óskar eftir 2-3 herb. íbúð til leigu í 101-105. Þarf að vera í snyrtilegu umhverfi, rúmgóð og björt, í góðu standi og með garð eða auðveldu aðgengi fyrir dýrin. Eingöngu langtímaleiga (mörg ár) eða kaupleiga kemur til greina. Hámarksgreiðsla 85.000,- pr mán. Frekari uppl. hjá Jens í s. 899-7987.

Hjón með 2 ung börn og gæfan hund sem geltir aldrei óska eftir 4-6 herb. húsnæði á höfuðborgarsvæðinu strax, í langtímaleigu. Blokk kemur ekki til greina. Uppl. í s. 866 0771.

## Sumarbústaðir




Lóð til sölu í Grímsnesi á Þórisstöðum. stærð 6900 fm. Verð 1,6 m. tilbúinn að taka húsbíl eða annað svipað upp að 800 þús. Uppl. í s. 896 2888.

Til leigu er sumarbústaður í sveit. 8km frá Borgarnesi. hestaleiga í nágreni. Gæludýr velkomin. uppl.894 9052.

## Atvinnuhúsnæði

**Iðnaðar- íbúðarhúsnæði**
Á Bíldshöfða. 100 fm iðnaðarhúsnæði á jarðhæð og 100 fm góð íbúð á efri hæð. Leigist saman eða í sitthvoru lagi. Uppl. í s. 892 2722.

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 400m2 versl./skrifstofuhúsnæði á jarðhæð, norðurendi (Tekk plássið). Innk.dyr, næg bílastæði, góð aðkoma. Hagstæð leiga. Uppl. s:895-503

Hlíðasmári Kópavogi Aðstaða fyrir nuddara, snyrtifræðinga o.þ.h., mism. stærðir. Mjög hagstætt leiguverð. Uppl. í 695 7045.

100m2 verslunarhúsnæði Staðsett í Hlíðasmára, Kópavogi. Mjög ódýrt fermetra verð. Uppl. í síma 695 7045.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Bílskúr

Til leigu 28 fm. bílskúr við Fagrahvamm í Hfj. Stígur, s. 858 6438 & 847 5831.

## Gisting

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvotta-aðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

2 herbergja íbúð fullbúin húsgögnum með svefnplássi fyir 2-4. Leigist 1 nótt í senn eða fleiri. Staðsett við Kringluna. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188 eða limoutaxi@hotmail.com.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

GISTING SKAMMTÍMALEIGA í 101 Rvk. Fullbúin íbúð á góðum stað. s: 898-4188

Íbúð á Akureyri Rúmgóð íbúð staðsett í hjarta Akureyrar. Leigist út viku í senn frá mán.-sun. á tímabilinu 6. júlí - 3. ágúst. Upplýsingar í síma 695-7045

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

## Atvinna í boði

Óskum eftir röskum og duglegum bæði þjónum og kokkum sem fyrst í veitingahus í 105 vinnu á kvöldin 896 3536.




**Sala GRILL** Söluturn - Vídeó - Grill

Sala grill óskar eftir kraftmiklu fólki eldri en 20 ára í kvöld og helgarvinnu. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum. Sala grill, Rjúpnasalir 1.

**Aukaleikarar í Kvikmyndina Bjarnfreðarson**
**Við erum að leita að aukaleikurum á öllum aldri fyrir tökur allan júlí.**
**Áhugasamir sendið upplýsingar um umsækjendur með mynd og síma á aukaleikarar@sagafilm.is**

Fyrirtæki sem er að hefa rekstur óskar eftir að komast í samband við aðila sem treystir sér til að fylla útí heimasíðu, þegar það er fyrir hendi. Uppl. í S 862 5844.

**Ísbúð-atvinna !**
Við leitum að röskum og vönum aðilum til þess að taka að sér sjálfstæðan rekstur á nýrri ísbúð í fallegu umhverfi. Umsóknir sendist á hitti@simnet.is

**Verkstjóri**
Vantar verkstjór á saltfiskvinnslu og aðra fiskvinnslu. Uppl. í s. 892 0367.

Óska eftir starfskrafti í heimilsþrif. Need person for house cleaning. Uppl. í s. 893-8335.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)



**Chat.is**
Við spjöllum saman og kynnumst nýju fólki á Chat.is. Það kostar ekkert, og vefurinn er í boði á fjölda tungumála.

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**Ertu einmana í nótt ?**
**Dreymir þig um hvað þú gerir við okkur ? Hringdu, engin bið. Næstum öll símafyrirtæki ná í gegn. S. 908 6666**

Óska eftir að kynnast konu á góðum aldri. S. 844 9615.

## Fasteignir

**BÚSETI**™
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Búseti hsf. • Skeifan 19, 108 Reykjavík • Sími: 520 5788 • Fax: 533 5749 • www.buseti.is

Hefurðu kynnt þér búseturéttaríbúð að norrænni fyrirmynd? Hafðu samband og skoðaðu málið!

### Dæmi um íbúðir sem eru lausar eða losna fljótlega



Bjallavað 7 Reykjavík 3ja herbergja 93 fm
Búsetugjald á mánuði 124.184,- kr.



Blikás 19 Hafnarfirði 4ra herbergja 110 fm,
Búsetugjald á mánuði 128.990,- kr



Þrastarás 12, 221 Hafnarfjörður Fjórbýli, sér inngangur, 151 fm, 5 herb. Pallur og skjólgirðing, Laus strax. Viltu skoða? Heyrðu í Jóhönnu búseturéttareiganda í síma: 861-7145,

Búsetugjald: 157.596.- Lágmarksréttur: 2.258.612.-
Hámarksréttur: 3.525.385.-

- Vaxtabætur einstæðra foreldra eru að hámarki 20.358,- einhleypra 15.829,- og hjóna eru 26.177,-
- Hvað er ekki innifalið?
  - Innbústrygging • Rafmagn íbúðar
- Hvað er innifalið í mánaðargjaldi?
  - Afborgun lána
  - Fasteignagjöld
  - Húseigendatrygging
  - Brunatrygging fasteignar
  - Hiti
  - Hússjóður

Bjóðum einnig uppá leiguíbúðir

Athugið, hægt er að sækja um á heimasíðu !

*Fyrirvari um mögulegar prentvillur og breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum.*

* *Nýuppgerð íbúð, fyrirvari um endanlegar tölur.*

www.buseti.is

Eigum einnig íbúðir sem losna fljótlega við Laugaveg, Kirkjustétt, Bjallavað, Kristnibraut, Blikás, Þverholt Mosfellsbæ og Lerkigrund Akranesi. Sjá nánar á heimasíðu.


DRAPE NECK DRESS | 13.900


LARGE KNOT HOODIE | 18.500


FRILL FRONT DRESS | 15.900


TWIST HOODIE | 17.800


STRING DRESS | 14.600


CAPE DRESS | 13.900


DISCO DRESS | 10.500



# Löglegt? Siðlegt!

UMRÆÐAN

Höskuldur Þórhallsson skrifar um Icesave



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Þorvaldur Gylfason prófessor reynir í grein í Fréttablaðinu að svara ákalli Stefáns Más Stefánssonar lagaprófessors og Lárusar Blöndals hrl. um röksemdir fyrir því að Íslendingum beri lagaleg skylda til að borga Icesave-skuldbindingarnar. Þótt Þorvaldur svari þeirri spurningu ekki til fulls veltir hann því upp hvort okkur beri siðferðileg skylda til þess og þá einkum út frá sjónarhóli Breta.

**Sjónarmið Frakka**

Þorvaldur telur skiljanlegt að þjóðir Evrópu telji að Íslendingum beri að greiða þessar skuldir og vitnar í orð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í DV máli sínu til stuðnings. Þar sagði Ingibjörg að ekki mætti leika vafi á að innistæður væru tryggðar því þá myndi skapast réttaróvissa. Þar með hefði innistæðueigandi á Spáni, í Frakklandi eða annars staðar fengið tilefni til að efast um tryggingar og tekið út spariféð sitt. Þessi röksemdarfærsla gengur ekki upp ef grannt er skoðað.

Í fyrsta lagi er allskostar óvíst að allar þjóðir Evrópu telji að Íslendingum beri að greiða þessar skuldir. Fullyrðingar í aðra átt hafa komið fram og einfaldlega rangt að halda þessu fram. Í öðru lagi verða innistæður verða eftir sem áður tryggðar með því sem fyrir er í tryggingasjóðunum. Íslendingar hafa aldrei haldið öðru fram. Þá eru engar líkur á því að bankar muni af þessari ástæðu einni verða gjaldþrota. Og í þriðja lagi líta Frakkar sömu augum innistæðutryggingakerfið og Stefán Már og Lárus. Franski seðlabankinn hefur þegar lýst því yfir að engin ábyrgð sé á bak við franska banka önnur en ábyrgðin í innistæðutryggingasjóði landsins. Engin ríkisábyrgð sé þar á bak við.

Þess ber að geta að bankastjóri franska seðlabankans sem gaf út þessa yfirlýsingu er núverandi bankastjóri Seðlabanka Evrópu.

**Orð skulu standa**

Í greininni bendir Þorvaldur einnig á skýrslu Jakobs Möllers, hrl. þar sem fullyrt er að ítrekaðar yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda bindi hendur þeirra; samningar séu því nauðsynlegir og dómstólaleiðin komi því ekki til álita. Þetta er vindhögg. Íslensk stjórnvöld gáfu í þrí- eða fjórgang misvísandi og óljósar yfirlýsingar til hollenskra og breskra yfirvalda. Engin þeirra getur bundið Íslendinga að þjóðarrétti, hvað þá velt úr gildi tilskipun ESB um innistæðutryggingar eða EES-samningnum. Þá geta yfirlýsingar framkvæmdavaldsins aldrei gengið framar þeirri skýru reglu stjórnarskrárinnar, að Alþingi eitt geti tekið ákvarðanir um fjárútlát úr ríkissjóði. Sambærilegar reglur eru í rétti allra vestrænna þjóða.

*Íslensk stjórnvöld gáfu í þrí- eða fjórgang misvísandi og óljósar yfirlýsingar til hollenskra og breskra yfirvalda. Engin þeirra getur bundið Íslendinga að þjóðarrétti, hvað þá velt úr gildi tilskipun ESB um innistæðutryggingar eða EES-samningnum.*

**Sjónarmið Breta**

Þorvaldur veltir upp þeirri spurningu hvort Bretar, með fulltingi annarra þjóða myndu falla frá kröfu sinni ef Íslendingum bæri ekki lagaskylda til að greiða Icesave-ábyrgðirnar og kemst að þeirri niðurstöðu að það sé ekki endilega svo, krafan yrði þá siðferðileg frekar en lagaleg.

Þessi niðurstaða er afar furðuleg svo ekki sé meira sagt. Við þurfum væntanlega ekki fulltingi eins eða neins til að Bretar falli frá kröfu sinni. Slíkt liggur í hlutarins eðli.

Vangaveltur um hvort siðferðilega hafi ranglega verið staðið að sölu Landsbankans og hvort Björgólfur eldri hafi eitt sinn fengið skilorðsbundinn dóm fyrir bókhaldsbrot, hugsanleg tengsl Björgólfs yngri við rússneska auðkýfinga, hafa bara ekkert með það að gera hvort Bretar eigi siðferðilega kröfu á íslenskan almenning út af Icesave. Ég deili hins vegar pirringi mínum með Þorvaldi út í íslenska auðmenn og ég krefst þess eins og hann að fá að vita hvort orðrómur um misferli eigi við rök að styðjast. En eitt er víst. Þjóð sem ber fyrir sig að annrri þjóð beri siðferðileg skylda til að greiða umfram skyldu skv. dómsúrskurði yrði að athlægi á alþjóðavettvangi.

**Í góðri trú**

Í lok greinarinnar kemst Þorvaldur að þeirri niðurstöðu að viðskiptavinir hafi mögulega verið í góðri trú vegna yfirlýsinga íslenskra stjórnvalda um að þau myndu styðja bankana. Og þess vegna kynnu Bretar að líta svo á, að Íslendingum bæri siðferðileg skylda til að axla ábyrgð á Landsbankanum hvað sem lögin segi. Það er jákvætt að Þorvaldur telji að engin lög kveði á um slíka fásinnu. Þau gera það heldur ekki.

Íslendingar geta heldur ekki verið að velta því fyrir sér hvað Bretum kynni að finnast um afstöðu okkar. Reyndar hafa Bretar sýnt það í gegnum tíðina að þeir virða réttarríkið þannig að ég hef efasemdir um að túlkun Þorvalds á tilfinningalífi þeirra eigi við rök að styðjast.

Eins og ég hef vikið að fæ ég ekki á nokkurn hátt séð að Íslendingum beri lagaleg, hvað þá siðferðileg, skylda til að greiða Icesave-skuldbindingarnar að kröfu Breta og Hollendinga.

*Höfundur er héraðsdómslögmaður og alþingismaður.*






# Að hlúa að skólafólki

**UMRÆÐAN**

Gyða Einarsdóttir svarar grein Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur



GYÐA EINARSDÓTTIR

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi benti í grein í Fréttablaðinu 26. júní á það vandamál að drengir virðast sýna langskólanámi minni áhuga og fá síður skólavist í tveim vinsælustu framhaldsskólum landsins. Þetta er mál sem vissulega þarf að rannsaka betur og takast á við. Ég sé samt ekki í grein hennar hvernig hún leggur til að það sé gert.

Á sama tíma og Þorbjörg Helga fjallar um að úrræði gagnvart einum hópi grunnskólabarna vanti er hún ásamt félögum sínum í borgarstjórn að draga úr útgjöldum til skóla Reykjavíkur, sem leiðir til þjónustuskerðingar allra barna. Hún dregur saman grein sína með þeim orðum að aðalatriðið sé að í samfélaginu og skólaumhverfinu séu í boði ólíkar leiðir fyrir alla. Leiðir að settu markmiði fyrir stúlkur mega ekki vera á kostnað drengja. Auðvitað er þetta satt og rétt en mig langar þó að staldra aðeins við þessi ummæli. Hvaða leiðir eru það sem farnar eru til handa stúlkum sem bitna á drengjum í íslenskum skólum? Ég veit ekki betur en að ekki sé gerður greinarmunur á nemendum eftir kyni við skipulagningu náms og kennslu og að nemendur sæki sömu kennslustundir hjá sömu kennurum.

Rannsóknir sýna að kynferði kennara skipti ekki máli þegar kemur að gæðum menntunar, heldur hæfni kennarans, óháð kyni kennara eða þeirra nemenda sem hann kennir. Auk þess njóta drengir oft meiri athygli og tíma kennara en stúlkur. Úrræði kosta peninga. Þetta virðist hafa farið framhjá mörgum ráðamönnum sem koma nálægt málefnum grunnskóla. Starfsemi grunnskóla veltur mikið til á því starfsfólki sem þar starfar. Þegar ekki er hægt að greiða kennurum laun sem duga þeim til framfærslu (eins og nú er gert) er ekki heldur hægt að velja úr fólki. Niðurstaðan verður því alltaf sú að innan grunnskólanna er mikið af hæfu fólki en skólastjórnendur eru ekki í stöðu til að velja sér starfsfólk. Þegar peninga skortir er ekki hægt að veita einstaka nemendum þá þjónustu sem þeir þarfnast.

Reykjavíkurborg hefur lengi sýnt vítavert metnaðarleysi þegar kemur að grunnskólum með því að sníða þeim svo þröngan stakk að starfsfólki þeirra hefur verið gert afar erfitt fyrir að sinna sínum störfum svo vel sé. Nú er enn verið að draga saman í því sem vísað er til á tyllidögum sem mikilvægustu grunnþjónustu samfélagsins.

*Á sama tíma og Þorbjörg Helga fjallar um að úrræði gagnvart einum hópi grunnskólabarna vanti er hún ásamt félögum sínum í borgarstjórn að draga úr útgjöldum til skóla Reykjavíkur, sem leiðir til þjónustuskerðingar allra barna.*

Ég skora á Þorbjörgu Helgu að sjá að sér og tala fyrir auknum úrræðum (peningum) til handa grunnskólunum (þar sem hún hefur augljósan áhuga á málefnum þeirra og nemenda, hvers kyns sem þeir eru) og hætta við að skerða fjárveitingar til þeirra. Áframhaldandi fjársvelti til grunnskólanna mun skerða jafnrétti allra íslenskra skólabarna til náms til lengri og skemmri tíma.

*Höfundur er háskólanemi og fyrrverandi kennari.*


# Júlítilboð World Class

Tilboð gildir til 31. júlí



Einn mánuður heilsurækt kr. **5.990.-**

Einn mánuður baðstofa kr. **14.990.-**

Laugar - Spöng - Hús Orkuveitunnar - Seltjarnarnes - Kópavogur - Hafnafjörður - Mosfellsbær

World Class Iceland

www.worldclass.is Sími 553 0000



*Eiginmaður minn,*

**Jón Ísberg**

fyrrv. sýslumaður í Húnavatnssýslu,
Brekkubyggð 36, Blönduósi,

verður jarðsunginn frá Blönduóskirkju föstudaginn 3. júlí kl. 14.00.

**Þórhildur Ísberg**

---



*Ástkær unnusta mín, systir okkar og mágkona,*

**Ásthildur Símonardóttir**

Sléttuvegi 7, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 28. júní. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigurður Árni Sigurðsson**
**Helgi Símonarson** **Bryndís Gunnarsdóttir**
**Hanna Jonny Símonardóttir**
**Erla Símonardóttir**
**Viðar Símonarson** **Halldóra Sigurðardóttir**
**Margrét Símonardóttir** **Nathan Langwald**
**Þorbjörg Símonardóttir** **Auður Karlsson**
**Jóhanna Símonardóttir** **Vilhjálmur Nikulásson**

---



*Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Sigurður Bergmann Runólfsson**

bakarameistari, Vallarási 1, Reykjavík,

sem lést að morgni sunnudagsins 21. júní, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju föstudaginn 3. júlí kl. 13.00.

**María Emma Suarez**
**Blængur Sigurðsson**
**Allan Sigurðsson.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halla Inga Einarsdóttir,**

áður til heimilis að Eikjuvogi 24,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 26. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 2. júlí kl. 15.00.

**Pálína Erna Ólafsdóttir**
**Marsibil Ólafsdóttir** **Stefán Árnason**
**Sigrún Ólafsdóttir** **Pétur Jónsson**
**Ingimar Ólafsson** **Guðlaug Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

**Sigurbjörn Pálmason**

Vesturbrún 17, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu sunnudaginn 28. júní síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju föstudaginn 3. júlí klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ás styrktarfélag.

**Ingibjörg Daníelsdóttir** **Pálmi Jónsson**
**Hjálmar Pálmason** **Guðlaug Sigurðardóttir**
**Gylfi Pálmason**
**Hólmgeir Pálmason** **Ingibjörg Þorláksdóttir**
**Bergþór Pálmason** **Sigrún Marinósdóttir**
**Ásgerður Pálmadóttir** **Guðjón S. Gústafsson**
**Svanhildur Pálmadóttir** **Sigurður Ámundason**
**og fjölskyldur.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Jónsdóttir**

Melagötu 15, Neskaupstað,

andaðist á Landspítalanum miðvikudaginn 24. júní. Jarðarförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 3. júlí kl. 14.00.

**Gunnar Jónsson**
**Jón Gunnarsson**
**Sigurbjörg Gunnarsdóttir**
**Steinar Gunnarsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Matthildur Bylgja Ágústsdóttir**

Staðarhrauni 24a, Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fimmtudaginn 25. júní. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, föstudaginn 3. júlí kl. 13.00.

**Walter Borgar**
**Brynleifur Heiðar Jónsson** **Ra Ong Phumatphon**
**Ágúst Hilmar Jónsson** **Erla Björg Kjartansdóttir**
**og ömmubörnin.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Linda Wendel**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að kvöldi 28. júní. Útför fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 3. júlí kl. 13.00.

**Agnar Ingólfsson**
**Torfi Agnarsson** **Elva Sif Kristinsdóttir**
**Ingi Agnarsson** **Laura May-Collado**
**Gunnar Páll Torfason**
**Axel Örn Torfason**
**Anna Cara Torfadóttir**
**Amelie Melkorka Ingadóttir May**
**Maríanna Wendel**

---



*Innilegar þakkir til allra sem veittu hluttekningu og sýndu hlýhug við andlát og útför*

**Jóhannesar Arasonar**

frá Múla.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Ari Óskar Jóhannesson**
**Elías Í. Jóhannesson**

---



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra,*

**Jóns Erlings Þorlákssonar**

**Sigrún Brynjólfsdóttir**
**Brynjólfur Jónsson** **Dagný Guðnadóttir**
**Þorlákur Jónsson** **Anna Guðrún Ívarsdóttir**
**Þorgerður Jónsdóttir**
**Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir**
**Jón Erlingur Jónsson** **Anna Stefánsdóttir**
**Þuríður Jónsdóttir** **Atli Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**MICHELSEN-FEÐGAR** Frank Úlfar og Róbert Michelsen starfa hlið við hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

MICHELSEN ÚRSMIÐIR: 100 ÁRA

# Fjórir ættliðir úrsmiða

Í hundrað ár hefur Michelsen-fjölskyldan þjónustað úr fyrir Íslendinga og umheiminn. Saga fyrirtækisins Michelsen hófst í raun árið 1907 þegar Friðrik VIII konungur Danmörku kom í opinbera heimsókn til Íslands en í föruneyti hans var J. Frank Michelsen úrsmíðameistari sem settist hér að. Hann var afi Franks Úlfars Michelsen úrsmíðameistara sem rekur fyrirtækið Michelsen í dag.

„Afi stofnaði sitt eigið fyrirtæki með úr, klukkur og skartgripi á Sauðárkróki 1. júlí árið 1909,“ segir Frank en faðir hans, Franch Michelsen sem nýlega er fallinn frá, lærði úrsmíði hjá föður sínum og varð einnig úrsmíðameistari. „Hann fór til frekara náms til Danmerkur árið 1937 og starfaði að því loknu hjá Carl Jonsén, konunglegum hirðúrsmið í Kaupmannahöfn. Þar sá hann um að gera við úr sem komu frá danska aðlinum og hirðinni, meðal annars gerði hann við úr Alexandrínu Danadrottningar,“ segir Frank og heldur áfram: „Pabbi hélt svo heim þegar Þjóðverjar hertóku Danmörku árið 1940 og opnaði þremur árum síðar verslun í Reykjavík sem starfaði samhliða úrsmíðastofunni á Sauðárkróki,“ segir hann. Verslanirnar sameinuðust árið 1946 þegar J. Frank fluttist til Reykjavíkur og störfuðu þeir feðgar saman fram að andláti J. Frank árið 1954.

Sjálfur stundaði Frank Úlfar nám hjá föður sínum og útskrifaðist sem úrsmíðameistari frá WOSTEP í Neuchâtel í Sviss árið 1978. Hann starfaði við hlið föður síns alla tíð en keypti fjölskyldufyrirtækið árið 1999 á níutíu ára afmæli þess. Og fjölskylduhefðin er greinilega rík því sonur Franks, Róbert, er nýkominn heim úr framhaldsnámi í úrsmíði í Sviss og er þar með fjórði ættliðurinn í Michelsen-fjölskyldunni sem leggur fyrir sig úrsmíði. „Hann náði að sýna afa sínum úrið sem hann bjó til í skólanum áður en hann lést. Ég held að pabbi hafi bara verið að bíða eftir því,“ segir Frank og brosir til sonar síns sem situr ásamt föður sínum á kaffistofu verslunar Michelsen að Laugavegi 15. Blaðamanni þykir ljóst að þeir deila saman ástríðu á úrverkinu.

Þeir feðgar höfðu ætlað að halda veglega upp á aldarafmælið en hin margumrædda kreppa og fráfall Franchs hefur eytt þeim plönum. „Við ætlum þó að vera með ýmis tilboð allt afmælisárið og höfum stofnað síðu á Facebook,“ segir Frank . Auk þess verður í tilefni afmælisins endurvakið úr sem J. Frank Michelsen framleiddi. „Þetta er úrategundin Michelsen sem verður framleidd aftur eftir sextíu ára hlé en framleiðslu úranna var hætt í seinna stríðinu,“ segir Frank, sem hlakkar til að raða saman vasa- og armbandsúrum sem hönnuð voru af afa hans.

solveig@frettabladid.is

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og fósturfaðir,*

**Guðmundur Jónsson**

Mávahlíð 7,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 20. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 2. júlí kl. 13.00.

**Jón Guðmundsson** **Guðrún Sigurbjörnsdóttir**
**Viðar Guðmundsson**
**Guðmundur H. Jónsson**
**Sigurbjörg Jónsdóttir**
**Þórir Skúlason** **Una O. Guðmundsdóttir**
**Júlíus Skúlason** **Svanborg Jónsdóttir**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



SodaStream
VNR. 94990000
SodaStream
SODASTREAM TÆKI
1 GASHYLKI OG 1 EINS LÍTRA
PLASTFLASKA FYLGIR
13.990
SodaStream tækin eru komin aftur í BYKO
HAGKVÆMT
FYRIR HEIMILIÐ
Gríptu tækifærið núna!
Síðasta sending seldist upp.
Eitt gashylki dugar í 60 lítra af kranavatni.
NÝTT MÓDEL
Ath.: Gömlu gashylkin og gömlu SodaSteam flöskurnar ganga ekki með þessari nýju tegund SodaStream tækja.
sodastream
BYKO
EXPO · www.expo.is

# Alicante
## í júlí
frá kr. 19.990

Kr. 19.990
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum til Alicante. Sértiboð 1., 8., 15. og 22. júlí. Aðeins örfá sæti.

**Allra síðustu sætin**
Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólina við Alicante í júlí á hreint ótrúlegu verði. Gríptu tækifærið og tryggðu þér flugsæti á frábærum kjörum.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


FLJÓTSDALSHÉRAÐ

## Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 20. maí sl. tillögu að Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Tillagan var auglýst þann 4. mars og lá frammi til kynningar til 16. apríl sl. Frestur til að skila athugasemdum rann út 16. apríl sl. og bárust 33 athugasemdir. Bæjarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína.
Aðalskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Þeir sem óska nánari upplýsinga um aðalskipulagið og niðurstöðu bæjarstjórnar geta snúið sér til skipulags- og byggingarfulltrúa, Fljótsdalshéraðs.
Frekari upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu Fljótsdalshéraðs, www.fljotsdalsherad.is.

**Fljótsdalshéraði 01.07.2009**
**Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs.**

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

## Breyting á Svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, niðurfelling skipulagsins

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Héraðssvæðis samþykkti þann 6. maí 2009 tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010. Tillagan felst í að svæðisskipulagið verði fellt niður ásamt greinargerð. Tillagan var auglýst þann 4. mars og lá frammi til kynningar til 16. apríl sl. Frestur til að skila athugasemdum rann út 16. apríl sl. Engar athugasemdir bárust við tillöguna.
Tillagan var send sveitarstjórnum Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs til samþykktar og hafa þær samþykkt tillöguna.
Samþykkt tillaga hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu samvinnunefndar geta snúið sér til Bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs.

**Fljótsdalshéraði 01.07.2009**
**Samvinnunefnd um svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010.**



NOKKUR ORÐ
Sara McMahon

# Sannkallaður nútíma Villi Wonka

Ég viðurkenni það fúslega að ég er heldur blaut á bak við eyrun þegar kemur að öllu sem viðkemur viðskiptum. Ég hef til að mynda aldrei kunnað að græða en er þess í stað sérstaklega dugleg í því að spara það litla sem ég á. Mér finnst því nokkuð undarlegt að Björgólfur yngri hafi komið fram og látið hafa eftir sér í íslenskum fjölmiðlum að hann ætli nú að leggja sitt af mörkum til að aðstoða þjóð í kreppu með því að koma með nýja fjárfesta inn í landið. Ætli að það sé enn til sá Íslendingur sem treystir þessum manni til að stunda heiðarleg viðskipti sem munu ekki hafa slæmar afleiðingar í för með sér? Réttast væri að Björgólfur yrði sviptur þeim réttindum að fá að stunda nokkurs konar viðskipti í framtíðinni. Mér finnst sömuleiðis skrítið að Bjarni Ármannsson skuli nú stoltur geta kallað sig eiganda sælgætisverksmiðju á Bretlandi. Sannkallaður nútíma Villi Wonka. Er það svona sem viðskiptaheimurinn gengur fyrir sig? Menn keyra fyrirtæki og þjóð í þrot en geta samt sem áður fundið mögulega fjárfesta hér og þar og haldið áfram að stunda sín viðskipti ánægðir og sáttir? Þykir það ef til vill alveg sjálfsagt að þeir fái annað tækifæri til þess að sanna sig? Sjálfsagt að fara strax aftur á bak bikkjunnar sem þeir sprengriðu stuttu áður?



Annað sem mér þótti undarlegt að heyra var það að Jóhanna Sigurðardóttir skuli ekki telja heimilin jafn illa sett og flestir gera ráð fyrir. Getur það staðist að heimilin séu flest að pluma sig vel þegar ríkið rær lífróður til að komast af? En eins og ég segi, þá er ég heldur blaut á bak við eyrun þegar kemur að viðskiptum.

# myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÓDÝRT! ÓDÝRT!

## Lækkað verð alla vikuna!



ÓDÝRT! ÓDÝRT!
6.490
~~7.990~~

Tjald, Santa Barbara
3 manna
5869205



TAX FREE! TAX FREE!
ALLAR VINDSÆNGUR



Svefnpoki, Oulu
5869205
2.990
~~3.990~~



16.990
~~18.990~~

Tjald, Sylt
6 manna fjölskyldutjald,
5869207

# ALLT FYRIR ÚTILEGUNA

## FRÁBÆRT VERÐ ALLA VIKUNA



TAX FREE! TAX FREE!
ÖLL KÆLIBOX



8.990

Gönguskór, leður
Herra og dömu,
ítalskir leðurskór með veltisóla
5863085-5863096



4.999
~~5.990~~

Regn/vindsett,
Herra og dömu, margir litir, S-XXXL
5868001-5868006



TAX FREE! TAX FREE!
ALLAR FLÍSPEYSUR OG SOFTSHELL

Einnota grill
Fáanlegt á Torginu
í völdum verslunum
430095



499



TAX FREE! TAX FREE!
BARNA-LEIKFÖNG

HÚSASMIÐJAN x blómaval Frábær saman

**Gildir í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

**! kl. 11**

*Hið árlega friðarhlaup er sett í dag í Laugardalnum. Friðarhlaupið er kyndilhlaup til að efla frið, vináttu og skilning, en þátttakendur hlaupa í kringum Ísland á sextán dögum. Í ár taka þrjátíu hlauparar þátt frá fimmtán löndum en við setningu hlaupsins, sem Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra stýrir, hlaupa fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ ásamt 100 krökkum á leikjanámskeiði fyrsta spölinn með hlaupurunum þrjátíu.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Japanskt undrabarn og Amiina

Japanska undrabarnið Shugo Tokumaru og íslenska hljómsveitin Amiina leiða saman hesta sína í Norræna húsinu í kvöld.

Shugo, sem er einungis 29 ára gamall, hefur vakið verðskuldaða athygli en hann blandar saman þjóðlögum og raftónlist. Hljóðheimurinn er allt að bernskur en hann notar barnahljóðfæri í bland við hefðbundin við tónlistarsköpun sína. Út hafa komið þrjár plötur með undrabarninu og hljómsveit hans en Shugo er á tónleikaferðalagi um Evrópu um þessar mundir og stoppar á Íslandi á leið sinni á Hróarskelduhátíðina.

Tónleikarnir þykja fanga vel andann í dagskrá Norræna hússins, 101 Tokyo, sem stendur yfir þessa viku. Íslenskir listamenn komast þar í bein kynni við japanska. Starfa Shugo og Amiina því saman í nokkrum lögum, en ein ástæða þess að hann kemur fram hér á landi er sú að hann vildi vinna með stúlkunum. Aðrir viðburðir eru listasmiðjur í japanskri blekmálun, fimmtudag og föstudag, fyrirlestur Guju Daggar Hauksdóttur um nútímabyggingarlist í Japan og á Íslandi á fimmtudagskvöld og listasmiðja fyrir börn um japönsk og íslensk rými á laugardag. Dagskránni lýkur svo með kvikmyndasýningu á Kikujiro eftir Takeshi Kitano.

Frítt er inn á tónleikana og takmarkað sætaframboð.



**TÓNLIST** Shugo Tokumaru spilar með Amiinu í Norræna húsinu í kvöld.

### > ekki missa af

útsölunni í Nexus sem byrjar í dag, stundvíslega klukkan tólf, og stendur til hálf átta á föstudaginn. Í sumarmyndafárinu er ekki úr vegi að finna afmælisgjafir, safngripi og góðar bækur á kostaverði, en eins og flest sem er þess virði að vita af í Nexus hverfur það besta hratt. Því er um að gera að drífa sig, þó ekki sé nema til að berja dýrgripina augum, finna fágætar gersemar í bland við algjört rusl og njóta litagleðinnar í hópi nörda Íslands.




## Þrjár góðar í Þjóðmenningarhúsi

Fyrstu helgi júnímáðar voru þrjár nýjar sýningar opnaðar í Þjóðmenningarhúsinu og munu þær standa í sumar. Þar ber fyrsta að nefna sýninguna Norrænt bókband 2009 en þar eru sýnd verk eftir norræna bókbindara sem tóku þátt í samnefndri samkeppni í handbókbandi.

Þetta er í fjórtánda sinn sem keppnin hefur verið haldin en efnt var til hennar í fyrsta sinn 1956. Íslendingar sjá nú í fyrsta sinn um skipulagningu þessa norræna samstarfsverkefnis og hafa umsjón með því. Það er handbókbandsklúbburinn JAM-hópurinn sem sér um það fyrir Íslands hönd.

Ákveðið var að gefa út ljóðabókina Norðanvindur, sem er safn 90 ljóða eftir 18 norræn skáld. Hún er myndskreytt af þremur íslenskum grafíklistamönnum og teiknuðu þeir myndir af öllum skáldunum.

Bókbindarar tilkynntu um þátttöku og fengu allir eina bók af Norðanvindi til þess að binda inn. Í janúar síðastliðnum skiluðu 89 bókbindarar inn verkum sínum og hefur þátttakan aldrei verið meiri. Hún skiptist þannig eftir löndum: Svíþjóð 26 verk, Danmörk 23, Ísland 20, Finnland 10 og Noregur 10. Verkin voru síðan dæmd eftir reglum keppninnar og fjórðungur þeirra settur í heiðursflokk eða 23 verk. Dómararnir voru allir íslenskir: Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun, Torfi Jónsson, myndlistarmaður og kalligraf, Hilmar Einarsson, bókbandsmeistari og forvörður í Morkinskinnu, og Theodór Guðmundsson bókbandsmeistari.



**BÓKMENNING** Eitt verðlaunaverka á bókbandssýningunni norrænu í Þjóðmenningarhúsinu eftir Monicu Langve. MYND/ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Sýningunni lýkur lýkur 7. ágúst. Þar næst fer hún til Danmerkur, þaðan til Finnlands, því næst fer hún til Oslóar og síðast fer sýningin til Svíþjóðar. Hún verður opnuð í Gautaborg 1. júní og stendur þar til 15. ágúst 2010.

Í tengslum við þessa sýningu var opnuð í kjallara sýningin Sauðskinn, saffían og shirtingur frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Á sýningunni er stiklað á stóru í hundrað ára sögu bókbandsstofu Landsbókasafnsins og var hún sett upp í Þjóðarbókhlöðunni sl. haust í tilefni af afmæli bókbandsstofunnar. Saga bókbandsstofunnar er samofin sögu hússins þar eð hún var þar til húsa lungann úr liðinni öld. Nafn sýningarinnar er dregið af þremur tegundum þess efniviðar sem notaður hefur verið við bókband í gegnum tíðina.

Þriðja sýningin sem opnuð var í byrjun júní er sýning á málverkum eftir Huldu Vilhjálmsdóttur (1971). Sýningin er í rými verslunar hússins og veitingastofu en þar eru jafnan sýnd verk eftir athyglisverða núlifandi íslenska listamenn. Í verkum sínum leitast Hulda við að túlka þau áhrif sem íslensk náttúra hefur á hana og einnig það að finnast maður nálægt einhverju yfirnáttúrulegu, mitt í nálægðinni við náttúruna. Verkin eru öll unnin árin 2008-2009. Hulda útskrifaðist úr Málaradeild Listaháskóla Íslands árið 2000. Hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum allt frá árinu 1996.

pbb@frettabladid.is

*hámarksupphæð á vaxtalausum greiðslukortasamningi er 500.000 kr. og lágmarksupphæð er kr. 60.000. Lántökugjald er 3%.

Vaxtalaus þjónustulán

0% vextir! í allt að 12 mánuði

Audi
Atvinnubílar
MITSUBISHI MOTORS

Hér tökum við á móti þínum bíl




Þegar nauðsynlegt er að ráðast í viðhald eða viðgerðir á bíl frá HEKLU borgar sig að leita ekki langt yfir skammt. HEKLA býður nú upp á vaxtalaus lán til að standa undir kostnaði á viðgerðum*. Þannig getur þú tryggt endingu og öryggi bílsins án þess að það setji stórt strik í heimilisbókhaldið. Pantaðu tíma hjá þjónustudeildum HEKLU strax í dag í síma 590 5030.

Reynslan er góð!

Þjónustuver og þjónustumóttökur eru opnar frá 8-18 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@thjonusta.is

Laugavegi 168-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

# útsala

íþróttaskór sundföt sportfatnaður útivistarfatnaður barnafatnaður reiðhjól

# 30 til 50 prósent afsláttur

ÚTILÍF

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 46619 06/09

### > LEKMAN MEÐ SVÍNAFLENSU



Sænski tónlistarmaðurinn Jens Lekman hefur greinst með veiruna H1N1, sem betur er þekkt sem svínaflensa. Hann hefur verið settur í tíu daga einangrun eftir að það leið yfir hann í flugvél á leið frá Suður-Ameríku. Lekman hefur tvívegis spilað hér á landi og einnig starfað með Benna Hemm Hemm.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Sara Marti lærir leikstjórn í London

Sara Marti Guðmundsdóttir leikkona ætlar í leikstjórnarnám í Central School of Speach and Drama í London í október. Hún sleppir því hlutverki sínu í uppsetningu Þjóðleikhússins á Fridu, en sýningar byrja í haust. Sara er ein af fjórum sem fengu inngöngu í leikstjórn en alls verða 20 manns með henni í mastersnámi á hinum ýmsu sviðum leiklistar. Mörg þúsund manns sækja um inngöngu ár hvert.

Hvað sækir Sara í leikstjórnina? „Ég hef leikstýrt unglingaleikhópum í mörg ár og hef komist að því hægt og rólega, eftir að hafa unnið sem leikkona núna í tvö, þrjú ár, að mér finnst æfingaferlið skemmtilegasti hlutinn. Skapandi ferlið kveikir mest í mér.“ Sara verður ekki ein í London en Sigrún Huld Skúladóttir vinkona hennar og fyrrum bekkjarsystir úr LHÍ hefur nám í kvikmyndaleikstjórn í East 15 skólanum á sama tíma.

Sara og tilvonandi eiginmaður hennar, Tobias Munthe, eru flutt út, en Sara skaust heim á sunnudaginn til að sinna undirbúningi fyrir giftingu þeirra, sem verður í Frakklandi 18. júlí næstkomandi. Spurð hvort brúðkaupið verði ekki fínt svarar hún, „Ég veit það ekki, ég hef aldrei gift mig í Frakklandi áður, en ég held það. Geta brúðkaup verið eitthvað annað en æðisleg?“ Sara er einnig ánægð með nýtt líf í London. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég bý þar af alvöru og það er yndislegt.“ **-kbs**



**HEFUR NÝTT LÍF Í LONDON** Sara Marti er flutt út með tilvonandi eiginmanni sínum og byrjar í nám í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Spacey pirraður

Leikarinn Kevin Spacey er orðinn pirraður á sífelldum sögusögnum um andlát fræga fólksins. Eftir að Michael Jackson og leikkonan Farrah Fawcett létust í síðustu viku hefur farið orðrómur í gang um dauða Jeff Goldblum, Britney Spears og George Clooney. Sagt var að Goldblum hefði látist á Nýja Sjálandi við tökur á sinni nýjustu mynd, en upplýsingafulltrúi hans var fljótur að vísa fregnunum til föðurhúsanna.

Spacey heimtar nú að þessari vitleysu verði hætt í eitt skipti fyrir öll. „Jeff Goldblum er sprelllifandi. Ég var að tala við umboðsmanninn hans. Hættið að dreifa þessum orðrómi,“ sagði hann.






**ALLT SNÝST UM JACKSON** Dauði Michaels Jackson hefur einokað forsíður slúðurblaðanna og sumar fréttirnar eru lyginni líkastar. Einhverjir halda því jafnvel fram að Jacko hafi sviðsett eigin dauðdaga. NORDIC PHOTOS/AFP

# Dauði Jacksons verður sirkus

**Afþreyingarheimurinn í Bandaríkjunum hefur staðið kyrr síðan Michael Jackson lést á fimmtudaginn úr hjartaáfalli. Enda snýst allt um andlát poppguðsins.**

Raunar er óvinnandi vegur að hlaupa yfir allar fréttir um Michael Jackson sem búið er að birta á netinu. Sumar eru lyginni líkastar því strax eru komnar fram samsæriskenningar um að Jackson hafi sviðsett eigin dauðdaga. Hann hafi verið orðin svo stressaður yfir öllu tónleikahaldinu sem framundan var og ákveðið að láta sig hverfa. Þær eru öllu alvarlegri fréttirnar sem berast af heittrúuðum aðdáendum Jacksons, og þeir eru þó nokkrir, en Sky-fréttastofan greindi frá því í gær að tólf Jackson-aðdáendur hefðu svipt sig lífi í kjölfar fréttanna um dauða Jackos.

Fjölmiðlar hafa einnig verið iðnir við kolann í tilraunum sínum til að varpa ljósi á hvers vegna söngvarinn fékk hjartaáfall svona skyndilega. Flestir hallast að því að Jackson hafi misnotað ýmis konar verkjalyf en hann keypti slíkar pillur fyrir þrjátíu þúsund pund í hverri viku, sem eru litlar sex milljónir íslenskar, samkvæmt breska blaðinu The Sun. Blaðið bendir jafnframt á þá staðreynd að Jackson hafi verið stórskuldugur maður; skuldahalinn hafi numið 300 milljónum bandaríkjadala eða 38 milljörðum íslenskra króna. Söngvarinn hafi átt erfitt með að fá lán hjá lánardrottnum sínum og því samið um að fara í This is it-tónleikaferðina upp í skuldirnar. „Þetta álag varð honum ofviða,“ hefur The Sun eftir heimildarmanni sínum.

Fjölmiðlar búast einnig við skrautlegri sýningu frá Jackson-fjölskyldunni. Og sumir hafa jafnvel gengið svo langt að saka Joe Jackson, föður Michaels, um að reyna að græða á athyglinni sem fjölskyldan hefur fengið eftir að óskabarnið dó. Tilkynnt hefur verið að Katherine Jackson, móðir Michaels, hafi yfirumsjón með eignum sonar síns og börnum þar til lögfræðingar hafa yfirfarið erfðarskrána og að faðir hans verði gerður arflaus. Þá er talið líklegt að systir hans, Janet, muni fá það vandasama hlutverk að ala börnin upp. Debbie Rowe, móðir Paris og Prince Jackson, hefur reynt árangurslaust að ná tali af fjölskyldu Michaels en hún vill sem minnst af Rowe vita. Debbie hefur hins vegar tilkynnt að hún muni reyna að fá forræðið yfir börnunum fyrir dómstólum.

Að endingu er rétt að geta þess að bandarískir fjölmiðlar hafa greint frá því að Jackson kunni að verða grafinn í glerkistu og að Madonna, poppdrottningin sjálf, muni standa fyrir minningartónleikum um þennan fallna starfsbróður sinn.

# Salander kemur til Íslands

Sænska leikkonan, Noomi Rapace, sem leikur tölvuþrjótinn Lisbeth Salander í kvikmyndinni Karlar sem hata konur, verður viðstödd frumsýningu myndarinnar þann 22. júlí í Smárabíói. Noomi, sem á íslenskan stjúpföður og er altalandi á íslensku, hyggst eyða nokkrum dögum hér á landi ásamt fjölskyldu, en með henni í för verða börnin hennar tvö og maðurinn hennar, leikarinn Ole Rapace, sem aðdáendur sjónvarpsþáttarins Önnu Pihl ættu að kannast við í hlutverki Daníels.

Noomi hefur ekki farið leynt með íslenska fortíð sína. Samkvæmt sænskum vefmiðlum bjó Noomi um stundarsakir á Flúðum ásamt móður sinni og afrekaði það meðal annars að leika lítið hlutverk í kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, Í skugga hrafnsins.

Kvikmyndin Karlar sem hata konur er byggð á metsölubók Stieg Larsson en hún hefur selst í bílförmum á Norðurlöndunum. Ísland er þar engin undantekning. Lengi vel leit reyndar út fyrir að kvikmyndin yrði ekki sýnd í íslenskum kvikmyndahúsum en, sem betur fer, hafðist það fyrir horn. **-fgg**



**KEMUR TIL ÍSLANDS** Noomi Rapace ætlar að vera viðstödd frumsýningu Karla sem hata konur sem verður þann 22. júlí.

# Miði eða minjagripur



**MICHAEL JACKSON** Popparinn snjalli lést á dögunum, fimmtugur að aldri.

Þeir aðdáendur Michaels Jackson sem keyptu miða á endurkomutónleika hans í London geta fengið miðann sinn endurgreiddan eða fengið sendan til sín miða sem minjagrip.

Um 750 þúsund manns höfðu borgað á milli 10 og 30 þúsund krónur fyrir miða á tónleikana sem áttu að fara fram í O2-höllinni. Þeir fyrstu áttu að hefjast 13. júlí og átti tónleikaröðinni ekki að ljúka fyrr en á næsta ári. „Heimurinn missti góða sál og svo vildi einnig til að hún var mesti skemmtikraftur sem heimurinn hefur átt,“ sagði forseti AEG Live sem skipulagði tónleikana. „Hann elskaði aðdáendur sína og þess vegna viljum við koma jafn vel fram við þá eftir dauða hans.“

Þeir sem keyptu miða hafa frest til 14. ágúst til að svara því hvort þeir vilji endurgreiðslu eða fá miða sendan sem minjagrip. Miðarnir, sem eru til í átta mismunandi litum, voru sérhannaðir af Michael Jackson.

# Flaming Lips fær gesti

Hljómsveitin MGMT og Karen O, söngkona Yeah Yeah Yeahs, verða gestir á næstu plötu Flaming Lips sem er væntanleg í haust. Aðdáendur sveitarinnar hafa beðið spenntir eftir plötunni, sem verður tvöföld og nefnist Embryonic. „Vegna laganna sem Karen O syngur hringdi ég í hana á hótelherbergið hennar og við unnum þetta bara í gegnum símann. Það var frekar undarlegt,“ sagði söngvarinn Wayne Coyne. Síðasta plata Flaming Lips, At War with the Mystics, kom út árið 2006. Í fyrra gaf sveitin síðan út kvikmyndina Christmas on Mars sem hafði verið í vinnslu frá árinu 2001.



**FLAMING LIPS** Hljómsveitin Flaming Lips fékk góða gesti á nýju plötuna sína.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 1. júlí 2009**

### Tónlist

**12.00** Hádegistónleikar kammerkórsins **Schola cantorum** í Hallgrímskirkju. Miðaverð 1.000 krónur.



**20.00** Trúbadorarnir **Svavar Knútur** og Helgi Valur og hljómsveitin Árstíðir spila í Hlöðunni, Arnardal við Ísafjarðardjúp.

**20.00** **Shugo Tokumaru** ásamt hljómsveit í Norræna húsinu. Hljómsveitin Amiina flytur einnig valin lög. Aðgangur ókeypis.



**21.00** Megas og **Ólöf Arnalds** leiða saman hesta sína á öðru kvöldi Fuglabúrsins, tónleikaraðar FTT á Café Rosenberg. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

**21.00** Jón Hilmar Kárason og norska blús- og soul-drottningin Mighty Marith and the Mean Men spila á **Græna hattinum, Akureyri.**

### Uppákomur

**11.00** Opnunarhátíð **Friðarhlaupsins í kringum Ísland**. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra setur hlaupið á gervigrasvellinum í Laugardal.

### Leiklist

**20.00** Söngleikurinn **Grease** í Loftkastalanum í kvöld.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

ENGLABÖRNIN
Kringlunni
útsala
40%
afsláttur af
öllum vörum
bisgaard
Englabörnin Kringlunni sími 552 2201



ATH: FYRSTA SÝNING ER 13:30 Í ÁLFABAKKA







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 - 5:30 - 8D - 11D POWER | 10 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 11 | VIP |
| ÍSÖLD 3 m/ísl.tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| ÍSÖLD 3 m/ísl.tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| HANGOVER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 8 - 8:10 - 8:30 - 10:20 - 10:30 - 11 | 12 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 - 5:50 | VIP |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 4D - 7D - 10D POWER | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 4 - 6D - 7 - 8D - 9:10 - 10:20D | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 4(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 11 POWER | 12 |
| HANGOVER | kl. 8 - 10 | 12 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFRUMSÝNING!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ICE AGE 3 3D ENSKT TAL ÁN TEXTA | kl. 8 - 10.10 D | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| ICE AGE 3 LÚXUS ENS. TAL /ÍSL. TEX | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 10.10 - 11 | 10 |
| TRANSFORMERS 2 LÚXUS | kl. 10.10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 8 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 3.30 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| TYSON | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| YEAR ONE | kl. 9 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 6 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 - 8 | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 8 - 10 | L |
| YEAR ONE | kl. 10 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| YEAR ONE | kl. 5.45 | 7 |
| TERMINATOR | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.30 | L |

NÝTT Í BÍÓ! LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| ICE AGE 3 - 3D - Enskt tal | kl. 8 - ÓTEXTUÐ | L |
| TRANSFORMERS 2 - POWER | kl. 4, 8 og 10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 8 og 11 | 7 |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 10 | 14 |




**PARTÍ** Fyrsta plata hljómsveitarinnar <3 Svanhvít er komin út.

# Partí frá Svanhvíti

Hljómsveitin <3 Svanhvít hefur gefið út sína fyrstu plötu, Partí á Íslandi, á vegum útgáfufyrirtækisins Brak. Sveitin, sem hefur verið starfandi síðan 2007, var stofnuð af nokkrum skólafélögum úr MR og lenti í öðru sæti í Músíktilraunum sama ár. Fengu þeir í verðlaun hljóðverstíma sem voru notaðir við gerð nýju plötunnar. Nokkrar mannabreytingar hafa orðið á <3 Svanhvíti. Núna samanstendur hún af níu manneskjum, þeim Aldísi Ernu Pálsdóttur, Arnari Tómasi Valgeirssyni, Árna Gunnari Eyþórssyni, Brynjólfi Gauta Jónssyni, Daða Helgasyni, Halldóri Kr. Þorsteinssyni, Jóhanni Reyni Gunnlaugssyni, Sindra Frostasyni og Magnúsi Erni Sigurðssyni. Nýjasta lag þeirra, 70, er komið í spilun á helstu útvarpsstöðvum landsins.

# Sú fyrsta í fjórtán ár

**Fyrsta hljóðversplata grunge-rokkaranna í Alice in Chains í fjórtán ár, Black Gives Way to Blue, er væntanleg 29. september. Fyrsta smáskífulagið af henni, A Looking in View, er nýkomið út. Platan verður sú fyrsta með nýjum söngvara, William DuVall, sem gekk til liðs við sveitina fyrir endurkomutúr hennar 2006. Söngvarinn fyrrverandi, Layne Staley, lést árið 2002 eftir erfiða baráttu við fíkniefni. Gítarleikarinn Jerry Cantrell segist vera mjög stoltur af nýju plötunni.**

**„Sama hvernig hún selst þá erum við í það minnsta ánægðir með hana. Við fílum hana í tætlur og stöndum fast á bak við hana og hvern annan.“**

# Björgólfur og Sturla vörubílstjóri saman í mynd

**Fjöldi heimildarmynda er í vinnslu um íslenska efnahagshrunið. Fyrsta myndin er að verða klár en hún verður frumsýnd á sögulegum degi.**

„Þetta er alveg pottþétt dagsetning, hún gæti bara ekki verið betri,“ segir Helgi Felixson en hann frumsýnir, fyrstur allra, heimildarmynd sína um bankahrunið á Íslandi hinn 6. október, nákvæmlega ári eftir að Geir H. Haarde flutti víðfrægt ávarp til íslensku þjóðarinnar. Myndinni hefur verið gefið nafnið Guð blessi Ísland með tilvísan í ræðu Geirs. Svo skemmtilega vill til að RÚV stefnir á að frumsýna fyrstu heimildarmyndina af fimm þennan sama dag en Helgi vonast til að plús-stöðin bjargi honum fyrir horn.

Helgi kafar í myndinni ekki ofan í hagfræðingakenningar er varða íslenska efnahagshrunið heldur beinir kastljósinu að mannlega hlutanum, hvernig Íslendingar upplifðu það þegar landið var við það að sogast ofan í hyldýpi þjóðargjaldþrots. Meðal þeirra sem Helgi fylgist með er Duni, lögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu sem á að halda uppi lögum og reglu en er sjálfur bæði reiður og ringlaður. Einnig koma við sögu nornin Eva Hauksdóttir og sonur hennar Haukur sem voru áberandi í búsáhaldabyltingunni auk Einars Más Guðmundssonar. Sturla Jónsson vörubílstjóri kemur töluvert fyrir í myndinni. „Og svo ræða bæði Björgólfur og Bjarni Ármannsson við mig. Þetta eru þó ekki einhverjar varnarræður heldur eru þeir bara að segja frá því hvernig þeir upplifðu þennan tíma.“

Til stóð að Jón Ásgeir Jóhannesson yrði meðal viðmælanda en hann gekk úr skaftinu á síðustu stundu. „Hann bara hætti við en á ennþá von um að komast í síðasta klippið. Ég er að vonast til að ná honum,“ segir Helgi og bætir því við að hann sé með dúndurefni í höndunum. „Ég gæti haldið áfram með þessar sögur fram á síðasta dag.“ **- fgg**



**FRUMSÝNIR 6. OKTÓBER** Helgi Felixson frumsýnir hinn 6. október en meðal viðmælenda hans í heimildarmyndinni Guð blessi Ísland eru Bjarni Ármannsson og Sturla Jónsson.

# Syngja fyrir afslappaða þjóð

„Þetta er stuttur og góður túr. Við erum farnir að gera þetta á hverju sumri,“ segir Kristján Kristjánsson, KK, sem er á leið í tónleikaferð um landið með Magga Eiríks. Tilefnið er útgáfa af Ferðalagaplötum þeirra þremur í einum veglegum pakka ásamt söngvabók með öllum textunum og gítargripunum.

Plöturnar þrjár hafa notið gríðarlegra vinsælda í gegnum árin og selst í rúmlega þrjátíu þúsund eintökum. Með KK og Magga Eiríks í för verður skipuleggjandinn Óttar Felix Hauksson. „Við tökum veiðistangirnar með eins og við gerum alltaf. Við höfum reyndar ekki komist í veiði ennþá en við erum bjartsýnir,“ segir KK.

Hann segir rosalega gaman að spila þessi gömlu og góðu íslensku lög fyrir Íslendinga. „Það á sérstaklega vel við á þessum tíma að spila þessi lög. Það er gaman að fara og spila fyrir fólk sem er í fríi og afslappað. Þetta er einhver önnur þjóð sem við höfum ekki séð sem mætir þarna.“

Kristján segist ekki hafa átt von á þessum gríðarlegu vinsældum Ferðalagaplatnanna. „Ég gerði mér ekki grein fyrir því hversu mikilvæg mörg af þessum lögum væru fyrir fólk. Á útgáfutónleikunum 2003 spiluðum við í BSÍ og þangað kom fólk sem er eldra en ég sem var bara með tárin í augunum.“

Fyrstu tónleikarnir verða í Lindarkirkju í Kópavogi í kvöld en þeir síðustu verða í Úthlíð í Biskupstungum 18. júlí. **- fb**



**KK OG MAGGI EIRÍKS** KK og Maggi Eiríks á blaðamannafundi á Kjarvalsstöðum þar sem nýi Ferðalagapakkinn var kynntur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TÓNLEIKAFERÐIN:**

| | |
|---|---|
| 1. júlí | Lindakirkja, Kópavogi |
| 2. júlí | Græni Hatturinn, Akureyri |
| 3. júlí | Kántrýbær, Skagaströnd |
| 4. júlí | Bragginn, Hólmavík |
| 5. júlí | Edinborgarhúsið, Ísafirði |
| 9. júlí | Félagsheimilið, Patreksfirði |
| 16. júlí | Duushús, Reykjanesbæ |
| 17. júlí | Borg í Grímsnesi |
| 18. júlí | Úthlíð í Biskupstungum |

# Útsalan er hafin
# Opnum kl. 07:00

**40%**
afsláttur af
öllum vörum!

Kringlunni • Sími 551 3200

next

### > Atvik umferðarinnar

Þegar Mark Rutgers innsiglaði dramatískan 3-2 sigur á Breiðabliki með marki í uppbótartíma eftir að KR hafði lent 2-0 undir í leiknum.

### > Bestu ummælin

„Mér er skítsama því það eru allir dómarar jafngóðir og jafnlélegir í þessari deild. Við lendum stundum undir í dómgæslu eins og allir aðrir.“ Andri Ólafsson Eyjamaður ræðir dómgæsluna af yfirvegun.



**sport**
sport@frettabladid.is

PEPSI-DEILD KARLA: LIÐ 9. UMFERÐAR

# *FH hélt markinu hreinu allan júní*

Ótrúleg sigurganga FH-inga hélt áfram í Vestmannaeyjum um helgina. Liðið hefur haldið hreinu í síðustu fimm leikjum sínum en síðasti leikmaðurinn til að skora gegn Íslandsmeisturunum var Jónas Guðni Sævarsson, á 59. mínútu leiks KR og FH þann 28. maí síðastliðinn. FH hélt því marki sínu hreinu allan júnímánuð eða í alls 481 mínútu.

Það skal þó tekið fram að í júnímánuði lék FH gegn Fjölni, Grindavík, Þrótti, Fram og ÍBV - fimm neðstu liðum deildarinnar. Vissulega er árangur liðsins frábær en það er langt síðan liðið lék gegn öðru toppliði í deildinni.

Næsti andstæðingur liðsins er Valur á útivelli og verður athyglisvert að sjá hvort að þéttur varnarleikur Valsaranna haldi aftur af gríðaröflugum sóknarleik Hafnfirðinga.

Valsmenn féllu þó á prófinu gegn Stjörnunni sem lék vörn þeirra nokkuð grátt á sunnudagskvöldið og vann öruggan 3-0 sigur.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** Þróttur, 16
**Flest skot á mark:** KR, 12.
**Fæst skot:** Valur, 5.
**Hæsta meðaleink.:** Stjarnan. 6,54
**Lægsta meðaleink.:** Valur, 4,38
**Grófasta liðið:** Fylkir, 19 brot.
**Prúðasta liðið:** Stjarnan, 7 brot.
**Flestir áhorfendur:** 1.969 á leik KR og Breiðabliks.
**Fæstir áhorfendur:** 600 á leik ÍBV og FH.
**Áhorfendur alls:** 6.915 (1.153).

**Besti dómarinn:** Kristinn Jakobsson fékk einnig 8 í einkunn fyrir sína frammistöðu í 9. umferðinni. Hann dæmdi leik Fjölnis og Fram.

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild kvenna*

KR-Stjarnan 1-4
0-1 Björk Gunnarsdóttir (16.), 1-1 Katrín Ómarsdóttir (20.), 1-2 Guðríður Hannesdóttir (42.), 1-3 Eyrún Guðmundsdóttir (56.), 1-4 Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir (75.).

ÍR-Þór/KA 0-4
0-1 Rakel Hönnudóttir, 0-2 Vesna Smiljcovic, 0-3 og 0-4 Mateja Zver.

GRV-Fylkir 1-4
0-1 Danka Podovac (20.), 0-2 Anna Sigurðardóttir (45.), 0-3 Anna Sigurðardóttir (51.), 0-4 Anna Sigurðardóttir (60.), 1-4 Linda Ósk Kjartansdóttir (90.).

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Valur** | **10** | **7** | **2** | **1** | **49-14** | **23** |
| 2. Breiðablik | 10 | 7 | 2 | 1 | 31-8 | 23 |
| **3. Stjarnan** | **10** | **7** | **2** | **1** | **27-9** | **23** |
| 4. Þór/KA | 10 | 6 | 1 | 3 | 32-19 | 19 |
| **5. Fylkir** | **10** | **5** | **3** | **2** | **28-15** | **18** |
| 6. KR | 10 | 3 | 1 | 6 | 16-15 | 10 |
| **7. Aftur/Fjöln** | **9** | **3** | **1** | **5** | **13-20** | **10** |
| 8. GRV | 10 | 3 | 0 | 7 | 7-29 | 9 |
| **9. ÍR** | **10** | **1** | **2** | **7** | **8-42** | **5** |
| 10. Keflavík | 9 | 0 | 0 | 9 | 6-46 | 0 |




# Eigum efnivið í meistaralið

**Sam Tillen er leikmaður 9. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann hefur verið fastur hluti af vörn Framliðsins og átti góðan leik er Framarar unnu góðan 2-1 sigur á Fjölni á útivelli. Hann segist afar ánægður í Safamýrinni.**

**FÓTBOLTI** Sam Tillen er leikmaður 9. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann leikur með Fram sem vann 2-1 útisigur á Fjölni í síðustu viku, en það var annar sigur liðsins í síðustu þremur deildarleikjum þess.

„Þetta var erfiður leikur, rétt eins og leikirnir okkar gegn Fjölni í fyrra. Það er mikið barist í þessum leikjum en við þurftum sárlega á þessum sigri að halda. Við þurfum að vinna liðin í neðri hluta töflunnar til að lyfta okkur í efri hlutann,“ sagði Sam.

Fram kom mörgum á óvart í fyrra með því að lenda í þriðja sæti, en þá var Sam að leika sitt fyrsta tímabil með Fram. Hann, eins og flestir, reiknar með að FH verji titilinn sinn en vonast til að Fram geti byggt upp lið á sömu meistaraformúlu.

„Ég held að eina liðið sem geti stöðvað FH sé FH sjálft. Þetta er lið sem hefur spilað lengi saman og þannig lið ná árangri. Það er það sem við erum að reyna að gera hjá Fram og vonandi tekst það á næstu 2-3 árum.“

Sjálfum líst Sam vel á þá tilhugsun að vera á Íslandi í minnst það langan tíma.

„Algerlega. Ég hef notið mín mjög vel og allir hjá félaginu hafa reynst mér mjög vel. Ég og kærastan mín, sem er ensk, erum mjög ánægð á Íslandi og getum vel hugsað okkur að vera hér í langan tíma.“

Hann átti þó aldrei von á því að hann myndi ílengjast sem knattspyrnumaður á Íslandi. Hann ólst upp hjá Chelsea, þar sem hann var frá ellefu til tuttugu ára aldurs, áður en hann lék í tvö og hálft ár með Brentford sem einnig er í Lundúnum.

„Hjá Brentford kynntist ég Ólafi Inga Skúlasyni og hann hvatti mig til að skoða þann möguleika að fara til Íslands. Ég fékk svo tækifærið hjá Fram.“


**SAM TILLEN** Hefur leikið vel í vörn Framara. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eftir bankahrunið í haust var ljóst að flest lið í deildinni þurftu að losa sig við útlendingana sína. Fram ákvað að halda bæði í Sam og bróðir hans, Joe.

„Ég var hræddur um að ég myndi ekki fá að koma hingað aftur,“ viðurkennir Sam. „Þetta var furðulegt tímabil hjá mér. Það kom til greina fyrir mig að fara til Svíþjóðar en það kom ekkert út úr því. Brynjar (Jóhannsson, framkvæmdarstjóri) og Þorvaldur (Örlygsson, þjálfari) náðu þó að koma því í gegn að fá okkur hingað og ég er þeim í raun afar þakklátur fyrir það því ég hafði vissulega áhyggjur.“

Sam hefur kynnst því að leika með unglinga- og varaliði Chelsea sem og í neðri deildum Englands með Brentford. Hann segir þó íslenska boltann henta sér betur. „Liðin hér reyna að spila betri fótbolta en er gert í neðri deildunum í Englandi. Við erum vissulega eitt af þeim liðum og við erum með leikmenn sem eru duglegir að láta boltann ganga áfram hratt og vel. Það hentar mér betur og mér finnst einfaldlega skemmtilegra að spila slíka knattspyrnu.“

**eirikur@frettabladid.is**


**MARGRÉT LÁRA** Vill komast í betra leikform. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Margrét Lára Viðarsdóttir:

## Söðlar um í Svíþjóð

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir gekk í gær til liðs við Kristianstad í sænsku úrvalsdeildinni frá Linköping sem leikur í sömu deild. Hún vonast með þessu til að koma sér í betra form fyrir EM í Finnlandi.

„Ég hefði gjarnan viljað vera áfram hjá Linköping og sanna mig þar, sem ég hefði gert á endanum. En tími minn var á þrotum,“ sagði Margrét Lára í samtali við Fréttablaðið. „Ég skoðaði því þá möguleika sem eru í boði og leist best á að koma til liðs þar sem ég þekki þjálfaraumhverfið vel,“ sagði hún, en þjálfari Kristianstad er Elísabet Gunnarsdóttir. Hún þjálfaði Margréti Láru bæði hjá ÍBV og Val til margra ára.

„Það er allt annað að spila 90 mínútur en bara 10-15 mínútur í hverri viku. Ég er með þessu að leita eftir leiðum til að koma mér í mitt besta form og mætti það miklum skilningi hjá Linköping.“

Elísabet sagðist hæstánægð með komu Margrétar Láru enda veitti ekki af liðsstyrknum. **- esá**

www.lyfja.is
LYFJA
- Lifið heil



Gildir 26. júní til 3. júlí á meðan birgðir endast. Fæst í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi og Selfossi.

Kaupauki
ESTÉE LAUDER. Kauptu sólarvörn eða sjálfbrúnkukrem og fáðu tösku, sólarpúður eða sjálfbrúnkukrem með í kaupbæti.

Stjarnan gerði góða ferð í Vesturbæinn og vann KR, 1-4, í Pepsi-deild kvenna:

# Stjörnustúlkur léku á alls oddi

**FÓTBOLTI** Stjarnan skaust upp að hlið Vals og Breiðabliks á toppi Pepsi-deildar kvenna með mögnuðum 1-4 sigri gegn KR á KR-velli í gærkvöldi.

„Við erum komnar til þess að vera þarna uppi. Sama hvað aðrir segja þá höfum við mikla trú á okkur og við sýndum það í þessum leik. Þetta var algjör draumaleikur,“ segir Björk Gunnarsdóttir sem átti frábæran leik fyrir Stjörnuna í gær, líkt og raunar allt Stjörnuliðið.

Björk opnaði markareikning gestanna með marki á 16. mínútu eftir stungusendingu Gunnhildar Yrsu Jónsdóttur en Katrín Ómarsdóttir jafnaði metin fjórum mínútum síðar. Stjörnustúlkur voru sterkari aðilinn eftir jöfnunarmarkið en flest virtist benda til þess að liðin færu jöfn inn í hálfleik þegar sérstakt atvik átti sér stað. Stjörnustúlkan Guðríður Hannesdóttir virtist þá hreinsa boltann fram völlinn þegar hún var rétt komin yfir miðjulínuna en Íris Dögg Gunnarsdóttir misreiknaði sig í marki KR og boltinn skoppaði yfir hana og í markið.

Staðan var því 1-2 í hálfleik og KR-stúlkur fundu sig í raun aldrei í seinni hálfleik og virkuðu slegnar út af laginu.

Stjörnustúlkur héldu hins vegar uppteknum hætti og spiluðu fínan sóknarbolta á köflum.

Eyrún Guðmundsdóttir og Gunnhildur Yrsa bættu við tveimur mörkum áður en yfir lauk og góður 1-4 útisigur Stjörnunnar staðreynd.

Það skyldi því enginn afskrifa Stjörnuna í spennandi toppbaráttu Pepsi-deildarinnar sem framundan er í sumar.

**- óþ**


**FÖGNUÐUR** Björk Gunnarsdóttir fagnar opnunarmarkinu á KR-vellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# 20% AFSLÁTTUR

af sólarvörn frá NIVEA OG HAWAIIAN TROPIC




24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 5. júlí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

> **Carson Kressley**

„Ég er ekki mikið fyrir reglur, mér finnst gaman að brjóta þær og leiðinlegt að fylgja þeim."

***Carson Kressley stýrir þættinum How to Look Good Naked á Skjáeinum kl. 21.50.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR ER GRENJUSKJÓÐA

# Öskubuska og magabeltið hundrað sinnum enn

Það er alveg merkilegt hvernig sömu hlutirnir ná manni trekk í trekk. Þannig geta aðdáendur þátta horft á sama plottið milljón sinnum, líkt og í Survivor þar sem einhver er jú stunginn í bakið, líkt og venjulega. Samt eru áhorfendur alltaf jafn hlakkandi, hissa og jafnvel reiðir yfir því hvernig leikurinn, sem þeir elska og kunna, virkar.

Í kvöld byrjar að nýju bandaríska útgáfan af How to Look Good Naked. Persónulega held ég meira upp á bresku útgáfuna, Gok Wan er einfaldlega frábærari hommi en hýra augað Carson Kressley. En hvora útgáfuna sem maður velur þá er í raun alltaf það sama í þáttunum. Kona er óhamingjusöm. Kona kemst að því að hún lítur ekki eins illa út og hún hélt. Kona fær ný föt. Kona fer úr öllum fötunum. Kona hamingjusöm. Einfalt, ekki satt? Ég segi sjálfri mér að ég horfi til að læra hvernig ég geti klætt mig betur, hvað feli stórar mjaðmir og svo framvegis. Ef ég er hins vegar alveg hreinskilin við sjálfa mig, þá horfi ég til að upplifa ævintýrið um Öskubusku upp á nýtt og engin er öskubuskan án tára. Það er jú þeirra vegna sem við horfum, ekki satt?



**LAGÐUR Í EINELTI** Yndið hann Gok Wan veit sínu viti þegar kemur að lágu sjálfsáliti, en sjálfur var hann lagður í einelti.

Hvað er betra en lágt sjálfsálit, afleiðingar eineltis, fitukeppir og slit? Hefur sjónvarpið nokkurn tíma komist svo nærri frumþörfum mannsins, að hía, glápa og skammast sín? Finna loks samkennd og fá jafnvel kökk í hálsinn yfir fegurð heimsins. Slíkir eru töfrar þátta eins og How to Look Good Naked.

Það fallegasta við þættina er þó boðskapurinn, þú ert falleg eins og þú ert, í þínu eigin skinni. Ekkert sílikon eða botox eða hvað þetta allt heitir, bara kvenlíkaminn í allri sinni dýrð. Og þá fyrst fer maður að grenja. Yfirleitt eru tárin í sjónvarpinu gremjutár, reiðitár, útkreist eða tár síþreytu og heimþrár. En perlurnar eru sáttartárin, hamingjutárin og tár mannlegrar samkenndar. Við erum öll Öskubuska. Gok og Carson eiga skóinn sem týndist á ballinu.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.10 Gossip Girl** STÖÐ 2



▶ **20.30 Monitor** SKJÁREINN



▶ **22.00 Fracture** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.05 Bones** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.20 Frank Gehry og verk hans** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Út og suður** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Barnaefni:** Púkka, Gurra grís, Disneystundin, Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir, Nýi skóli keisarans
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.
**20.55 Brennið þið, vitar** (1:4)(Unnar Örn sýnir í Dalatangavita) Stuttir þættir um myndlist í fjórum vitum á Listahátíð.
**21.05 Vitið og viðkvæmnin** (1:3) (Sense & Sensibility) Breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Jane Austen um hremmingar ekkju og þriggja dætra hennar eftir að kemur á daginn að sonur mannsins hennar af fyrra hjónabandi erfir eignir hans.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
▶**22.20 Frank Gehry og verk hans** (Sketches of Frank Gehry) Heimildarmynd eftir Sydney Pollack frá 2005 um arkitektinn Frank Gehry. Meðal þekktra húsa sem Gehry hefur teiknað eru Walt Disney-tónleikahöllin í Los Angeles og Guggenheim-safnið í Bilbaó í Baskalandi.
**23.45 Kastljós (e)**
**00.15 Íslenska golfmótaröðin (3:6) (e)**
**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Tenacious D in The Pick of Destiny**
**10.00 Pokemon 6**
**12.00 Sleepover**
**14.00 Matilda**
**16.00 Tenacious D in The Pick of Destiny**
**18.00 Pokemon 6**
**20.00 Sleepover**
▶**22.00 Fracture**
**00.00 Cube Zero**
**02.00 The Woodsman**
**04.00 Fracture**
**06.00 Diary of a Mad Black Woman**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni.** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin, Bratz
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (7:26)
**09.55 Doctors** (8:26)
**10.25 Gilmore Girls**
**11.10 Gossip Girl** (13:18)
**11.50 Grey's Anatomy** (20:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (223:260)
**13.25 Newlywed, Nearly Dead** (13:13)
**13.50 ER** (19:22)
**14.50 The O.C. 2** (2:24)
**15.45 Barnaefni:** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin, Litla risaeðlan
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (10:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (17:25)
▶**19.45 Two and a Half Men** (20:24)
**20.10 Gossip Girl** (21:25) Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum um líf ungra, fordekraðra krakka á Manhattan.
**20.55 The Closer** (10:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan lögreglunnar í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna.
**21.40 Monarch Cove** (3:14)
**22.25 Love You to Death** (3:13) Þættir um sakamál sem öll eiga það sameiginlegt að tengjast hjónum og ástríðuglæpum.
**22.50 Sex and the City** (13:18)
**23.15 In Treatment** (7:43)
**23.45 The Mentalist** (19:23)
**00.30 ER** (19:22)
**01.45 Weeds** (9:15)
**02.10 Weeds** (10:15)
**02.35 X-Men: The Last Stand**
**04.15 Monarch Cove** (3:14)
**05.00 The Closer** (10:15)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**19.00 Chelsea - Arsenal, 1997** Leikur Chelsea og Arsenal á Stamford Bridge var taumlaus skemmtun. Frábærir leikmenn voru í liðunum á borð við Zola, Tony Adams, Ian Wright og Dennis Bergkamp.
**19.30 Tottenham - Chelsea, 1997** Frábær leikur á White Hart Lane í desembermánuði 1997. Gianfranco Zola og félagar fóru á kostum í leiknum.
**20.00 Enska úrvalsdeildin. Hull - Liverpool** Útsending frá leik Hull og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**21.40 Brasilía** Frábærir þættir sem varpa einstöku ljósi á knattspyrnuhefðina í Suður-Ameríku. Í þessum þætti verða drengirnir frá Brasilíu teknir fyrir en engin þjóð hefur oftar sigrað á HM í knattspyrnu karla.
**22.35 Season Highlights 2000/2001** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**23.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Kauþþingsmótið**
**17.05 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum.
**17.35 NBA tilþrif**
**18.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar**
**18.55 Sterkasti maður Íslands**
**19.25 Meistaradeildin í golfi 2009** Mótið er ætlað kylfingum með forgjöfina 3 og upp í 20 þannig að meðal keppenda eru væntanlega framtíðar atvinnumenn.
**19.55 Barcelona - Man. Utd 2.11. 1994** Sigur Rauðu djöflanna á Börsungum í úrslitaleik Evrópukeppni bikarhafa 1991 er með þeim eftirminnilegri. Liðin drógust síðan saman í Evrópukeppni meistaraliða þremur árum síðar og þá ætluðu Spánverjarnir að hefna ófaranna. Eftir 2-2 jafntefli á Englandi stóð Barcelona vel að vígi og leikmenn Manchester United fengu heldur betur að kenna á því.
**21.35 Celebrity Soccer Sixes** Óvenjulegt knattspyrnumót sem haldið var á Stamford Bridge, heimavelli Chelsea, en þangað mættu margar skærar stjörnur sem eru þekktar fyrir allt annað en knattspyrnu.
**22.30 Ultimate Fighter - Season 9**
**23.15 Poker After Dark**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.30 Matarklúbburinn** (2:8) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (2:8) (e)
**12.30 Óstöðvandi tónlist**
**17.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.00 The Game** (22:22)
**18.25 What I Like About You** (8:24) (e)
**18.50 Stylista** (5:9) (e)
**19.40 Psych** (2:16) (e) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
▶**20.30 Monitor** (2:8) Skemmtiþáttur fyrir ungt fólk sem unninn er af tímaritinu Monitor. Kynnir þáttarins er Erna Bergmann en henni til halds og trausts er öflugt lið frá Monitor sem haldið hefur úti skemmtilegu vefsjónvarpi á heimasíðu sinni (www.monitor.is).
**21.00 Britain's Next Top Model** (1:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að nýrri ofurfyrirsætu. Tólf stelpur hafa verið valdar til að taka þátt í keppninni.
**21.50 How to Look Good Naked** (1:8) Tískulöggan Carson Kressley úr Queer Eye hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að hata líkama sinn. Í fyrsta þættinum hjálpar Carson tveimur systrum.
**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (15:59)
**23.10 Leverage** (11:13) (e)
**00.00 Flashpoint** (13:13) (e)
**00.50 Opposite Sex: Jamie's Story** (1:1) (e)
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir ræðir um málefni borgarinnar.
**20.30 Íslands safarí** Akeem R. Oppong ræðir um málefni innflytjenda á Íslandi.
**21.00 Mér finnst** Þáttur í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.55

**The Closer**

Fjórða sería þessara hörkuspennandi lögregluþátta um Brendu Leigh Johnson sem leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Vitið og viðkvæmnin (Sence and Sensibility)

**Sjónvarpið kl. 21.05**

Vitið og viðkvæmnin er breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Jane Austen. Þetta er sagan af hremmingum ekkjunnar Dashwood og þriggja dætra hennar eftir að kemur á daginn að sonur mannsins hennar af fyrra hjónabandi erfir allar eignir hans og þar með sveitasetur fjölskyldunnar. Ekkjan leigir hús í Devonskíri af ættingja sínum og flyst þangað með dætur sínar og mikið kapp er lagt á að finna þeim efnileg og efnuð mannsefni. Með aðalhlutverk fara Hattie Morahan, Charity Wakefield, Janet McTeer, David Morrissey, Dan Stevens og Dominic Cooper.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin - heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Söngvamál
**15.03** Útvarpssagan: Sumar í Sóltúni
**15.25** Með flugu í höfðinu
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Fólk og fræði
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Listin breytir heiminum, listin viðheldur óbreyttu ástandi
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (222:260)
**17.15 Hollyoaks** (223:260)
**17.40 X-Files** (18:24)
**18.25 Seinfeld** (5:24)
**18.45 Hollyoaks** (222:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**19.15 Hollyoaks** (223:260)
**19.40 Grey's Anatomy** (23:24)
**20.25 Seinfeld** (5:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**21.40 Aliens in America** (8:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja, ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck-fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristin og sambúðin gengur því ekki alltaf hnökralaust fyrir sig.
**22.05 Bones** (17:26) Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman í starfinu en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphaf þáttanna og stóra spurningin verið sú hvort þau komi nokkurn tímann til með að enda sem par.
**22.50 Little Britain** (2:6)
**23.20 My Name Is Earl** (14:22)
**23.50 X-Files** (18:24)
**00.35 Sjáðu**
**01.05 Grey's Anatomy** (23:24)
**01.50 Aliens in America** (8:18)
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.10** Jonathan Creek **11.00** Jonathan Creek **11.50** Blackadder II **12.20** The Weakest Link **13.05** EastEnders **13.35** My Hero **14.05** My Hero **14.35** Blackadder II **15.05** Jonathan Creek **15.55** Jonathan Creek **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** Blackadder II **19.00** Coupling **19.30** Coupling **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** My Hero **21.20** Blackadder II **21.50** Jonathan Creek **22.40** Jonathan Creek **23.30** Coupling

## DR 1

**11.00** Fra bondeson til NATO-chef **11.30** Onskehaven **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Til dans, til vands og i luften **15.50** Sallies historier **16.00** Koste hvad det vil **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Husker du - Highlights fra 1960'erne **18.00** Soren Ryge præsenterer **18.30** Diagnose soges **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** SommerVejret **19.40** Coco Chanel **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Höök **22.15** Seinfeld

## NRK 1

**10.00** VM sandvolleyball **12.00** Wimbledon direkte og VM sandvolleyball **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Didrik og Dorte **16.20** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.36** Mamma Mirabelle viser dyregåter **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** 4-4-2 **18.20** Vikinglotto **18.25** 4-4-2 **19.30** Sommeråpent **20.20** Sporlost forsvunnet **21.00** Kveldsnytt **21.15** VM sandvolleyball. Hoydepunkter fra dagen **21.30** Vår aktive hjerne **22.00** Texas Rangers **23.30** Du skal hore mye jukeboks

## SVT 1

**10.30** Tre strecktjejer **11.00** Älskar dig för evigt? **12.05** Målaren på Moulin Rouge **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hedebyborna **15.50** Så såg vi sommaren då **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Namnam med Noman **16.45** 100 procent bonde **17.15** Jan och kronhjortskalven **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.50** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** Eufori på Skansen **20.15** Entourage **20.45** Simma lugnt, Larry! **21.15** Draknästet **22.15** Sommarkväll med Anne Lundberg **23.15** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er nýi kebab-staðurinn Ali Baba við Hallærisplanið. Kebab-staðurinn sem var hérna fyrir var alveg óhæfur. Það er gott að fá svona vel ætt kebab hér á landi. Þarna er líka góð þjónusta og rosalega almennilegt starfsfólk."*

Hafdís Hreiðarsdóttir, söngkona Dýrðarinnar.

# Jörundur fastráðinn í Borgarleikhúsið

Jörundur Ragnarsson leikari hefur ráðið sig til tveggja ára hjá Borgarleikhúsinu. „Það leggst bara æðislega vel í mig," segir Jörundur. „Borgarleikhúsið er að gera góða hluti, fram undan eru frábær verkefni og ótrúlega spennandi vetur. Ég hlakka mikið til."

Fyrsta verk Jörundar verður að leika í Heima er best, nýju írsku verki eftir Enda Walsh sem Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir. Aðrir leikarar eru Þröstur Leó Gunnarsson, Dóra Jóhannsdóttir og Gói, Guðjón Davíð Karlsson. Verkið fjallar um feðga sem sviðsetja fortíðina til að flýja raunveruleikann.

„Mig var farið að langa svolítið að leika meira í leikhúsi. Mig langaði að fá að prófa þetta að vera á samningi og leika og leika. Þetta er svo allt öðruvísi en að vera í bíói. Maður hefur náttúrlega verið í leikhúsi áður en ég hlakka til að fá að vinna með sama hópnum í einhvern tíma. Það er skemmtilegt fólk að vinna þarna."

Þrjú ár eru síðan Jörundur útskrifaðist úr Listaháskólanum. Hann hefur aldrei verið á samningi áður, en hefur unnið talsvert í kvikmyndum og sjónvarpi, svo sem Næturog Dagvaktinni og kvikmyndunum Veðramótum, Reykjavík Rotterdam og Astrópíu. Hann sér ekki eftir lausamennskunni og segir starfið ekki hindra að hann sjáist í bíómyndum og þáttum næstu árin. Jörundur er nú við tökur á kvikmyndinni Bjarnfreðarson. **- kbs**



**KOMINN Í LEIKHÚSIÐ AFTUR** Jörundur fer á samning í fyrsta skipti á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT 2.** innsigli, **6.** mannþyrping, **8.** drulla, **9.** borg, **11.** slá, **12.** blístur, **14.** ríki í Vestur-Afríku, **16.** í röð, **17.** taug, **18.** ennþá, **20.** vörumerki, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT 1.** þurft, **3.** samtök, **4.** háttprúður, **5.** bar, **7.** fíkinn, **10.** mánuður, **13.** þangað til, **15.** svara, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. lakk, 6. ós, 8. aur, 9. róm, 11. rá, 12. flaut, 14. gínea, 16. hí, 17. sin, 18. enn, 20. ss, 21. snúa. **LÓÐRÉTT:** 1. þörf, 3. aa, 4. kurteis, 5. krá, 7. sólginn, 10. maí, 13. uns, 15. ansa, 16. hes, 19. nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Eikarsund.
2. Geir Sveinsson.
3. 3-2.






EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON: LEIKUR Í ROCKY HORROR PICTURE SHOW

# Skjólstæðingur Bubba leikur vöðvatröll á Akureyri

„Ég hélt eiginlega að það væri verið að grínast í mér þegar þau hringdu. Ég hló bara," segir Eyþór Ingi Gunnlaugsson söngvari. Eyþór hefur verið ráðinn í hlutverk Rockys í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á Rocky Horror Picture Show næsta vetur. Rocky er hinn fullkomni karlmaður sem Frank N Furter skapar og sprangar hálfber um sviðið í sýningunni. Eyþór skilur alveg hvernig leikhúsfólk á Akureyri sá hann fyrir sér í hlutverkinu. „Ég hlýt að sjá mig eitthvað í röngu ljósi. Ætli ég verði ekki að fara að pumpa," segir hann hress í bragði.

Eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá fer Magnús Jónsson með aðalhlutverkið í sýningunni, leikur sjálfan Frank N Furter, og Andrea Gylfadóttir er tónlistarstjóri sýningarinnar. Leikstjóri er Jón Gunnar Þórðarson.

Hið siðprúða par Brad og Janet verður leikið af Atla Þór Albertssyni og Jönu Maríu Guðmundsdóttur og Bryndís Ásmundsdóttir mun leika þjónustustúlku Frank N Furter. Þá leikur Jóhann G. Jóhannsson Riff Raff og Guðmundur Ólafson leikur Dr. Scott. Stefnt er því að frumsýna söngleikinn í mars á næsta ári.

Eyþór Ingi er frá Dalvík og segist alltaf hafa haft áhuga á leiklist. Hann hafi komið fram í sýningum í heimabænum og eitthvað stigið á svið hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann kveðst því spenntur fyrir því að leika í Rocky Horror. „Þetta verður örugglega mjög skemmtilegt og þetta hlutverk er mjög spes... þetta verður áhugavert," segir hann.

Rúmt ár er nú liðið síðan Eyþór Ingi sigraði í Bandinu hans Bubba, raunveruleikaþætti Bubba Morthens sem sýndur var á Stöð 2. Fyrir utan það að syngja á nokkrum böllum með Stuðmönnum hefur hann alls ekki haft sig mikið í frammi á tónlistarsviðinu. Eyþór segir að hann hyggist bæta úr því á næstunni. „Það er eitthvað á leiðinni frá mér. Svo verður að koma í ljós hvort þjóðin vill heyra tónlistina mína."

**hdm@frettabladid.is**



### ROCKY HORROR Á AKUREYRI

Eyþór Ingi úr bandinu hans Bubba leikur Rocky í söngleiknum Rocky Horror Picture Show á Akureyri næsta vetur. Magnús Jónsson fer með aðalhlutverkið og nýtur dyggrar aðstoðar þeirra Jönu Maríu Guðmundsdóttur og Bryndísar Ásmundsdóttur.







## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tökur á kvikmynd Þorsteins Gunnars Bjarnasonar, með þeim **Ladda** og Stefáni Karli Stefánssyni hófust á sunnudag. Tökuliðið var statt í Keflavík í gær en um er að ræða fyrstu kvikmynd Þorsteins í fullri lengd. Myndin lýsir degi í lífi manns þar sem allt fer öðruvísi en gert var ráð fyrir.



Íslenskir netverjar hafa keppst um að mæra furðufuglinn Michael Jackson sem lést á fimmtudaginn úr hjartaáfalli. Einn sker sig þó óneitanlega úr þeim hópi því eldklerkurinn í Krossinum, **Gunnar Þorsteinsson**, viðurkennir að hann og Mikjáll hafi aldrei átt skap saman. Gunnar heldur því reyndar fram að hann þekki ekki eitt einasta lag með poppguðinum frá Ameríku.



Tilkynnt var í gær hverjir hefðu sótt um Þjóðleikhússtjórastöðuna. Þeir eru alls tíu og kemur þar fátt á óvart. Margir höfðu spáð því að **Kolbrún Halldórsdóttir** og Þórhildur Þorleifsdóttir yrðu á meðal umsækjanda og þær eru báðar meðal hinna tíu. Þá hafði verið skrafað og skrifað um að Magnús Ragnarsson, fyrrum sjónvarpsstjóri Skjás eins, og Ari Matthíasson yrðu meðal umsækjenda og það reyndist einnig vera rétt til getið.



Rétt er síðan að geta þess að sölu á The Silver, geli þeirra **Björgvins Páls Gústavssonar** og Loga Geirssonar, hefur verið frestað þar til 6. júlí. Fram kemur á heimasíðu gelsins, thesilver.is, að vegna mikillar eftirspurnar hafi þeir félagar neyðst til að grípa til þessa ráðs enda vilji þeir ekki að einlægir aðdáendur þeirra komi að tómum kofanum. **- fgg**






# Íslenskt forrit á heimsmarkað

Jón Eðvald Vignisson stofnaði, ásamt nokkrum félögum sínum, lítið hugbúnaðarfyrirtæki, fyrir einu og hálfu ári. Í dag vinna tólf manns hjá fyrirtækinu og stefnt er með afraksturinn, Clöru, á erlendan markað næsta haust.

Clara er tölvukerfi sem safnar saman umfjöllun af netinu og greinir hvað fólk er að tala um á hverjum tíma og hvað því finnst. „Við leggjum áherslu á það að okkar kúnnar geti séð með fljótlegum hætti hvað fólk er að segja um þeirra vörumerki og jafnvel samkeppnisaðila, í raun hvað sem er sem þeim dettur í hug að leita að. Til þess notum við textagreiningarkerfi sem hefur verið þróað af okkur og öðrum. Þessu er svo safnað í gríðarlega stóran gagnagrunn," segir Jón Eðvald.



**FRUMKVÖÐULL** Jón Eðvald kynnir Clöru, nýjan og brautryðjandi hugbúnað. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hingað til hafa íslensk fyrirtæki í fjármálageiranum helst nýtt sér þjónustuna, en fljótlega verður sett á markað minni útgáfa, ætluð smærri aðilum. „Þá getur í raun hver sem hefur einhverra hagsmuna að gæta fylgst með hvað er í gangi."

Fyrirtækið samanstendur af fólki úr bankageiranum, atvinnulífinu og háskólunum. Eru þau að mala gull? „Það tekur smá tíma, því fyrstu skrefin snúast um að þróa vöruna, en við erum byrjuð að selja og þetta stefnir allt í rétta átt. Möguleikarnir á markaðnum eru gríðarlegir. Þannig að við erum ekki byrjuð að mala gull, en við sjáum glitta í það aðeins fram í tímann." **- kbs**

# 10.000 gestir hafa heimsótt okkur!

Allir miðar sem keyptir eru í dag á aðeins 2900kr í síma 527-1000 og á midi.is




**"...Besta sviðsetning Grease til þessa.."**
PBB/Fréttabl.

★★★★
PBB/Fréttabl.

"Grease er í einu orði sagt **DÚNDUR SHOW** sem hrífur áhorfendur frá fyrstu stundu með leikgleði og æskuþokka"
JVJ/DV

"Kraftmikil og fjörug sýning"
I.Þ/Mbl.

★★★★
JVJ/DV




Þrjár Aukasýningar í júlí

## Sýningar í júní og júlí:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 9. júní kl. 20.00 | UPPSELT | 20. júní kl. 16.00 | UPPSELT | 2. júlí kl. 20.00 | Örfá sæti laus |
| 10. júní kl. 20.00 | UPPSELT | 21. júní kl. 16.00 | UPPSELT | 10. júlí kl. 20.00 | Nokkur sæti laus |
| 11. júní kl. 20.00 | UPPSELT | 26. júní kl. 20.00 | UPPSELT | 16. júlí kl. 20.00 | AUKASÝNING |
| 12. júní kl. 20.00 | UPPSELT | 27. júní kl. 20.00 | UPPSELT | 19. júlí kl. 16.00 | LAUS SÆTI |
| 13. júní kl. 20.00 | UPPSELT | 28. júní kl. 16.00 | UPPSELT | 23. júlí kl. 20.00 | AUKASÝNING |
| 14. júní kl. 16.00 | UPPSELT | 1. júlí kl. 20.00 | Örfá sæti laus | 26. júlí kl. 16.00 | AUKASÝNING |

Egils Appelsín

www.loftkastalinn.is

miðasala: 527-1000

Loftkastalinn

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
www.europris.is



BAKÞANKAR
Kolbeins
Óttarssonar Proppé

# Hámarkslaunin

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku.“

**SVO** hljóðaði þingsályktunartillaga sem kom fram á Alþingi árið 1979. Fyrir þrjátíu árum ræddu menn það í alvöru að setja lög á Íslandi sem bönnuðu meiri launamun en tvöfaldan. Flutningsmenn voru ekki af verri endanum; Stefán Jónsson alþingismaður og útvarpsmaður, Helgi Seljan, Jónas Árnason, Kjartan Ólafsson og Ólafur Ragnar Grímsson.

**ÞRÁTT** fyrir að sá síðastnefndi hafi síðar snúið til starfa þar sem hann þáði – og þiggur enn – vel tvöföld verkamannalaun, er þessi tillaga um margt merkileg. Kannski þarf engan að undra að hún kom frá vinstri væng stjórnmálanna; allt voru þetta þingmenn Alþýðubandalagsins. Og auðvitað var hún felld. Við lestur Alþingistíðinda kemur hins vegar í ljós að aðrir þingmenn litu ekki á þetta sem dellu í veruleikafirrtum vinstrimönnum. Þvert á móti ræddu margir þetta málefnalega; þetta væri erfitt í framkvæmd, hvernig ætluðu menn að skipa einkafyrirtækjum fyrir og svo framvegis.

**ÞRJÁTÍU** ár eru liðin og aftur liggur fyrir þingi tillaga um að handstýra launum. Nú eru það ríkisstarfsmenn sem mega ekki vera hærra launaðir en forsætisráðherra. Í millitíðinni margfaldaðist launamunur hér á landi, það varð lenska að meta fólk eftir mánaðarlaunum og finna þurfti upp nýtt orð fyrir hæstu launin; ofurlaun hétu þau.

**ÁBYRGÐIN** var það sem ætíð var vísað til, launin urðu að stigmagnast með einhverri óskilgreindri ábyrgð upp í hæstu hæðir. Eitthvað minna hefur þó farið fyrir þessari ábyrgð að undanförnu. En athyglisvert er að Stebbi á löppinni og meðflutningsmenn hans vísuðu einnig til ábyrgðar í sinni tillögu. Þeir vildu hafa kerfið líkt hlutakerfi á sjónum, þar sem skipstjórinn ber mestu ábyrgðina og hlýtur því hæst launin. Tvöfalt hærri laun en sá lægst launaði; hásetinn.

**VEL** má vera að lög um hámarkslaunamun séu dæmi um forræðishyggju. Af einhverjum ástæðum hugnast manni þau þó betur en sá hundrað- eða þúsundfaldi launamunur sem kynti undir geðveikinni hér fyrir skemmstu.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 1. júlí, 182. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.06 | 13.31 | 23.55 |
| Akureyri | 1.59 | 13.16 | 0.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Útsala

40%

afsláttur af öllum vörum




ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

herra GARÐURINN
–klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS HUGO SAND strellson Van Gils gardeur CANALI PAL ZILERI FINUCCI bugatti LLOYD eterna Polo Ralph Lauren

